

ÍBÚAKÖNNUN Á ÍSLANDI

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri

Vífill Karlsson

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skýrsla SSV
Nr. 1 2018
Maí 2018

ISSN 1670-7923



SSV
þróun og ráðgjöf

EFNISYFIRLIT

1	Samantekt.....	8
2	Inngangur	10
3	Aðferð og gögn.....	10
3.1	Aðferðir í úrvinnslu innan hvers landshluta	13
3.2	Aðferðir í samanburði á milli allra landshluta.....	15
4	Niðurstöður íbúakannana á 19 landsvæðum	16
4.1	Almenn velferð íbúanna, ánægja þeirra og framtíðaráform	16
4.1.1	Aðferð: Meðaltöl og frávik afstöðu kvenna, ungra og þeirra sem búa í sveit.....	16
4.1.2	Hamingja.....	17
4.1.3	Ánægja með sveitarfélagið og landshlutann	18
4.2	Vinnumarkaður	22
4.3	Búsetuskilyrði	28
4.3.1	Stöðugreining.....	28
4.3.2	Temagreining.....	50
4.3.2.1	Reykjanesbær	51
4.3.2.2	Grindavíkurbær	54
4.3.2.3	Sandgerði.....	58
4.3.2.4	Sveitarfélagið Garður.....	61
4.3.2.5	Sveitarfélagið Vogar	64
4.3.2.6	Akranes og Hvalfjörður.....	67
4.3.2.7	Borgarfjarðarsvæði	70
4.3.2.8	Snæfellsnes	73
4.3.2.9	Dalir	76
4.3.2.10	Strandir og Reykhólar.....	79
4.3.2.11	Sunnanverðir Vestfirðir	82
4.3.2.12	Norðanverðir Vestfirðir	85
4.3.2.13	V-Húnavatnssýsla.....	88
4.3.2.14	A-Húnavatnssýsla.....	91
4.3.2.15	Skagafjarðarsýsla.....	94
4.3.2.16	Árnessýsla.....	97
4.3.2.17	Rangárvallasýsla	100
4.3.2.18	Vestmannaeyjar	103
4.3.2.19	Skaftafellssýslur	106

5	Stöðu- og mikilvægisgreining.....	109
5.1	Heimilin	111
5.2	Innviðir.....	115
5.3	Ríkið	119
5.4	Samfélagið.....	123
5.5	Sveitarfélagið.....	127
5.6	Samantekt	131
5.6.1	Heildareinkunnir landshluta	131
5.6.2	Reykjanesbær	134
5.6.3	Grindavíkurbær	135
5.6.4	Sandgerði.....	137
5.6.5	Sveitarfélagið Garður.....	138
5.6.6	Sveitarfélagið Vogar	139
5.6.7	Akranes og Hvalfjörður.....	140
5.6.8	Borgarfjarðarsvæði	142
5.6.9	Snæfellsnes	143
5.6.10	Dalir	144
5.6.11	Strandir og Reykhólar	146
5.6.12	Sunnanverðir Vestfirðir.....	147
5.6.13	Norðanverðir Vestfirðir.....	148
5.6.14	V-Húnavatnssýsla.....	150
5.6.15	A-Húnavatnssýsla	151
5.6.16	Skagafjarðarsýsla	152
5.6.17	Árnessýsla	153
5.6.18	Rangárvallasýsla.....	155
5.6.19	Vestmannaeyjabær.....	156
5.6.20	Skaftafellssýslur.....	157
6	Viðauki	159
6.1	Merkingar búsetuþátta, skilgreiningar og flokkun	159
6.2	Skilgreining landsvæða	160
6.3	Spurningar könnunarinnar.....	161
6.4	Stærð úrtaks með tilliti til þýðis	162
7	Heimildaskrá	163

MYNDIR

Mynd 1: Landshlutar könnunarinnar - Svæðaskipting.....	11
Mynd 2: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd.....	14
Mynd 3: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd.....	15
Mynd 4: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.....	16
Mynd 5: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.....	17
Mynd 6: Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins þar sem þú býrð?.....	18
Mynd 7: Telur þú, almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa í landshlutanum?	19
Mynd 8: Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá landshlutanum á næstu tveimur árum?	20
Mynd 9: Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar (í kílómetrum talið, u.þ.b.)?	22
Mynd 10: Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi?	23
Mynd 11: Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda?.....	24
Mynd 12: Hver er menntun þín?	25
Mynd 13: Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á sl. tveimur árum?	26
Mynd 14: Hvert er starfshlutfall þitt?	27
Mynd 15: Afþreying - staðan	28
Mynd 16: Aldraðir - staðan	29
Mynd 17: Almenningsamgöngur - staðan.....	30
Mynd 18: Atvinnulausir - staðan	30
Mynd 19: Atvinnurekstur - staðan.....	31
Mynd 20: Atvinnuúrval - staðan	31
Mynd 21: Atvinnuöryggi - staðan	32
Mynd 22: Barnafólk - staðan	32
Mynd 23: Bókasöfn - staðan	33
Mynd 24: Elliheimili - staðan	33
Mynd 25: Farsími - staðan.....	34
Mynd 26: Fatlaðir - staðan	34
Mynd 27: Félagsheimili - staðan	35
Mynd 28: Fjárhagsvandi - staðan	35
Mynd 29: Framfærsla - staðan.....	36
Mynd 30: Framhaldsskóli - staðan.....	36
Mynd 31: Framhaldsskóli gæði - staðan.....	37
Mynd 32: Friðsæld - staðan	37
Mynd 33: Grunnskóli - staðan.....	38
Mynd 34: Háskóli - staðan	38
Mynd 35: Heilsugæsla - staðan.....	39
Mynd 36: Internet - staðan.....	39
Mynd 37: Íbúðir - staðan.....	40
Mynd 38: Íþróttir - staðan	40
Mynd 39: Launatekjur - staðan	41
Mynd 40: Leiguíbúðir - staðan.....	41
Mynd 41: Leikskóli - staðan.....	42
Mynd 42: Mannlíf - staðan.....	42
Mynd 43: Menning - staðan.....	43

Mynd 44: Náttúra - staðan.....	43
Mynd 45: Skipulagsmál - staðan	44
Mynd 46: Tónlistarskóli - staðan.....	44
Mynd 47: Umferð - staðan.....	45
Mynd 48: Unglingastarf - staðan.....	45
Mynd 49: Útlendingar - staðan	46
Mynd 50: Vegakerfi - staðan.....	46
Mynd 51: Vöruúrval - staðan.....	47
Mynd 52: Vöruverð - staðan	47
Mynd 53: Örugg umferð - staðan.....	48
Mynd 54: Öryggi - staðan.....	48
Mynd 55: Heimilin á Borgarfjarðarsvæði 2016.....	50
Mynd 56: Heimilin í Reykjanesbæ 2016.....	52
Mynd 57: Innviðir í Reykjanesbæ 2016.....	52
Mynd 58: Ríkið í Reykjanesbæ 2016.....	53
Mynd 59: Samfélagið í Reykjanesbæ 2016.....	53
Mynd 60: Sveitarfélagið Reykjanesbær 2016.....	54
Mynd 61: Heimilin í Grindavíkurbæ 2016.....	55
Mynd 62: Innviðir í Grindavíkurbæ 2016.....	55
Mynd 63: Ríkið í Grindavíkurbæ 2016.....	56
Mynd 64: Samfélagið í Grindavíkurbæ 2016	56
Mynd 65: Sveitarfélagið Grindavíkurbær 2016.....	57
Mynd 66: Heimilin í Sandgerði 2016	58
Mynd 67: Innviðir í Sandgerði 2016	59
Mynd 68: Ríkið í Sandgerði 2016	59
Mynd 69: Samfélagið í Sandgerði 2016.....	60
Mynd 70: Sveitarfélagið Sandgerði 2016	60
Mynd 71: Heimilin í Sveitarfélaginu Garði 2016.....	61
Mynd 72: Innviðir í Sveitarfélaginu Garði 2016.....	62
Mynd 73: Ríkið í Sveitarfélaginu Garði 2016.....	62
Mynd 74: Samfélagið í Sveitarfélaginu Garði 2016	63
Mynd 75: Sveitarfélagið Garður 2016	63
Mynd 76: Heimilin í Sveitarfélaginu Vogum 2016	64
Mynd 77: Innviðir í Sveitarfélaginu Vogum 2016.....	65
Mynd 78: Ríkið í Sveitarfélaginu Vogum 2016	65
Mynd 79: Samfélagið í Sveitarfélaginu Vogum 2016.....	66
Mynd 80: Sveitarfélagið Vogar 2016.....	66
Mynd 81: Heimilin á Akranesi og í Hvalfirði 2017	67
Mynd 82: Innviðir á Akranesi og í Hvalfirði 2017	68
Mynd 83: Ríkið á Akranesi og í Hvalfirði 2017	68
Mynd 84: Samfélagið á Akranesi og í Hvalfirði 2017	69
Mynd 85: Sveitarfélögin á Akranesi og í Hvalfirði 2017	69
Mynd 86: Heimilin Á Borgarfjarðarsvæði 2016.....	70
Mynd 87: Innviðir á Borgarfjarðarsvæði 2016.....	71
Mynd 88: Ríkið á Borgarfjarðarsvæði 2016.....	71
Mynd 89: Samfélagið á Borgarfjarðarsvæði 2016	72
Mynd 90: Sveitarfélagið á Borgarfjarðarsvæði 2016	72

Mynd 91: Heimilin á Snæfellsnesi 2017	73
Mynd 92: Innviðir á Snæfellsnesi 2017	74
Mynd 93: Ríkið á Snæfellsnesi 2017	74
Mynd 94: Samfélagið á Snæfellsnesi 2017.....	75
Mynd 95: Sveitarfélögin á Snæfellsnesi 2017	75
Mynd 96: Heimilin í Dölum 2017	76
Mynd 97: Innviðir í Dölum 2017	77
Mynd 98: Ríkið í Dölum 2017	77
Mynd 99: Samfélagið í Dölum 2017.....	78
Mynd 100: Sveitarfélagið í Dölum 2017	78
Mynd 101: Heimilin á Ströndum og Reykhólum 2017	79
Mynd 102: Innviðir á Ströndum og Reykhólum 2017	80
Mynd 103: Ríkið á Ströndum og Reykhólum 2017	80
Mynd 104: Samfélagið á Ströndum og Reykhólum 2017	81
Mynd 105: Sveitarfélögin á Ströndum og Reykhólum 2017	81
Mynd 106: Heimilin á sunnanverðum Vestfjörðum 2017.....	82
Mynd 107: Innviðir á sunnanverðum Vestfjörðum 2017.....	83
Mynd 108: Ríkið á sunnanverðum Vestfjörðum 2017.....	83
Mynd 109: Samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum 2017.....	84
Mynd 110: Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum 2017.....	84
Mynd 111: Heimilin á norðanverðum Vestfjörðum 2017	85
Mynd 112: Innviðir á norðanverðum Vestfjörðum 2017	86
Mynd 113: Ríkið á norðanverðum Vestfjörðum 2017.....	86
Mynd 114: Samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum 2017.....	87
Mynd 115: Sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum 2017	87
Mynd 116: Heimilin í V-Húnavatnssýslu 2016.....	88
Mynd 117: Innviðir í V-Húnavatnssýslu 2016	89
Mynd 118: Ríkið í V-Húnavatnssýslu 2016	89
Mynd 119: Samfélagið í V-Húnavatnssýslu 2016	90
Mynd 120: Sveitarfélögin í V-Húnavatnssýslu 2016	90
Mynd 121: Heimilin í A-Húnavatnssýslu 2016.....	91
Mynd 122: Innviðir í A-Húnavatnssýslu 2016.....	92
Mynd 123: Ríkið í A-Húnavatnssýslu 2016.....	92
Mynd 124: Samfélagið í A-Húnavatnssýslu 2016.....	93
Mynd 125: Sveitarfélögin í A-Húnavatnssýslu 2016	93
Mynd 126: Heimilin í Skagafjarðarsýslu 2016.....	94
Mynd 127: Innviðir í Skagafjarðarsýslu 2016.....	95
Mynd 128: Ríkið í Skagafjarðarsýslu 2016.....	95
Mynd 129: Samfélagið í Skagafjarðarsýslu 2016.....	96
Mynd 130: Sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu 2016.....	96
Mynd 131: Heimilin í Árnessýslu 2017.....	97
Mynd 132: Innviðir í Árnessýslu 2017.....	98
Mynd 133: Ríkið í Árnessýslu 2017.....	98
Mynd 134: Samfélagið í Árnessýslu 2017	99
Mynd 135: Sveitarfélögin í Árnessýslu 2017.....	99
Mynd 136: Heimilin í Rangárvallasýslu 2017	100
Mynd 137: Innviðir í Rangárvallasýslu 2017	101

Mynd 138: Ríkið í Rangárvallasýslu 2017	101
Mynd 139: Samfélagið í Rangárvallasýslu 2017	102
Mynd 140: Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu 2017	102
Mynd 141: Heimilin í Vestmannaeyjum 2017.....	103
Mynd 142: Innviðir í Vestmannaeyjum 2017.....	104
Mynd 143: Ríkið í Vestmannaeyjum 2017	104
Mynd 144: Samfélagið í Vestmannaeyjum 2017.....	105
Mynd 145: Sveitarfélagið Vestmannaeyjabær 2017	105
Mynd 146: Heimilin í Skaftafellssýslum 2017.....	106
Mynd 147: Innviðir í Skaftafellssýslum 2017.....	107
Mynd 148: Ríkið í Skaftafellssýslum 2017.....	107
Mynd 149: Samfélagið í Skaftafellssýslum 2017.....	108
Mynd 150: Sveitarfélögin í Skaftafellssýslum 2017.....	108
Mynd 151: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - dæmi.....	109
Mynd 152: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða atvinnuúrvals – dæmi með lituðum fjórðungum.	110
Mynd 153: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnurekstur.	111
Mynd 154: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnuúrval.....	111
Mynd 155: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnuöryggi.	112
Mynd 156: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - fjárhagsvandi.	112
Mynd 157: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – framfærsla.....	113
Mynd 158: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - launatekjur.	113
Mynd 159: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – vöruúrval.....	114
Mynd 160: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - vöruverð.	114
Mynd 161: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íbúðir til sölu.....	115
Mynd 162: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íbúðir til leigu.	115
Mynd 163: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – náttúra.	116
Mynd 164: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – nettengingar.....	116
Mynd 165: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – umferð.	117
Mynd 166: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – vegakerfi.	117
Mynd 167: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – örugg umferð.	118
Mynd 168: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – öryggi.	118
Mynd 169: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – almenningssamgöngur.	119
Mynd 170: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – atvinnulausir.....	119
Mynd 171: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – elliheimili.....	120
Mynd 172: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – farsími.....	120
Mynd 173: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – framhaldsskólar.....	121
Mynd 174: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – framhaldsskóli gæði.....	121
Mynd 175: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – háskólar.....	122
Mynd 176: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – heilsugæsla.	122
Mynd 177: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – afþreying.....	123
Mynd 178: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – aldraðir.....	123
Mynd 179: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – barnafólk.....	124
Mynd 180: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – friðsæld.	124
Mynd 181: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – mannlíf.....	125
Mynd 182: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – menning.	125
Mynd 183: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – unglingastarf.	126

Mynd 184: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – útlendingar.	126
Mynd 185: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – bókasöfn.....	127
Mynd 186: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – fatlaðir.	127
Mynd 187: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – félagsheimili.	128
Mynd 188: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – grunnskóli.	128
Mynd 189: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íþróttir.	129
Mynd 190: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – leikskóli.	129
Mynd 191: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skipulagsmál.	130
Mynd 192: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – tónlistarskólar.	130

TÖFLUR

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara	12
Tafla 2: Heildareinkunn fyrir búsetuskilyrði og innbyrðis röð í landfræðilegri frávíkagreiningu	131
Tafla 3: Búsetuskilyrðaflokkar, landsvæði og árangur í landfræðilegum samanburði.....	132
Tafla 4: Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra.	159
Tafla 5: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.	160
Tafla 6: Stærð úrtak og þýðis.....	162

1 SAMANTEKT

ALMENN VELFERÐ ÍBÚANNA, ÁNÆGJA ÞEIRRA OG FRAMTÍÐARÁFORM

- Íbúar Voga á Vatnsleysuströnd voru hamingjusamastir samkvæmt niðurstöðu íbúakönnunarinnar, þá Grindvíkingar og íbúar í Rangárvallasýslum. Ekki var stór munur á milli landsvæðanna í afstöðu þeirra til hamingjunnar, eða 8,2%. Almennt var yngri fólk óhamingjusamara en það eldra en yfirleitt var lítill munur á hamingjustigi kynjanna.
- Ánægja var mest með sveitarfélögin á Akranesi og í Hvalfirði, Grindvíkurbæ og á norðanverðum Vestfjörðum. Í því sveitarfélagi, þar sem ánægjan var mest, var hún 17% meiri en þar sem hún var minnst. Ekki var mikill munur á afstöðu kynjanna að þessu leyti þegar horft var til landsvæðanna 19 en unga fólkið var heldur neikvæðara í garð sinna sveitarfélaga en þeir sem búa í sveitum.
- Íbúar á norðanverðum Vestfjörðum voru ánægðastir með að búa í sínum landshluta, síðan íbúar á Akranesi og í Hvalfirði og Rangárvallasýslum. Aftur var munurinn á afstöðunni ógreinilegur eftir kynferði þátttakenda og jafnvel aldri eða hvort þeir bjuggu í sveitum eða þéttbýli. Ánægjan með norðanverða Vestfirði var 12% meiri en hjá íbúum þess landsvæðis þar sem óánægjan var mest.
- Líkurnar á að íbúar flytjist á brott á næstu tveimur árum eru minnstar á Akranesi og í Hvalfirði og næst minnstar í Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Líkurnar á að íbúi flytjist frá Akranesi og Hvalfirði eru 17,5% minni en á því landsvæði þar sem hún er mest. Á flestum landsvæðum er unga fólkið lang líklegast til að flytja. Fólk í sveitum sagðist vera frekar ólíklegra til að flytja en það sem býr í þéttbýli.

VINNUMARKAÐUR

- Sé horft til meðaltala svæðanna þá er mikill munur á stærð vinnusóknarsvæðanna með tilliti til radíuss eða rétt tæplega 300% munur, þar sem hann er minnstur í kringum 10 kílómetrar (sem er sennilega ofmat) en stærstur tæplega 40 kílómetrar.
- Vísbendingar fyrir stöðu mannauðs eru misjafnar milli landshlutanna. Munur á starfsreynslu eða starfsaldri íbúanna er um 50% á milli þess svæðis þar sem hann er lægstur og þess þar sem hann er hæstur. Svipuð niðurstaða kom út þegar spurt var út í það hversu lengi menn höfðu starfað hjá sama atvinnurekanda. Þegar horft var til menntunar kom í ljós að munurinn á milli landshluta er heldur minni hlutfallslega en í starfsaldri, eða 37%. Þá var aftur meiri munur þegar horft var til sí- og endurmenntunar, eða 61%.
- Ekki var mikill munur í atvinnuþátttöku á milli landsvæðanna 19, eða 11%, enda atvinnuástand gott víðast hvar um þessar mundir.

BÚSETUSKILYRÐI Á LANDSBYGGÐUNUM - STAÐAN

- Íbúðamarkaðurinn, vöru- og þjónustumarkaðurinn og vegamál brunnu helst á þátttakendum og fengu lökustu umsögn þegar spurt var um stöðu 40 þátta er tengjast búsetuskilyrðum. Námsmöguleikar á háskólastigi voru nærri þessum þremur.
- Mestur var munurinn á umsögn milli landsvæðanna er varðar ánægju með heilsugæslu en einnig vöruverð og vegakerfi.

- Af þessu þrennu var ánægjan mest með heilsugæsluna en síst með vöruverð.
- Ánægjan var mest með heilsugæsluna í V-Húnavatnssýslu, Dölum og á Akranesi og í Hvalfirði en óánægjan er mest í Sandgerði, Vestmannaeyjum og Garði.
- Óánægjan var mest með vöruverðið í Dölum, sunnanverðum Vestfjörðum og Rangárvallasýslu. Mest var ánægjan með vöruverðið á Akranesi og í Hvalfirði, Vestmannaeyjum og Borgarfirði.
- Minnstur var munurinn á umsögn milli landsvæðanna er varðar þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, fólk með börn og útlendinga.
 - Þegar á heildina er litið voru íbúar frekar óánægðir með þjónustu við fólk í fjárhagsvanda en hvorki né er varðar þjónustu við útlendinga en frekar ánægðir með þjónustu við barnafólk.
- Samantekt á stöðu búsetuskilyrðanna milli landsvæða eftir temum þar sem búsetuskilyrðin voru flokkuð í fimm flokka, heimilin, innviði, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið, er að finna inni í skýrslunni (kafla 4.3.2).

BÚSETUSKILYRÐI Á LANDSBYGGÐUNUM – STAÐAN OG MIKILVÆGI

- Þegar horft var búsetuskilyrðanna 40 og vegin var umsögn um þau bæði hvað stöðuna varðar og mikilvægi þeirra fyrir áframhaldandi búsetu íbúanna kom í ljós að Skagafjarðarsýsla fær hagstæðustu niðurstöðuna. Akranes og Hvalfjörður kom síðan fast á hæla henni en Vestmannaeyjar lentu í þriðja sæti á þessum kvarða. Skagafjarðarsýsla fékk 77% hærri einkunn en það landsvæði sem fékk lægstu einkunnina. Heildstæðari samantekt á útkomu allra landsvæðanna 19, sem tóku þátt, má finna aftur í þessu hefti (kafla 5.6). Það er einskonar lokasamantekt og á að ná utan um alla mikilvægustu þætti könnunarinnar.

2 INNGANGUR

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2004 gert íbúakönnun á þriggja ára fresti til að kanna viðhorf íbúa landshlutans til ýmissa mikilvægra mála og hvort sú afstaða taki breytingum frá einu ári til annars. Könnuninni er einnig ætlað að vera innlegg í rannsóknir á búferlaflutningum og vinnumarkaði á Vesturlandi og munu gögnin geta nýst í frekari rannsóknir á því sviði.

Eftir allnokkuð þróunarferli, sem lesa má um í inngangi skýrslunnar fyrir Vesturland (Vífill Karlsson, 2017, bls. 8-7) , var ákveðið að bjóða öðrum landshlutum að vera með. Það þáðu Suðurland, Reykjanes, Vestfirðir og Norðurland vestra og er þessi skýrsla samantekt og samanburður á þessum landsvæðum.

Meginmarkmið könnunarinnar var að draga fram afstöðu íbúa einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu búsetuskilyrða heimilanna. Auk þess var grennslast fyrir um hvort fólk íhugaði brottflutning og ánægju þess með að búa á viðkomandi stöðum, svo eitthvað sé nefnt.

Í skýrslunni er annars gerð bæði nokkuð hefðbundin grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, eins og t.a.m. í súluritum, ásamt óhefðbundinni samanburðartölfræði sem útskýrð verður sérstaklega undir hverjum kafla.

Í næsta kafla verður greint frá vinnsluferli könnunarinnar og bakgrunni, aðferðum og úrvinnslu. Síðan eru þrír mismunandi greiningarkaflar. Sá fyrsti er um almenna líðan og ánægju íbúanna með búsetu í viðkomandi landshlutum ásamt sérstakri greiningu fyrir vinnumarkað þessara landshluta. Annar hlutinn er samanburðargreining á stöðu búsetuskilyrða landshlutanna. Sá þriðji er samanburður á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða landshlutanna. Í viðauka er síðan ýmislegt að finna til stuðnings greiningunum, eins og t.a.m. flokkun búsetuskilyrða og nafnastyttingar, spurningalisti könnunarinnar í heild og skilgreining landsvæða eftir sveitarfélögum.


Skýrslan var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundur hennar er Vífill Karlsson. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) safnaði netföngum eftir úrtakslista frá Þjóðskrá. Anna Soffía Víkingsdóttir fór fyrir því verkefni hjá RHA. Prófarkalestur var í höndum Jóns Ásgeirs Sigurvinssonar. Er þeim öllum þakkað samstarfið.

3 AÐFERÐ OG GÖGN

Spurningakönnun, sem var netkönnun, var lögð fyrir íbúa allra þessara landshluta, en þó í fimm aðskildum aðgerðum: 1) Fengið var slembiúrtak meðal íbúa landshlutanna úr Þjóðskrá. 2) Hringt var í hópinn og honum boðið að taka þátt. Jákvæðir voru beðnir um netfang en þeim sem ekki vildu svara með þeim hætti var boðið upp á póstkönnun. 3) Síðan var könnunin send út, ýmist með tölvupósti eða hefðbundinni póstsendingu. Síðan var þátttakendum vefkönnunarinnar send áminning í tvígang. 4) Svör með hefðbundnum póstsendingum voru sett saman við þau svör sem komu um vefkönnun. 5) Úrvinnsla.

Í fyrri könnunum, sem hafa bara verið gerðar á Vesturlandi, var því skipt upp í fjögur mismunandi svæði: Fyrst voru Akranes og Hvalfjarðarsveit sett saman í eitt svæði, svo Borgarbyggð og Skorradalshreppur, næst sveitarfélögin á Snæfellsnesi og að síðustu var Dalabyggð í einu svæði.

Með hliðsjón af þessari reynslu af Vesturlandi fengu aðstæður innan hvers landshluta, sem metnar voru af hverju atvinnuþróunarfélagi eða landshlutasamtökum, að ráða því hvernig þau voru brotin upp. Stundum samanstóðu þau af einu sveitarfélagi og stundum fleirum. Skilgreiningarnar má finna í viðauka, kafla 6.2.



Mynd 1: Landshlutar könnunarinnar - Svæðaskipting

Kannanirnar voru framkvæmdar fyrir hvern landshluta fyrir sig. Fyrir Suðurnes, Norðurland vestra og Vesturland haustið 2016 en Suðurland og Vestfirði haustið 2017. Spurningalistarnir voru eins fyrir alla landshluta en boðið var upp á 2–3 aukaspurningar fyrir hvern landshluta ef þess var óskað. Við framkvæmdina haustið 2016 var stuðst við úrtaksviðmið Veal (2006) en þó með mikilli varúð. Ákveðið var í samráði við RHA að gera mun strangari kröfur til úrtaks árið 2017 í ljósi reynslunnar frá árinu 2016. Hún var sú að ekki næst í nema u.þ.b. 78% þeirra sem eru á úrtakslista þegar hringt er. Þá samþykkir u.þ.b. helmingur að taka þátt í könnuninni og gefur upp netfang eða heimilisfang. Af þeim svarar eingöngu helmingur könnuninni á endanum. Út frá þessari reynslu var úrtakið reiknað árið 2017. Reyndar er úrtaksstærð fyrir Suðurnes, Vesturland og Norðurland vestra líka reiknuð miðað við þá reglu í töflunni hér (Tafla 1). Af þeim sökum verður svarhlutfallið víða frekar lágt (Dálkur lengst til hægri, Tafla 1). Hins vegar er svörun á flestum svæðum frekar góð þegar miðað er við úrtaksreglu Veal (2006) eins og sjá má í viðauka hér aftarlega í skýrslunni. Það sést t.a.m. á því að þessi stranga regla, sem sett var 2017, krefst þess í sumum tilvikum (Dalir, Strandir og Reykhólar, V-Húnavatnssýsla, Sveitarfélagið Vogar) að allt þýðið lendi í úrtakinu. Þó hefðu svörin á fjölmennustu svæðum Suðurnesja mátt vera meiri.

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara

LH*	Svæði	Íbúar, fjöldi	Íbúar 18 ára og eldri	Úrtak	Besti fjöldi svara	Fjöldi svara	Svarhlutfall (af úrtaki)
SN	Reykjanesbær	15.233	11.340	1.017	380	223	22%
SN	Grindavíkurbær	3.126	2.244	1.054	340	221	21%
SN	Sandgerði	1.577	1.175	917	320	186	20%
SN	Sveitarfélagið Garður	1.425	1.062	964	320	206	21%
SN	Sveitarfélagið Vogar	1.148	838	838	300	170	20%
VL	Akranes og Hvalfjörður	7.530	5.505	1.322	360	359	27%
VL	Borgarfjarðar-svæðið	3.690	2.797	1.444	350	385	27%
VL	Snæfellsnes	3.955	2.984	1.096	350	297	27%
VL	Dalir	665	514	514	220	156	30%
VF	Norðanverðir Vestfirðir	4.702	3.637	1.766	344	629	36%
VF	Sunnanverðir Vestfirðir	1.266	966	966	273	233	24%
VF	Strandir og Reykhólar	902	694	694	246	219	32%
NV	V-Húnavatnssýsla	1.160	909	909	270	286	31%
NV	A-Húnavatnssýsla	1.866	1.398	1.119	310	302	27%
NV	Skagafjarðarsýsla	4.102	3.139	1.227	340	327	27%
SL	Árnessýsla	16.467	12.570	1.479	369	532	36%
SL	Rangárvallasýsla	3.545	2.771	1.268	334	415	33%
SL	Vestmannaeyjar	4.292	3.332	1.391	341	435	31%
SL	Skaftafellssýslur	3.224	2.571	1.120	331	368	33%
	Samtals	79.875	60.446	21.105	6.098	5.949	
*Skýring: LH (landhluti) er Suðurnes (SN), Vesturland (VL), Vestfirðir (VF), Norðurland vestra (NV) og Suðurland (SL)							

Metinn var besti fjöldi svara til þess að meðaltöl endurspegluðu afstöðu þýðisins m.v. 5% marktektarkröfu. Þau mörk lágu á flestum svæðum í 300 eða rúmlega það nema á þeim allra fámennustu. Þetta mark náðist á flestum stöðum mjög vel en ekki alls staðar þegar horft er til svæðanna (Tafla 1). Þess ber þó að geta að fjöldi í þessari könnun hefur stundum verið minni á hverju svæði – sérstaklega á meðan þetta voru póstkannanir – og hefur reynslan sýnt að mikilvægara er að stuðst sé við tilviljunarkennt úrtak eins og hér var gert en að nákvæmlega nægjanlegur fjöldi náist (Vífill Karlsson, 2016). Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að mikil umræða er um það hversu góð viðmið, eins og marktektarkrafa, eru í raun og veru innan tölfræðinnar (Gelman & Geurts, 2017; Gelman & Loken, 2014). Í könnuninni bárust 6115 svör í allt en 5.949 sem rekja mátti til landsvæða (Tafla 1). Það gekk ekki í öllum tilvikum því sumir þátttakendur gáfu ekki upp hvar þeir byggju.

Skipting þátttakenda eftir kyni var ásættanleg þegar hún var borin saman við hina raunverulegu dreifingu á viðkomandi svæðum en mun síðri þegar horft var til uppruna (Íslendingur/útlendingur) og aldurs. Þátttaka útlendinga hefði alveg getað verið meiri sem og yngsta aldurshópsins (18-25 ára) og þess elsta (65 ára og eldri). Þennan veikleika skal hafa í huga við túlkun svara. Þó má segja að hluti af þátttökuleysi útlendinga og ungra sé ákveðinn skortur á samkennd¹ innan viðkomandi hóps. Þrátt fyrir veikleikana má segja að svörin endurspegli viðhorf

¹ Hér er átt við þá tilfinningu að tilheyra samfélaginu, vera hluti af því, hafa áhuga á að móta það og vilja gera sig gildandi. Það er þekkt að ungt fólk á þessum aldri er skráð á sínu æskuheimili en er í rauninni búsett

á viðkomandi svæðum með viðunandi hætti eða gefi í það minnsta mikilvægar vísbendingar sem vert er að horfa til. Ekki var talin sérstök ástæða til að vigta niðurstöður m.v. aldursdreifingu, kyn og uppruna. Sú ákvörðun var borin undir aðra sérfræðinga í skoðanakannanagerð.

3.1 AÐFERÐIR Í ÚRVINNSLU INNAN HVERS LANDSHLUTA


Niðurstöður könnunarinnar hafa nú verið sendar hverjum landshluta og ýmist hafa þeir unnið sjálfir eða fengið aðstoð við að vinna samanburð innan hans sem hér segir. Niðurstöður er snerta búsetuskilyrði voru settar fram myndrænt (Mynd 2) þannig að á lóðréttan ásnúm er staða búsetuþátta en mikilvægi fyrir áframhaldandi búsetu á láréttan ásnúm². Til þess að framsetning yrði skýrari var ákveðið að stækka upp þann hluta af myndinni þar sem búsetuþættirnir lentu.

Niðurstöður könnunarinnar er varðar búsetuskilyrði byggir á tveimur lokuðum spurningum þar sem fyrst var spurt: „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“ Síðan voru tilgreindir 40 mismunandi þættir (Tafla 4) og þátttakendur beðnir um að velja á milli *mjög gott, frekar gott, hvorki/né, frekar slæmt og mjög slæmt*. Næst var spurt: „Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svaraðu hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“ Þá gátu þátttakendur valið á milli *mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu og mjög litlu*. Á grundvelli þessara svara voru reiknaðar út tvær meðaleinkunnir sem gátu verið á bilinu 1 til 5, ein fyrir stöðu og önnur fyrir mikilvægi þeirra þátta sem við köllum búsetuskilyrði hér. Meðaleinkunnirnar tvær, fyrir hvern þátt, voru síðan efniviðurinn í þá greiningarmynd sem dregin er upp fyrir viðkomandi landshluta allan sem svo var brotinn upp eftir landsvæði sérstaklega³. Þar sem hærri einkunn stóð fyrir góða stöðu og mikið mikilvægi var best að lenda á svæðinu hægra megin efst – þeim mun nær horninu efst til hægri, því betra (Mynd 2). Þeir þættir sem lentu á svæðinu hægra megin neðst í myndinni voru í verstri stöðu - þeim mun nær horninu neðst til hægri, því verra.

annars staðar vegna náms eða vinnu og er í rauninni með hugann við aðra hluti en samfélagsmál – einkum því sem snýr að því sveitarfélagi sem það ólst upp í. Margir útlendingar hugsa sér búsetu sína tímabundna og hafa ekki svo mikinn áhuga á samfélagsmálum þess staðar þar sem þeir búa fyrr en eftir ákveðinn tíma í nýja landinu og/eða eftir að hafa stofnað fjölskyldu. Þá er tungumálið líka hindrun til að byrja með því jafnvel þó könnunin sé nú lögð fyrir á ensku og pólsku þá þarf að skilja íslensku til að kynnast stöðu mála í nærsamfélagi viðkomandi. Þetta er trúlega algengara á svæðum sem hafa fleiri útlendinga hingað komna vegna starfa í ferðaþjónustu og jafnvel iðn frekar en sjávarútvegi eða umönnunarstörfum. Það er vegna þess að vöxtur í ferðaþjónustu og ýmsum iðngreinum er nýtilkomnari en í hinum greinum og því líklegra að þar sé fólk frekar nýkomið og jafnvel yngra og líti frekar á það sem ævintýri að fara til Íslands til að vinna fremur en að það sé komið hingað til frambúðar um leið og það lendir.

² Reiknuð voru út meðaltöl svaranna fyrir stöðu og mikilvægi hvers búsetuskilyrðis og niðurstöðurnar settar inn í punktari. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1–5. Þeim mun hærri sem hún er, þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

³ Landsvæði hvers landshluta voru ýmist 3, 4 eða 5. Algengast var að landshluti væri brotinn upp í fernt.



Mynd 2: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd


Samanburður á milli kannana (ef könnun hefur verið framkvæmd oftari en einu sinni sem átti bara við Vesturland að þessu sinni) hefur verið unninn þannig að fundin er breyting (frávik) þessara einkunnna á milli ára og myndræn framsetning er svipuð. Frávik, F , er fundið með því að draga meðaleinkunn fyrri könnunar, $\bar{E}_i$, frá meðaleinkunn núverandi könnunar, $\bar{E}_t$.

$$F = \bar{E}_t - \bar{E}_i.$$

Ef þetta frávik er jákvæð tala þá hefur staða batnað og/eða mikilvægi aukist á milli kannana en versnað eða dregið úr þeim ef talan er neikvæð.

Niðurstöðunum er stillt upp í línuriti (Mynd 3) þar sem breytingin á stöðu og mikilvægi þáttanna er að finna á ásunum. Þarna er um núllpunkt að ræða þar sem ásarnir skerast. Hægra megin við stöðuásinn hefur því mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana en dregið úr því til vinstri. Að sama skapi hefur staða þáttanna batnað á milli kannana ef þeir eru fyrir ofan ás mikilvægis en versnað ef þeir eru fyrir neðan.

Bestu þróunina er því að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana og staðan batnað. Verstu þróunina er hins vegar að finna í myndinni hægra megin neðst þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað.



Mynd 3: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða – skýringarmynd

Sú nýlunda var gerð í þetta skiptið að reiknuð var forgangskennitala úrvinnslu könnunarinnar. Hún var reiknuð þannig að fundin var einföld samtala af mikilvægis-einkunninni. Síðan var hún dregin frá tölunni 6. Með þessu fékkst því há tala ef mikilvægið var „mikið“ og staðan „slæm“. Ef staðan var „best“ gaf það einkunnina 5 en varð 1 ef hún var dregin frá 6. Ef staðan var „verst“ var einkunnin 1 en breyttist í 5 ef hún var dregin frá 6 í þessum útreikningi. Þannig gat forgangseinkunnin orðið lægst 2 en hæst 10 og þar með mikilvægast að ráðast í aðgerðir á búsetuskilyrðum með sem hæsta einkunn þar sem staðan var „verst“ og mikilvægi „mest“ og því kölluð forgangskennitala.

Niðurstöður annarra spurninga í íbúakönnuninni voru settar fram á hefðbundinn hátt með súluritum. Þær ættu því að skýra sig að mestu leyti sjálfar.

3.2 AÐFERÐIR Í SAMANBURÐI Á MILLI ALLRA LANDSHLUTA

Í þessari skýrslu er hins vegar ætlunin að bera saman alla þessa 19 landshluta og verður þá annars konar aðferðum beitt sem þó eru byggðar á sama grunni. Útskýringar og lýsingar á þeim verða hafðar fremst í hverjum kafla og er því vísað alfarið til þeirra hér.


4 NIÐURSTÖÐUR ÍBÚAKANNANA Á 19 LANDSVÆÐUM

Í þessum kafla verða settar fram súluritsmyndir fyrir ýmsum spurningum skoðanakönnunarinnar öðrum en þeim sem lutu að búsetuskilyrðunum 40. Farið verður yfir þau í næstu tveimur köflum. Hér verður greint frá niðurstöðum er varða hvort þátttakendur hyggist flytja brott, hvort þeir séu á heildina litið ánægðir með að búa í landshlutanum, hamingju þeirra og stöðu á vinnumarkaði.

4.1 ALMENN VELFERÐ ÍBÚANNA, ÁNÆGJA ÞEIRRA OG FRAMTÍÐARÁFORM

4.1.1 AÐFERÐ: MEÐALTÖL OG FRÁVIK AFSTÖÐU KVENNA, UNGRA OG ÞEIRRA SEM BÚA Í SVEIT

Hér verður gerð grein fyrir aðferðum kaflans. Framsetning gagnanna í þessum kafla er með súluritum. Síðan er þeim raðað eftir stærð þannig að sú stærsta, eða besta útkoman, er lengst til vinstri og versta lengst til hægri. Síðan er afstaða fáeinna hópa dregin sérstaklega út. Það eru svör kvenna (einkennd með rauðum punkti), ungs fólks (einkennd með ljósbláum tígli) og þeirra sem búa í dreifbýli (einkennd með svörtu þverstriki). Öll gildin eru meðaltöl svaranna. Þessi framsetning gefur færi á að sjá hvort og hvernig afstaða kvenna, ungs fólks og þeirra sem búa í dreifbýli sé ólík öllum íbúum að jafnaði.




Mynd 4: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10

Konur og ungt fólk er skoðað sérstaklega hér vegna þess að komið hefur fram í einni rannsókn, (Vífill Karlsson, 2013) og reyndar fleirum, að þessir hópar séu sérstaklega rokgjarnir en jafnframt geti brottflutningur þeirra dregið allnokkurn dilk á eftir sér er frá líður. Þá er sveitin einnig dregin þarna fram þar sem hún hefur átt undir högg að sækja víða um land um langt árabíll (Vífill Karlsson, 2015). Þó var öllum meðaltölum sleppt ef á bak við þau voru færri svör en 8 – sem gat verið í tilfelli fólks í dreifbýli Vestmannaeyja, Grindavíkurbæjar og fleiri sambærilegra samfélaga.

4.1.2 HAMINGJA

Í könnuninni var spurt út í hamingju þátttakenda. Þarna er „hamingjufræðunum“ svokölluðu fylgt eftir sem byggja í raun á kenningu Mills (2011) um nytjahyggju. Í hagfræði er talið að neytendur séu stöðugt að taka ákvarðanir um þetta og hitt í sínu lífi í þeirri viðleitni sinni að hámarka hamingju⁴ sína – sem á vissan hátt er aðaltakmark einstaklingsins (Varian, 1992). Þó svo að þessi forsenda hagfræðinnar hafi oft verið gagnrýnd þá má segja að mikill tími einstaklinga fari í vangaveltur um hamingjuna og hvernig megi auka hana.

Þátttakendur voru sem sagt spurðir að því hversu hamingjusamir þeir væru á skalanum 1 til 10. Skalin var útskýrður þannig að fólk gat ekki verið óhamingjusamara þegar það valdi einn og 10 ef það gat ekki verið hamingjusamara.



Mynd 5: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.

Skali lóðrétt ássins á bilinu 5 til 9.

Þegar niðurstöðurnar voru teknar saman fyrir landshlutana 19 og raðað frá þeim hæsta til hins lægsta kom í ljós að íbúar Voganna voru hamingjusamastir, þá Grindvíkingar og íbúar í Rangárvallasýslum. Verst kom sveitarfélagið Garður út úr þessum samanburði. (Mynd 5)

Almennt gildi, því miður, um niðurstöður könnunarinnar að yngstu þátttakendurnir (einkum 18-24 ára) voru mun óhamingjusamari en aðrir aldurshópar. Hér átti þetta sérstaklega við um Dalina, sunnanverða Vestfirði, Strandir og Reykhóla en einnig Akranes og Hvalfjörð, Sveitarfélagið Voga og Garð. Ungu fólkið kom hins vegar best út í Skagafjarðarsýslu, Reykjanesbæ, á Borgarfjarðarsvæði, í V-Húnavatnssýslu og jafnvel Vestmannaeyjum og Rangárvallasýslu.


⁴ Hér er reyndar talað um nytjar í hagfræðinni en oft lagt að jöfnu við hamingju.

Konur voru yfirleitt jafnhamingjusamar og karlar eða hamingjusamari sem er mjög góð niðurstaða fyrir þessi landsvæði en þær fara oft fyrir bylgju brottflutnings (Vífill Karlsson, 2013). Það var helst að konur á Ströndum og Reykhólum ásamt Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum kæmu ögn verr út en karlar í þessum samanburði en það er sáralítil munur og ómarktækur nema hjá Vestmannaeyjum sem stóðst 10% marktektarkröfu.

Þegar fólk í dreifbýli var skoðað kom enginn verulegur munur fram nema helst sá að á Akranesi og í Hvalfirði virtist það lítið eitt óhamingjusamara sem og í Árnessýslu, Dölum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Hins vegar var það mun hamingjusamara á Snæfellsnesi og einkum í Sandgerði.

4.1.3 ÁNÆGJA MEÐ SVEITARFÉLAGIÐ OG LANDSHLUTANN

Áhugi var á að draga fram almennt viðhorf íbúanna til sveitarfélagsins. Þess vegna var spurt „Á heildina lítið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?“. Þarna gátu þátttakendur merkt við sjö mismunandi reiti: 1) Að öllu leyti jákvætt, 2) Mjög jákvætt, 3) Frekar jákvætt, 4) Hvorki né, 5) Frekar neikvætt, 6) Mjög neikvætt, 7) Að öllu leyti neikvætt. Reiknað var út meðaltal þar sem svör þátttakenda fengu tölulega einkunn líka þeirri sem stendur við upptalninguna hér að framan. Þannig gat einkunnin mest orðið 7 en minnst 1. Best var því að fá 7 en verst 1. Til þess að sjá betur muninn á milli svæða í myndinni (Mynd 6), einkum þegar horft er til ungs fólks, kvenna og þeirra sem búa í sveitum, var lóðrétti ásinn, sem er þá í rauninni á bilinu 1 til 7, hafður á bilinu 3 til 6.



Mynd 6: Á heildina lítið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins þar sem þú býrð?
Skalin 1 til 7 en lóðrétti ásinn 3 til 6.


Niðurstaðan var sú að jákvæðastir voru íbúar Akraness og Hvalfjarðar, þá Grindavíkurbæjar og norðanverðra Vestfjarða en neikvæðastir á Borgarfjarðarsvæði (Mynd 6). Afstaða unga fólksins var yfirleitt ekki í stórum dráttum frábrugðin afstöðu annarra aldurshópa nema kannski helst á

sunnanverðum Vestfjörðum og á Borgarfjarðarsvæði þar sem hún var mun neikvæðari. Yfirleitt var hún þó lítið eitt verri, nema í Grindvíkurbæ og Sandgerði þar sem hún var lítið eitt jákvæðari.

Þá var afstaða kvenna yfirleitt sú sama og karla eða jákvæðari. Þar var munurinn mestur á sunnanverðum Vestfjörðum, á Borgarfjarðarsvæðinu, í Vogum og lítið eitt á Akranesi og Hvalfirði, í V-Húnavatnssýslu og á Snæfellsnesi.

Afstaða fólks í sveitum var hins vegar til jafns við aðra eða töluvert neikvæðari. Þar var munurinn mestur á norðanverðum Vestfjörðum, í Vogum, á sunnanverðum Vestfjörðum og á Borgarfjarðarsvæðinu. Þá var þessi afstaða íbúa dreifbýlisins lítið eitt neikvæðari en annarra á Akranesi og Hvalfirði, í V-Húnavallasýslu, á Snæfellsnesi og í Skagafjarðarsýslu.

Tilraun var gerð til að víkka út sjónarhorn íbúanna til ánægju þeirra með staðhætti og annað er stuðlar að vellíðan þeirra á staðnum og spyrja: „*Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa í landshlutanum?*“⁵. Þarna gátu þátttakendur valið á milli: 1) Mjög slæmt, 2) Frekar slæmt, 3) Hvorki gott né slæmt, 4) Frekar gott, 5) Mjög gott. Reiknuð var út meðaleinkunn á grundvelli talnanna sem standa við valmöguleikana og gat hún því verið á milli 1 og 5. Best var hún fyrir landshlutann 5 en verst 1. Ákveðið var að láta lóðrétt á sinn í myndrænni framsetningu (Mynd 7) vera á bilinu 3 til 5 til þess að gera hana greinilegri.



Mynd 7: Telur þú, almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa í landshlutanum?


Skallinn 1 til 5 en lóðrétti á sinn 3 til 5.

Í þessum samanburði fengu norðanverðir Vestfirðir bestu umsögnina, þá Akranes og Hvalfjörður og Rangárvallasýsla var í þriðja sæti ofan frá. Þá fékk A-Húnavatnssýsla sístu umsögnina. (Mynd 7)

⁵ Reyndar var landshlutinn tilgreindur með nafni í hverju tilviki fyrir sig.

Eins og í spurningunni að framan voru konur ýmist sammála eða heldur jákvæðari en karlar. Sérstaklega jákvæðar voru þær á Snæfellsnesi og í sveitarfélaginu Garði. Ungu fólkið var yfirleitt sammála fólki á öðrum aldursskeiðum. Helst var það neikvæðara á Borgarfjarðarsvæðinu og sunnanverðum Vestfjörðum. Fólk í dreifbýli var líka yfirleitt sammála þéttbýlisbúum þessara 19 landsvæða. Þó eru það dreifbýlisbúar V-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Dala og jafnvel Rangarvallasýslu sem voru heldur óánægðari með að búa í sínum landshluta en þéttbýlisbúarnir. Á tveimur landsvæðum voru þeir ánægðari – þ.e. í Sandgerði og á Akranesi og Hvalfirði. Athygli vekur að sveitafólk á Akranesi og Hvalfirði er ánægðara en þorpararnir í þessari spurningu en voru heldur neikvæðari þegar spurt var hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þátttakenda væri til sveitarfélagsins sem þeir bjuggu í eins og fjallað var um hér á undan (Mynd 6). Ekki er gott að segja til um í hverju munurinn getur legið.

Enn ein birtingarmynd þess hvort fólk er óánægt eða ófullnægt í þeim byggðum, þar sem það býr, eru hugrenningar og/eða áform um hvort fólk hyggist flytja brott eða ekki. Þess vegna var spurt „Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vesturlandi á næstu tveimur árum?“⁶. Þarna var þátttakendum boðið upp á að velja á milli: 1) Mjög ólíklegt, 2) Frekar ólíklegt, 3) Frekar líklegt, 5) Mjög líklegt. Reiknuð var út meðaleinkunn á grundvelli talnanna sem standa við valmöguleikanna og gat því verið á milli 1 og 4. Hér er 1 best fyrir landshlutann en 4 verst. Lóðrétti ásinn í greiningarmyndinni var samt bara hafður á bilinu 1 til 2,5 til þess að hafa hana greinilegri (Mynd 8).



Mynd 8: Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá landshlutanum á næstu tveimur árum?

Skalinn hér er 1 til 4 en lóðrétti ásinn á bilinu 1 til 2,5.

⁶ Enn og aftur var orðinu Vesturland breytt í Vestfirði, Norðurland vestra, Suðurland eða Suðurnes allt eftir því hvar könnunin var framkvæmd hverju sinni.

Í þessari mynd er verra að vera á hærri súlu og þess vegna raðast þær frá þeirri minnstu (vinstra megin) til hinnar stærstu (hægra megin). Augljóst verður því að Akranes og Hvalfjörður komu best út úr þessum samanburði, þá Rangárvallasýsla og Árnessýsla. A-Húnavatnssýsla kom hins vegar verst út úr þessum samanburði. Hér skal þó varað við oftúlkun þessara talna því brottflutningur er aðeins önnur hliðin á flutningsjöfnuðinum⁷ því ekki er neinn spurður um hvort hann hyggist flytja til þessara landshluta enda þeir eingöngu spurðir sem búa þar fyrir. Það ber sérstaklega að hafa í huga þegar niðurstaða bæði Borgarfjarðarsvæðis og Reykjanesbæjar eru skoðaðar því þar eru háskólastofnanir með fjölda nemenda og þeir dvelja gjarnan stutt en eru oft skráðir íbúar. Þá er atvinnulíf mismunandi eftir landshlutum en sveiflur í sjávarútvegi hér áður fyrr gerðu það að verkum að meiri hreyfing var á íbúum í sjávarbyggðum en hefðbundnum landbúnaðarhémuðum. Þetta er ekki eins áberandi eftir að kvótakerfið kom til en á kannski frekar við um ferðaþjónustuna í dag – en þó aðallega vegna þess hversu stutt starfsfólk stoppar við í störfum þar⁸.

Konur voru yfirleitt sammála körlum í afstöðu sinni gagnvart því hvort þær hygðust flytja á næstu tveimur árum. Það er góðs viti. Helst voru þær líklegri en karlar til að flytja frá Ströndum og Reykhólum, Grindavík og norðanverðum Vestfjörðum. Ólíklegri en karlar virtust þær vera á sunnanverðum Vestfjörðum.

Unga fólkið er mun líklegra til að flytja samkvæmt þessari spurningu heldur en eldra fólk. Þó það sé óheppileg tilhneiging að mörgu leyti (því unga fólkið er heilsuhraustasti aldurshópurinn, með mestu sköpunargleðina, vinnusamasti og sá líklegasti til að eignast börn) þá er þetta algerlega í samræmi við kenningar hagfræðinnar að þessu leyti (Sjaastad, 1962) og er útskýrt og sett í víðara samhengi annar staðar (Vífill Karlsson, 2012, bls. 66-67). Þessi frávik voru þó einna mest á Borgarfjarðarsvæði, í Dölunum, á norðanverðum Vestfjörðum, í Sveitarfélaginu Vogum og á Akranesi og Hvalfirði þegar þetta frávik var reiknað hlutfallslega og fimm efstu talin upp í stærðarröð. Þetta frávik var mest 47% og minnst 1,6%.

Á heildina litið virðast íbúar dreifbýlis þessara 19 landshluta svara því til að þeir séu ólíklegri til að flytja heldur en aðrir íbúar. Langólíklegastir, í samanburði við aðra íbúa, voru þeir til að flytja frá Sandgerðisbæ, A-Húnavatnssýslu, Akranesi og Hvalfirði og Vogunum. Þeir mældust hins vegar líklegri til að flytja frá Garði og Snæfellsnesi. Þessi niðurstaða er athyglisverð fyrir Snæfellsnes því þar reyndust íbúar dreifbýlisins hamingjusamari en aðrir íbúar.


⁷ Flutningsjöfnuður er hér fjöldi þeirra sem flytur brott af viðkomandi landsvæði á móti þeim sem flytja til þess. Líka kallað hreinir búferlaflutningar.

⁸ Það staðfestu gögnin. Meðalstarfsaldur í fiskveiðum var 20,7 ár, fiskvinnsla 13,7 og hótél og veitingasala 7,5. Meðalstarfsaldur hjá sama atvinnurekanda var 14,7 í fiskveiðum, 10,9 í fiskvinnslu en 7,2 í hótél og veitingum.

4.2 VINNUMARKAÐUR

Hér verða gögn yfir nokkrar spurningar íbúakönnunarinnar sem tengjast vinnumarkaðnum sett fram á formi sem notað hefur verið fyrr í skýrslunni. Þetta eru spurningar sem gefa vísbendingar fyrir víðfeðmi vinnusóknarsvæðisins, stöðu mannauðsins eða færni vinnuaflsins og síðan atvinnuþátttöku eða hversu mikið starfshlutfall menn hafa í sínum störfum.

Umfjöllunin hefst á víðfeðmi vinnusóknarsvæðisins. Spurt var um fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar og var um opna spurningu að ræða þannig að þátttakendur gátu valið tölu að vild í kílómetrum talið. Að jafnaði var þetta á bilinu 10-35 kílómetrar, minnst í Vestmannaeyjum en mest á Ströndum og Reykhólum (Mynd 9). Mikil breidd er því þarna á milli landshluta. Ýmislegt getur skekkt þessi svör eins og ef um sjómenn var að ræða; þá þótti augljóst að stundum voru þátttakendur að reyna að meta meðalfjarlægðina á milli heimilis og fiskimiðanna en ekki hafnarinnar sem væri kannski eðlilegra í því samhengi því sjómenn eru komnir í vinnuna um leið og þeir eru komnir um borð í bátinn. Þannig að þessum tölum þarf að taka með ákveðnum fyrirvara.



Mynd 9: Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar (í kílómetrum talið, u.þ.b.)?


Konur fara almennt skemmri leið til vinnu en karlar, sem er þekkt mynstur, þó svo heldur dragi úr þessum mun ef marka má þróunina á Vesturlandi (Vífill Karlsson, 2016, bls. 48-49). Þessi munur á milli karla og kvenna er mjög breytilegur á milli landshluta, allt frá því að vera lítill sem enginn í Sveitarfélaginu Vogum yfir í að vera mjög mikill eins og í Grindavíkurbæ.

Engin augljós regla er á því hvort ungt fólk eða fólk sem býr í sveitum fari lengra til vinnu en aðrir íbúar þessara landsvæða. Fólk til sveita þarf væntanlega mjög margt að fara um langan veg til

vinnu á meðan aðrir vinna á bænum og heimilið því nánast á sama stað og vinnustaðurinn. Meðaltalið er því smá blekkjandi hér⁹.

Næst voru settar fram spurningar sem tengjast starfsreynslu í núverandi starfi þátttakenda. Samkvæmt lærdómskúrfunni (McGuigan, Moyer, & Harris, 1999, bls. 335) er starfsreynsla eða starfsaldur vísbending fyrir mannauð atvinnulífsins – einkum færni og framleiðni. Fólk með meiri starfsreynslu er almennt talið skila vandaðri vinnu og á skemmri tíma. Vissulega getur svar við þessari spurningu líka endurspeglað hversu grunnur vinnumarkaðurinn er á tilteknum stað en starfsreynsla, færni og lítil starfsmannavelta er fyrirtækjum mjög mikils virði. Fyrst var spurt um hvað þátttakendur hefðu starfað lengi í viðkomandi starfi (Mynd 10).

Í ljós kom að fólk hafði mestu starfsreynslu og/eða lengstan starfsaldur í Skagafjarðarsýslu, þá V-Húnavatnssýslu og í Dölunum. Skemmst var starfsreynsla þeirra sem búa í Sandgerði.



Mynd 10: Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi?

Konur höfðu almennt minni starfsreynslu en karlar sem getur komið til af því hvort fólk er duglegt að taka sér fæðingarorlof eða er lengi í námi. Nú er það svo að konur eru og hafa verið mun fleiri í háskólanámi en karlar (Vífill Karlsson, 2012, bls. 170) og fæðingarorlof karla hefur lengi verið styttra en kvenna. Í Dölunum gáfu konur hins vegar körlunum ekkert eftir er varðar starfsreynslu í árum talið.


Unga fólkið er eðlilega með minni starfsreynslu en þeir sem eldri eru. Almennt var fólk í sveitum búið að starfa lengur í sínu starfi en fólk í þéttbýli, enda starf bóndans þess eðlis að fólk getur ílengst þar lengi og ekki þarf langa skólagöngu til að hefja búskap.

⁹ Hér hefði verið gott að hafa staðalfrávik með til að sjá breytileika af þessu tagi innan tiltekinna hópa.

Í svona vinnumarkaðsskönnun skiptir fjölbreytni starfsreynslunnar líka máli en ekki var gerð tilraun til þess að meta hana.

Nú er það svo að fólk getur verið til sjós eða kennt við skóla en ekki alltaf hjá sama atvinnurekanda. Starfsmannavelta getur verið fyrirtækjunum dýr en líka verið kostur ef hún verður ekki of mikil. Það er hins vegar heppilegt íbúunum að eiga kost á að velja á milli atvinnurekenda. Til þess að fá betri tilfinningu fyrir starfsmannaveltu var næst spurt: *Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda?* Í ljós kom að sætaröð þriggja efstu landsvæðanna var sú sama og í spurningunni á undan: Skagafjarðarsýsla fyrst, þá V-Hún og Dalirnir í því þriðja (Mynd 11). Sveitarfélagið Vogar vermdi hins vegar neðsta sætið og er nálægðin við hinn stóra og fjölbreytta vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins trúlega nærtækasta skýringin.

Takið eftir því að almennt hefur fólk verið skemur hjá núverandi atvinnurekanda heldur en í núverandi starfi. Það getur m.a. bent til þess að fólk sé síður að vinna sig upp innan fyrirtækja og geri það frekar með því að fara til annars fyrirtækis.




Mynd 11: Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda?

Konur hafa almennt starfað mun skemur en karlar hjá núverandi atvinnurekanda en þarna var munurinn ekki eins mikill og þegar spurt var um hvað hversu lengi þátttakendur höfðu verið í núverandi starfi. Það bendir til að konur sé í raun húsbóndahollari en karlar ef tekið er tillit til starfsaldurs. Aftur kom þetta mynstur fram að fólk til sveita breytir síður til er varðar vinnuveitanda eins og atvinnu.

Næst var spurt um menntun þátttakenda og svörin metin til menntunarstigs. Menntunarstig er einnig vísbending fyrir mannauð og forsendur samfélagsins til að tileinka sér nýjustu tækni, auka framleiðni og halda uppi sérhæfðri þjónustu og framleiðslu. Í könnuninni var spurt: *Hver er*

menntun þín? Þátttakendur gátu síðan merkt við: 1) Grunnskóla- eða gagnfræðapróf, 2) Próf af styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ýmsar styttri starfsnámsbrautir, 3) Próf í iðngrein, 4) Stúdentspróf, 5) Háskólanám (fyrsta háskólagráða), 6) Framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt). Að auki gátu þeir valið um annað í lokin og tilgreint það sérstaklega. Meðaleinkunn var unnin úr þessu svari og það kallað menntunarstig.¹⁰

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var hæsta menntunarstigið í Árnessýslu, þá Rangarvallasýslu og næst í Skagafjarðarsýslu (Mynd 12). Lægst mældist menntunarstigið í Sandgerði, Garði og Döllum. Konur eru almennt menntaðri en karlar. Þá er yngri fólkið með meiri menntun en það eldri sem er alveg í takt við mikla fjölgun fólks í langskólanámi á síðustu árum. Athygli vekur hvað unga fólkið virðist vera mun menntaðra en aðrir íbúar á þeim landsvæðum þar sem menntunarstigið er lægst. Það er góðs viti til framtíðar. Annars staðar er þessi munur ekki eins mikill nema í Reykjanesbæ. Þá virðist menntunarstig vera heldur lægra til sveita en annars staðar.



Mynd 12: Hver er menntun þín?


Í könnuninni var einnig kannað hvort fólk væri almennt duglegt að sækja sér endurmenntun – því formleg og óformleg skólaganga ásamt starfsreynslu er eitt en viðhalds þekkingar og færni er þörf í nútíma samfélagi þar sem tækniþróun er ör. Spurt var: *Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum?* Þarna

¹⁰ Meðaleinkunnin var unnin þannig að grunnskóla- eða gagnfræðapróf fékk 1, próf af styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ýmsar styttri starfsnámsbrautir 1,5, próf í iðngrein 2, stúdentspróf 3, háskólanám (fyrsta háskólagráða) fékk 4 6) Framhaldsnám á háskólastigi 5. Jafnvel þó hver einstaklingur gæti merkt við nokkra eða alla valmöguleikana var hæsta talan látin gilda fyrir hvern aðila vegna þess að hæsta menntastigið byggir á þeim fyrri í lang flestum tilvikum. Síðan var reiknað meðaltal fyrir hvert svæði.

gátu þátttakendur valið á milli: 1) Nei, 2) Já, 1-3 daga, 3) Já, 4-7 daga, 4) Já, meira en 7 daga. Unnið var meðaltal á grundvelli svaranna og kallað símenntunarstig.¹¹

Af niðurstöðunni má ráða að Árnessýsla standi sig aftur best á þessum menntunarkvarða, þá Sveitarfélagið Garður og Strandir og Reykhólar (Mynd 13). Síst var sóknin á Snæfellsnesi, V-Húnavatnssýslu og Grindavíkurbæ.

Konur eru mun duglegri en karlar að sækja sér endurmenntun en unga fólkið yfirleitt síðra en aðrir íbúar. Sama gildir um fólk til sveita þó það sé ekki eins áberandi og hjá ungu fólki. Eðlilegt er að unga fólkið sé í minna mæli að sækja endurmenntun vegna þess að það er flest enn þá að mennta sig til sinna fyrstu skrefa á vinnumarkaði til lengri tíma.




Mynd 13: Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á sl. tveimur árum?

Að síðustu var spurt um starfshlutfall sem er vísbending um atvinnustig og komu þá kunnugleg mynstur fram eins og það að atvinnustig kvenna er lægra en karla (Mynd 14). Þess skal þó getið að atvinnustig kvenna er hvergi hærra en á Íslandi í alþjóðlegum samanburði OECD. Það á reyndar við um karla líka. Íslendingar vinna almennt mikið. Samkvæmt könnuninni er atvinnuþátttaka mest í Skaftafellssýslum, þá Dölum og Vogunum. Síst er hún í Vestmannaeyjabæ.

Athygli vekur hvað unga fólkið er að vinna mikið því flestir eru í námi á þessum aldri. Einhverjir gefa reyndar ekki upp starfshlutfall ef þeir eru í námi og reiknast því ekki inn hér. Lægst er nú starfshlutfall unga fólksins í Reykjanesbæ og á Akranesi og í Hvalfirði borið saman við aðra íbúa landshlutans. Almennt séð er atvinnuþátttaka ungs fólks í borgum lakari en ungs fólks í dreifbýli.

¹¹ Meðaleinkunnin var unnin þannig að nei fékk 0; Já, 1-3 daga fékk 1; Já, 4-7 daga fékk 2; Já, meira en 7 daga fékk 3. Síðan var reiknað meðaltal fyrir hvert svæði og kallað símenntunarstig.

Það er líklegasta skýringin á þessu fráviki í Reykjanesbæ og á Akranesi og í Hvalfirði. Ef það er rétt þá er niðurstaðan fyrir Árnessýslu óvenjugóð.



Mynd 14: Hvert er starfshlutfall þitt?

Nú hefur verið farið yfir þætti sem tengjast stærð vinnumarkaðarins (vinnusóknarsvæði) og nokkrar vísbendingar um mannauð atvinnulífsins og að síðustu atvinnuþátttöku. Sé horft til meðaltala svæðanna þá eru mikill munur á stærð vinnusóknarsvæðanna m.t.t. radíuss, eða rétt tæplega 300% munur, þar sem hann er lægstur í kringum 10 kílómetrar (sem er sennilega ofmat) en hæstur tæplega 40 kílómetrar (Mynd 9).

Vísbendingar um stöðu mannauðs eru misjafnar milli landshlutanna. Munur á starfsreynslu eða starfsaldri íbúanna er um 50% á milli þess svæðis þar sem hann er lægstur og þess þar sem hann er hæstur (Mynd 10). Svipuð niðurstaða kom út þegar spurt var út í það hversu lengi menn höfðu starfað hjá sama atvinnurekanda (Mynd 11). Þegar horft var til menntunar kom í ljós að munurinn á milli landshluta er heldur minni hlutfallslega en í starfsaldri, eða 37% (Mynd 12). Þá var aftur meiri munur þegar horft var til sí- og endurmenntunar, eða 61% (Mynd 13).

Ekki var mikill munur í atvinnuþátttöku á milli svæðanna (Mynd 14), eða 11%, enda atvinnuástand gott víðast hvar um þessar mundir.


4.3 BÚSETUSKILYRÐI

4.3.1 STÖÐUGREINING

Í stöðugreiningunni notum við samskonar líkan og í kaflanum á undan og myndirnar ættu því að tala sínu máli. Hér verður farið yfir alla þá 40 þætti sem heyrðu undir búsetuskilyrði í könnuninum. Við byrjum á þeim sem er fremst í stafrófinu og rekjum okkur í gegnum þá alla í stafrófsröð. Hafi einhver gleymt hvað þessi styttri útgáfa búsetuskilyrðapáttanna stendur fyrir má fletta því upp í viðaukanum (Tafla 4).

Hér er skalinn fyrir einkunn þáttanna (mat þeirra úr könnuninni) hafður allur frá 1 til 5. Það var gert til þess að myndirnar gæfu góða tilfinningu fyrir því hvort skoðun var ólík eða lík eftir landshlutum. Þeim mun brattari sem lína súluritanna er, þeim mun ólíkari var umsögn eða einkunn landshlutanna og aðstaða því mjög breytileg að mati íbúanna. Að sama skapi eru mikil líkindi milli landshlutanna eftir því sem línan myndast.

Rifjað skal upp að ef þátttakandi merkti við *mjög góð* var gefin 5 í einkunn, 4 ef *frekar góð*, 3 ef *hvorki né*, 2 ef *frekar slæm* og 1 ef *mjög slæm*. Meðaltölin má því túlka í samræmi við það.




Mynd 15: Afþreying - staðan


Rifjum líka upp hvernig myndin er lesin og túlkuð en síðan getur lesandinn lesið þær sem á eftir koma og túlkað. Fyrst eru niðurstöðurnar fyrir afþreyingu eða „tækifæri til afþreyingar“ birtar

(Mynd 15). Tafla 4 hefur að geyma lista yfir það hvernig hin einstöku búsetuskilyrði eins og afþreying voru nefnd eða þeim lýst í skoðanakönnuninni. Þar sést fyrst að íbúar á norðanverðum Vestfjörðum eru ánægðastir með þau. Þá eru V-Húnavetningar næst ánægðastir og Vestmannaeyingar í því þriðja. Dalamenn voru óánægðastir.


Konurnar eru yfirleitt sammála körlunum nema hvað að þær eru lítið eitt ánægðari en þeir í V-Hún og óánægðari í Garðinum. Hins vegar er unga fólkið yfirleitt óánægðara en það eldra. Fólk í sveitum er oftast sammála þeim sem búa í þéttbýli. Þó má sjá áberandi frávik eins og í Garðinum þar sem það er mikið ánægðara og á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem það er töluvert óánægðara.




Mynd 16: Aldraðir - staðan




Mynd 17: Almenningssamgöngur - staðan




Mynd 18: Atvinnulausir - staðan




Mynd 19: Atvinnurekstur - staðan




Mynd 20: Atvinnuúrval - staðan




Mynd 21: Atvinnuöryggi - staðan




Mynd 22: Barnafólk - staðan




Mynd 23: Bókasöfn - staðan




Mynd 24: Elliheimili - staðan




Mynd 25: Farsími - staðan




Mynd 26: Fatlaðir - staðan




Mynd 27: Félagsheimili - staðan




Mynd 28: Fjárhagsvandi - staðan




Mynd 29: Framfærsla - staðan




Mynd 30: Framhaldsskóli - staðan




Mynd 31: Framhaldsskóli gæði - staðan




Mynd 32: Friðsæld - staðan




Mynd 33: Grunnskóli - staðan




Mynd 34: Háskóli - staðan




Mynd 35: Heilsugæsla - staðan




Mynd 36: Internet - staðan




Mynd 37: Íbúðir - staðan




Mynd 38: Íþróttir - staðan




Mynd 39: Launatekjur - staðan




Mynd 40: Leiguíbúðir - staðan




Mynd 41: Leikskóli - staðan




Mynd 42: Mannlíf - staðan




Mynd 43: Menning - staðan




Mynd 44: Náttúra - staðan




Mynd 45: Skipulagsmál - staðan




Mynd 46: Tónlistarskóli - staðan




Mynd 47: Umferð - staðan




Mynd 48: Unglingastarf - staðan




Mynd 49: Útlendingar - staðan




Mynd 50: Vegakerfi - staðan




Mynd 51: Vöruúrval - staðan



Mynd 52: Vöruverð - staðan



Mynd 53: Örugg umferð - staðan



Mynd 54: Öryggi - staðan

Við lestur á myndunum hér á undan (Mynd 15 – Mynd 54) stendur eftirfarandi út af þegar horft er til meðaltala allra þátttakenda:

- Íbúðamarkaðurinn, vöru- og þjónustumarkaðurinn og vegamál brunnu helst á þátttakendum og fengu lökustu umsögn þegar spurt var um stöðu 40 þátta er tengjast búsetuskilyrðum. Námsmöguleikar á háskólastigi voru nærri þessum þremur. Sá þáttur sem fékk bestu umsögnina mældist að jafnaði með 154% hærri einkunn en sá sem fékk verstu umsögnina. Ánægðastir voru íbúarnir með þættina nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld og almennt öryggi sé talið frá þeim þætti sem fékk bestu umsögnina.

Um gæði/stöðu sumra búsetuskilyrða var mikill skoðanamunur á milli landsvæðanna en um annað mun minni skoðanamunur. Nærri 500% munur var á milli þess búsetuskilyrðis sem landshlutarnir voru sammála um og þess sem þeir voru verulega ósammála um.


- Mestur munurinn á umsögn milli landsvæðanna var varðandi stöðu þáttanna heilsugæslu, vöruverðs og vegakerfis.
 - Af þessu þrennu var ánægjan að jafnaði mest með heilsugæsluna en síst með vöruverð.
 - Ánægjan var mest með heilsugæsluna í V-Húnavatnssýslu, Dölum og á Akranesi og í Hvalfirði en óánægjan var mest í Sandgerði, Vestmannaeyjum og Garði.
 - Óánægjan var mest með vöruverð í Dölum, sunnanverðum Vestfjörðum og Rangárvallasýslu. Mest var ánægjan með vöruverð á Akranesi og í Hvalfirði, Vestmannaeyjum og Borgarfirði.
- Minnstur var munurinn á umsögn milli landsvæðanna er varðar þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, fólk með börn og útlendinga.
 - Á heildina litið voru íbúar frekar óánægðir með þjónustu við fólk í fjárhagsvanda en hvorki né er varðar þjónustu við útlendinga og frekar ánægðir með þjónustu við barnafólk.

Þessar niðurstöður byggja á því að skoða meðaltölin myndrænt hér að framan og hvernig tröppugangurinn er á súlum myndanna. Til stuðnings myndrænni túlkun voru bæði reiknuð meðaltöl og staðalfrávik á milli landsvæðanna og borin saman.

4.3.2 TEMAGREINING

Greining þessa kafla byggir á líkanið sem hefur verið kennt við radar eða köngulóavef. Það virkar þannig að þeir 40 þættir sem kalla má búsetuskilyrði og spurt var um stöðuna á í könnuninum mátti setja saman í fimm flokka. Þeir voru kallaðir heimilin, innviðir, ríkið, samfélag og sveitarfélag:

- *Heimili:* Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuvef og vöruverð.
- *Innviðir:* Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.
- *Ríkið:* Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.
- *Samfélagið:* Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.
- *Sveitarfélagið:* Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímabætur/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.



Mynd 55: Heimilin á Borgarfjarðarsvæði 2016

Meiri lýsingu á þessum 40 þáttum sem kölluð eru búsetuskilyrði hér og hvernig um þá var spurt má finna hér framfarar (í upphafi kafla 3.1) og orðstyttingar þeirra og merkingar í myndum aftar (í viðauka kafla 6.1). Hver þáttur fékk einkunn hér. Einkunnin gat hlaupið á 1 (staðan mjög slæm) til 5 (staðan mjög góð) og er það skalinn á radar líkaninu. Fyrst var meðaltal allra svara fundið og sett fram með rauðri línu. Síðan var meðaltal viðkomandi landsvæðis reiknað og sett fram með blárri línu. Átta búsetuskilyrði voru undir hverjum flokki. Þess vegna voru átta horn á radarlíkaninu hér. Búsetuskilyrði voru almennt verri í viðkomandi sveitarfélagi en almennt meðal hinna 19 landsvæða, ef horn bláa áttahyrningsins var fyrir innan rauða hornið (Mynd 55). Fjárhagsvandi,

atvinnuöryggi og atvinnuúrval eru dæmi um þetta í flokknum *Heimilin á Borgarfjarðarsvæði* sem dæmi er tekið um hér til útskýringar. Búsetuskilyrði voru talin betri í viðkomandi sveitarfélagi en almennt meðal landsvæðanna 19 ef horn bláa áttthyrningsins var fyrir utan rauða hornið. Vöruúrval og vöruverð eru dæmi um þetta í flokknum *Heimilin á Borgarfjarðarsvæði*. Þetta líkan gefur því nokkuð góða og skjóta yfirsýn yfir hvernig staðan er í viðkomandi flokkum á tilteknu landsvæði í samanburði við þau 19 landsvæði sem tóku þátt í könnuninni.

4.3.2.1 Reykjanesbær

Heimilin í Reykjanesbæ stóðu betur (blái áttthyrningurinn, Mynd 56) en heimili í öðrum landshlutum þegar horft er til meðaltalsafstöðu íbúanna til nokkurra þátta (rauði áttthyrningurinn, Mynd 56). Þessi mynd byggir á afstöðu íbúanna til þess hvort staða þessara þátta var slæm eða góð. Þar standa þættir eins og atvinnuúrval, vöruúrval og vöruverð mun betur í Reykjanesbæ en meðaltal allra landsvæða. Þjónusta við fólk í fjárhagsvanda var eini þátturinn sem stóð lítið eitt verr en annars staðar. Hinir þættirnir liggja í meðaltalinu.


Þegar horft var til innviða (Mynd 57) kom í ljós að íbúar voru ánægðari í þessum samanburði með nettengingar, vegakerfið og íbúðir til sölu en óánægðari með almennt öryggi, umferðaröryggi og nálægð við fjölbreytta náttúru. Aðrir þættir voru mjög nærri landsmeðaltali.

Varðandi búsetuskilyrði sem snúa að þjónustu, sem er á hendi ríkisins (Mynd 58), voru íbúar Reykjanesbæ mun ánægðari með fimm þætti af 8 en þátttakendur annarra landshluta. Þetta voru þættirnir háskóli, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, farsímasamband og almenningssamgöngur. Þá voru íbúarnir að jafnaði miklu óánægðari með gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana en meðaltal allra þátttakenda gaf til kynna. Þjónusta við atvinnulausa og dvalarheimili aldraðra voru metin með mjög svipuðum hætti og annars staðar.


Samfélagslegir þættir voru af þátttakendum Reykjanesbæjar ýmist metnir til jafns við afstöðu allra annarra eða verr (Mynd 59). Þættirnir friðsæld, mannlíf og þjónusta við aldraða voru þeir þættir sem komu verr út í Reykjanesbæ en annars staðar.

Þegar kom að þáttum sem eru helst á hendi sveitarfélagsins (Mynd 60) var umsögn fyrir Reykjanesbæ sambærileg og annars staðar nema hvað íþróttir og æskulýðsstarf komu betur út. Þá voru gæði leikskóla, grunnskóla og bókasafna talin lítið eitt betri en ekki víst að það stæðist marktækniþróf.


Þegar borin voru saman bæði staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna í næsta kafla lenti Reykjanesbær í 7. sæti þegar gefin var sérstök einkunn fyrir hvort tveggja (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 56: Heimilin í Reykjavík 2016




Mynd 57: Innviðir í Reykjavík 2016



Mynd 58: Ríkið í Reykjavík 2016



Mynd 59: Samfélagið í Reykjavík 2016



Mynd 60: Sveitarfélagið Reykjanesbær 2016

4.3.2.2 Grindavíkurbær

Grindvíkingar töldu eingöngu stöðu eins þáttar sem tengist efnahagi heimilanna verri en íbúar annars staðar. Þetta var þátturinn vöruúrval (Mynd 61). Úrval atvinnu, atvinnuöryggi og launatekjur voru hins vegar talin mun betri í þessum samanburði.


Innviðir voru annað hvort mun betri en annars staðar eða sambærilegir að mati Grindvíkinga (Mynd 62). Staða nettenginga, vegakerfis, umferðaröryggis, flæði bílaumferðar (greið bílaumferð) var talið yfir meðallagi á meðan staðan á íbúðum til leigu var verri en að jafnaði annars staðar.

Þegar horft var til þátta, sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 63), kom í ljós að farsímasambandið er eini þátturinn sem fær betri einkunn í Grindavík en að meðaltali annars staðar. Bæði gæði framhaldsskóla og námsmöguleikar á því stigi ásamt heilsugæslu fengu hins vegar verri einkunn. Aðrir þættir voru sambærilegir útkomu annarra landshluta.


Í flokknum samfélagslegir þættir var áberandi hvað gæði unglingsstarfs var betra í Grindavík en að jafnaði annars staðar (Mynd 64). Þá var þjónusta við barnafólk líka talin lítið eitt betri. Aðrir þættir voru mjög nærri meðaltali könnunarinnar.

Tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar kom áberandi best út fyrir Grindvíkinga í þessum samanburði (Mynd 65) þegar athyglinni var beint að þáttum sem eru gjarnan á hendi sveitarfélaga. Gæði leikskóla og skipulagsmál komu einnig betur út en þó ekki eins vel og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar. Hins vegar kom þátturinn félagsheimili áberandi verr út og þjónusta við fatlaða lítið eitt verr. Aðrir þættir lágu í heildarmeðaltalinu.


Grindavíkurbær hafnaði í 6. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 61: Heimilin í Grindavíkurbæ 2016




Mynd 62: Innviðir í Grindavíkurbæ 2016



Mynd 63: Ríkið í Grindavíkurbæ 2016



Mynd 64: Samfélagið í Grindavíkurbæ 2016



Mynd 65: Sveitarfélagið Grindavíkurbær 2016

4.3.2.3 Sandgerði

Vöruúrval og vöruverð eru þættir sem koma verr út í Sandgerði en að jafnaði annars staðar þegar horft var til þátta sem snúa að efnahag heimilanna (Mynd 66). Aðrir þættir voru nánast á pari við heildarmeðaltalið.


Líkt og víða annars staðar á Suðurnesjum fengu vegakerfið og flæði bílaumferðar hagstæðari samanburð við önnur svæði og nálægð við fjölbreytta náttúru og leiguíbúðir óhagstæðari (Mynd 67).

Af þáttum sem ríkið hefur helst umsjá með fékk Sandgerði yfirleitt sömu einkunn og gefin var að jafnaði annars staðar (Mynd 68). Helst var að greina frávik í heilsugæslunni og í tengslum við dvalarheimili aldraðra (elliheimili) þar sem hallaði á Sandgerði og það allverulega í fyrra tilvikinu. Þá fengu almenningssamgöngur betri einkunn en að jafnaði annars staðar.


Menningarlíf, gott mannlíf, tækifæri til afþreyingar og þjónusta við aldraða eru þættir sem komu verr út í Sandgerði en að jafnaði annars staðar. Umsögn um aðra samfélagslega þætti var ekki verulega frábrugðin umsögn annarra landshluta að jafnaði (Mynd 69).

Ekki eru mjög áberandi frávik á milli Sandgerðis og heildarmeðaltalsins þegar kom að þáttum sem eru frekar á hendi sveitarfélaga (Mynd 70). Þó mátti helst greina að Sandgerði kom eitthvað betur út í þáttunum grunnskóli og skipulagsmál en að jafnaði annars staðar en lítið eitt verr í þjónustu við fatlaða og leikskóla.


Sandgerði hafnaði í 15. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna 40 eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 66: Heimilin í Sandgerði 2016




Mynd 67: Innviðir í Sandgerði 2016



Mynd 68: Ríkið í Sandgerði 2016



Mynd 69: Samfélagið í Sandgerði 2016



Mynd 70: Sveitarfélagið Sandgerði 2016

4.3.2.4 Sveitarfélagið Garður

Nokkrir þættir sem snúa að efnahagi heimilanna komu heldur verr út í Garði en að jafnaði annars staðar (Mynd 71). Það voru helst vöruúrval og vöruverð en einnig var örlítil munur á þáttunum möguleikar á eigin atvinnurekstri og fjölbreytni atvinnulífs. Aðrir þættir eru alveg við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Innviðir þeir, sem spurt var út í, fengu yfirleitt betri umsögn í Garði en að jafnaði annars staðar (Mynd 72). Almenn öryggi og framboð á húsnæði til leigu voru alveg við heildarmeðaltalið en nálægð við fjölbreytta náttúru var lítið eitt lægri. Allir aðrir þættir komu betur út en að jafnaði annars staðar.

Dvalarheimili aldraðra komu óvenju illa út í umsögn íbúa í Garðinum í samanburði við önnur landsvæði þegar kom að þáttum sem tengjast þjónustu ríkisins og þá fengu gæði heilsugæslu / sjúkrastofnana líka nokkra útreið (Mynd 73). Hins vegar fengu almenningssamgöngur og farsímasamband betri umsögn í þessum samanburði.


Af samfélagslegum þáttum (Mynd 74) komu gæði unglingsstarfs örlítið betur út en gekk og gerðist annars staðar en tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða og menningarlíf fengu lakari umsögn í þessum samanburði milli landshluta.

Þjónusta við fatlaða, félagsheimili og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar fengu heldur lakari umsögn en sömu þættir á öðrum landsvæðum að jafnaði (Mynd 75). Hins vegar voru gæði leikskóla og skipulagsmál talin heldur betri í Garði en annars staðar að mati heimamanna. Þetta eru þó ákaflega lítil frávík nema kannski þjónusta við fatlaða. Aðrir þættir, sem standa sveitarfélögum næst, fengu mjög sambærilega umsögn í Garðinum og annars staðar á landinu.


Einkunn, sem gefin var sameiginlega fyrir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna, gaf Sandgerði 11. sæti af 19 mögulegum eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 71: Heimilin í Sveitarfélaginu Garði 2016




Mynd 72: Innviðir í Sveitarfélaginu Garði 2016



Mynd 73: Ríkið í Sveitarfélaginu Garði 2016



Mynd 74: Samfélagið í Sveitarfélaginu Garði 2016



Mynd 75: Sveitarfélagið Garður 2016

4.3.2.5 Sveitarfélagið Vogar

Íbúar Voganna voru greinilega mun ósáttari við vöruúrval og úrval atvinnu en aðrir sem tóku þátt í könnuninni (Mynd 76). Þá voru þeir einnig ósáttari við vöruverð, atvinnuöryggi og jafnvel við þjónustu þeirra sem eru í fjárhagsvanda. Að öðru leyti skera þeir sig ekki úr þegar horft var til þátta sem tengjast helst afkomu heimilanna.


Líkt og annars staðar á Suðurnesjum voru íbúar Voganna mun sáttari við Vegakerfið en aðrir þegar horft var til heildarmeðaltalsins. Þá má segja það sama um umferðaröryggi, hversu greið bílaumferðin er og nettengingar þó munurinn hafi ekki verið alveg eins mikill. Aðrir þættir, sem taldir voru til innviða, voru eins og annars staðar.

Þegar kom að þáttum, sem eru helst á ábyrgð ríkisins, þá má segja að gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana hafi fengið allt að því falleinkunn (Mynd 78). Einnig virtust íbúar Voganna telja sig standa að baki annarra þegar kom að gæðum framhaldsskóla og námsmöguleikum á framhaldsskólastigi. Hins vegar fengu almenningssamgöngur betri einkunn hjá íbúnum en öðrum sem tóku þátt í könnuninni sem og farsímasamband. Aðrir þættir þessa flokks voru við heildarmeðaltalið.


Tækifæri til afþreyingar er sá samfélagslegi þáttur sem kom hvað verst út í Vogunum í samanburði við aðra landshluta (Mynd 79). Þá kom menningarlíf líka illa út í þessum samanburði en aðrir þættir í eða við heildarmeðaltal.

Tónlistarskóli kom mun verr út í Vogunum en annars staðar á landinu (Mynd 80). Þá var umsögnin um bókasöfn, þjónustu við fatlaða, félagsheimili og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar lítið eitt lakari í Vogunum en annars staðar og grunnskóli lítið eitt betri – það var þó tæplega marktækt.


Sveitarfélagið Vogar hafnaði í 12. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 76: Heimilin í Sveitarfélaginu Vogum 2016




Mynd 77: Innviðir í Sveitarfélaginu Vogum 2016



Mynd 78: Ríkið í Sveitarfélaginu Vogum 2016



Mynd 79: Samfélagið í Sveitarfélaginu Vogum 2016



Mynd 80: Sveitarfélagið Vogar 2016

4.3.2.6 Akranes og Hvalfjörður

Heimilin á Akranesi og í Hvalfirði stóðu betur en heimili í öðrum landshlutum í þessum samanburði (Mynd 81). Þar munaði mestu um umsögn vöruúrvals og vöruverðs og að nokkru um þættina atvinnuúrval og launatekjur. Hinir þættirnir lágu í eða við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Þegar horft var til innviða (Mynd 82) kom í ljós að íbúar svæðisins voru ánægðari með netttengingar, öryggi umferðarinnar, flæði bílaumferðar og íbúðir til sölu og leigu en aðrir þátttakendur. Aðrir þættir voru mjög nærri landsmeðaltali.

Búsetuskilyrði, sem snúa að þjónustu sem er á hendi ríkisins (Mynd 83), komu mjög vel út á Akranesi og í Hvalfirði. Nær allir þættir voru vel yfir landsmeðaltali – einkum almenningssamgöngur og gæði heilsugæslu og sjúkrastofnanna. Aðeins einn þáttur, námsmöguleikar á háskólastigi, var jafn heildarmeðaltali könnunarinnar.


Samfélagslegir þættir voru af þátttakendum ýmist metnir til jafns við meðaltal allra þátttakenda eða lítið eitt betri (Mynd 84). Þarna þóttu gæði unglingastarfs standa hvað best í samanburði við aðra landshluta.

Þegar kom að þáttum sem eru helst á hendi sveitarfélaga (Mynd 85) kom í ljós að flestir þeirra voru yfir meðaltali könnunarinnar – mest þó gæði grunnskóla, leikskóla og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar. Hins vegar var staða félagsheimila talin lakari en að jafnaði í öðrum landshlutum.


Á þessari samantekt sést að af 40 þáttum sem spurt var um kom aðeins einn þeirra verr út en annars staðar. Þegar borin voru saman bæði staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna í næsta kafla lentu Akranes og Hvalfjörður í 2. sæti þegar gefin var sérstök einkunn (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 81: Heimilin á Akranesi og í Hvalfirði 2017




Mynd 82: Innviðir á Akranesi og í Hvalfirði 2017



Mynd 83: Ríkið á Akranesi og í Hvalfirði 2017



Mynd 84: Samfélagið á Akranesi og í Hvalfirði 2017



Mynd 85: Sveitarfélögin á Akranesi og í Hvalfirði 2017

4.3.2.7 Borgarfjarðarsvæði

Borgfirðingar töldu eingöngu stöðu tveggja þátta af átta, sem tengjast efnahagi heimilanna, betri en aðrir þátttakendur könnunarinnar gerðu. Þetta voru þættirnir vöruúrval og vöruverð (Mynd 86). Launatekjur voru hins vegar taldar mun lakari en annars staðar og atvinnuöryggi lítið eitt verra. Aðrir þættir voru við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Innviðir voru taldir annað hvort lakari en annars staðar eða sambærilegir að mati Borgfirðinga (Mynd 87). Öryggi í umferðinni kom þó einna verst út. Framboð á íbúðum til sölu var eini þáttur þessa flokks sem kom betur út en að jafnaði annars staðar.

Þegar horft var til þátta, sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 88), kom í ljós að farsímasambandið var eini þátturinn sem fær verri einkunn en að jafnaði annars staðar. Af augljósum ástæðum var mesti munurinn á námsmöguleikum á háskólastigi – Borgfirðingum í vil. Þá var mikið meiri ánægja með gæði og möguleika til náms á framhaldsskólastigi sem og dvalarheimili aldraðra.


Í flokknum samfélagslegir þættir var meðaltal Borgarfjarðar mjög líkt meðaltali annarra landsvæða (Mynd 89). Helst mátti greina að gæði unglingastarfs væri lítið eitt lakara en annars staðar – en vart marktækt.

Skipulagsmál komu áberandi verst út fyrir Borgfirðinga í þessum samanburði (Mynd 90) þegar athyglinni var beint að þáttum sem eru gjarnan á hendi sveitarfélaga. Aðrir þættir lágu í eða við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Borgarfjarðarsvæði hafnaði í 14. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 86: Heimilin Á Borgarfjarðarsvæði 2016




Mynd 87: Innviðir á Borgarfjarðarsvæði 2016



Mynd 88: Ríkið á Borgarfjarðarsvæði 2016



Mynd 89: Samfélagið á Borgarfjarðarsvæði 2016



Mynd 90: Sveitarfélagið á Borgarfjarðarsvæði 2016

4.3.2.8 Snæfellsnes

Snæfellingum svipaði til þátttakenda almennt í afstöðu sinni gagnvart þáttum sem snúa að efnahag heimilanna (Mynd 91) nema hvað þeir voru ánægðari með launatekjur sínar og möguleika á eigin atvinnurekstri.


Staðan á vegakerfinu, umferðaröryggi, flæði bílaumferðar og íbúðum til sölu var af Snæfellingum talin betri en að jafnaði í könnuninni (Mynd 92). Aðrir þættir, sem flokkaðir voru til innviða, voru við meðaltal könnunarinnar.

Af þáttum, sem ríkið hefur umsjá með, fékk Snæfellsnes betri umsögn fyrir framhaldsskólann og almenningssamgöngur en aðrir landshlutar (Mynd 93). Námsmöguleikar á háskólastigi fengu hins vegar lakari umsögn í þessum samanburði og aðrir voru í eða við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Allir samfélagslegir þættir voru metnir með líkum hætti og að meðaltali í könnuninni allri (Mynd 94).

Ekki voru mjög áberandi frávik á milli Snæfellsness og heildarmeðaltals könnunarinnar þegar kom að þáttum sem eru frekar á hendi sveitarfélaga (Mynd 95). Þó mátti helst greina að Snæfellsnes kom eitthvað betur út í skipulagsmálum en að jafnaði annars staðar en verr í bókasöfnum.


Snæfellsnes hafnaði í 5. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 91: Heimilin á Snæfellsnesi 2017




Mynd 92: Innviðir á Snæfellsnesi 2017



Mynd 93: Ríkið á Snæfellsnesi 2017



Mynd 94: Samfélagið á Snæfellsnesi 2017



Mynd 95: Sveitarfélögin á Snæfellsnesi 2017

4.3.2.9 Dalir

Íbúar Dalanna voru greinilega mun ósáttari en aðrir þátttakendur við nánast alla þætti, sem snúa að efnahagslegri afkomu heimilanna, nema möguleika til eigin atvinnureksturs og aðstoð við fólk í fjárhagsvanda (Mynd 96). Þetta átti sérstaklega við um vöruverð þar sem frávik í afstöðu Dalanna gagnvart meðaltali könnunarinnar var með eindæmum mikið hér.


Vegakerfið og netttengingar fengu falleinkunn í Dölunum þegar borið var saman við afstöðu annarra í könnuninni (Mynd 97). Þá fékk umferðaröryggi, íbúðir til sölu, flæði bílaumferðar og almennt öryggi lakari umsögn en annars staðar. Aðrir þættir, sem taldir voru til innviða, voru eins og annars staðar.

Þegar kom að þáttum, sem eru helst á ábyrgð ríkisins, má segja að námsmöguleikar á framhaldsskóla- og háskólastigi hafi fengið nærri því falleinkunn þegar borið er saman við aðra landshluta könnunarinnar (Mynd 98). Hins vegar var umsögn Dalamanna um gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana mun betri en annars staðar. Aðrir þættir þessa flokks voru við heildarmeðaltalið.


Tækifæri til afþreyingar var sá samfélagslegi þáttur sem kom hvað verst út í Dölunum í samanburði við aðra landshluta (Mynd 99). Þá var umsögn um menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónustu við fólk af erlendum uppruna líka verri en meðaltal annarra landshluta sem þýðir að enginn þáttur þessa flokks hafi komið betur út en annars staðar.

Tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar kom mun verr út í Dölunum en annars staðar á landinu (Mynd 100). Þá var umsögn um tónlistarskóla og þjónusta við fatlaða líka lakari í Dölunum en annars staðar en félagsheimili og skipulagsmál betri.


Dalir höfðu í 19. og neðsta sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 96: Heimilin í Dölum 2017




Mynd 97: Innviðir í Dölum 2017



Mynd 98: Ríkið í Dölum 2017



Mynd 99: Samfélagið í Dölum 2017



Mynd 100: Sveitarfélagið í Dölum 2017

4.3.2.10 Strandir og Reykhólar

Íbúar Stranda og Reykhóla voru lítið eitt ósáttari við alla þætti sem lúta að efnahagslegri stöðu heimilanna nema möguleika til eigin atvinnureksturs og þjónustu við fólk í fjárhagsvanda þar sem afstaða þeirra var sú sama og annars staðar (Mynd 101). Þá voru þeir mikið ósáttari við vöruverð en aðrir þátttakendur könnunarinnar.


Þegar kom að þeim þáttum, sem flokkaðir voru sem innviðir í þessari könnun, var augljóst að íbúar svæðisins voru mun ósáttari við nettengingar en aðrir þátttakendur könnunarinnar og nokkuð ósáttari við framboð á íbúðum til sölu (Mynd 102). Þá voru þeir lítið eitt sáttari við nálægð við fjölbreytta náttúru en íbúar annars staðar.

Ánægja með gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana var mun meiri á Ströndum og Reykhólum en annars staðar en óánægja var með nánast alla aðra þætti sem teljast vera á ábyrgð ríkisins í þessari könnun (Mynd 103). Þar var óánægjan mest með framhaldsskólann.


Íbúar svæðisins töldu mannlífið betra og friðsæld samfélagsins heldur meiri en aðrir þátttakendur könnunarinnar (Mynd 104). Aðrir samfélagslegir þættir fengu sömu umsögn og annars staðar.

Staða tónlistarskóla, bókasafna og tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar var talin verri en annars staðar (Mynd 105). Hins vegar fengu þjónusta við fatlaða og félagsheimili betri einkunn. Aðrir þættir á hendi sveitarfélagsins fengu jafn góða umsögn og annars staðar.


Þegar á heildina er litið höfnuðu Strandir og Reykhólar í 10. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og kemur fram í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 101: Heimilin á Ströndum og Reykhólum 2017




Mynd 102: Innviðir á Ströndum og Reykhólum 2017



Mynd 103: Ríkið á Ströndum og Reykhólum 2017



Mynd 104: Samfélagið á Ströndum og Reykhólum 2017



Mynd 105: Sveitarfélögin á Ströndum og Reykhólum 2017

4.3.2.11 Sunnanverðir Vestfirðir

Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum telja eingöngu einn þátt af átta, sem tengjast efnahagi heimilanna, betri en allir þátttakendur könnunarinnar gerðu. Það var þátturinn launatekjur (Mynd 106). Vöruverð og vöruúrval voru hins vegar talin mun lakari en annars staðar. Aðrir þættir þessa flokks voru við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Staða innviða var annað hvort talin lakari en annars staðar eða sambærileg að mati þátttakenda á sunnanverðum Vestfjörðum (Mynd 107). Vegakerfið kom þó langverst út í þessum samanburði. Nettengingar og framboð á íbúðum til sölu komu einnig verr út á sunnanverðum Vestfjörðum en annars staðar.

Þegar horft var til þátta, sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 108), kom í ljós að enginn þeirra fékk betri einkunn en annars staðar að jafnaði. Gæði framhaldsskóla ásamt gæðum heilsugæslu og sjúkrastofnana komu jafn vel út í þessum samanburði en aðrir þættir komu verr út og þó sérstaklega dvalarheimili aldraðra.


Meðaltal sunnanverðra Vestfjarða var mjög líkt meðaltali allra þátttakenda könnunarinnar fyrir þættina gott mannlíf, friðsæld og þjónusta við útlendinga (Mynd 109). Hinir samfélagslegu þættirnir fengu lakari umsögn á svæðinu en annars staðar og þá sérstaklega þjónusta við aldraða og gæði unglingastarfs.

Þjónusta við fatlaða kom áberandi verst út fyrir sunnanverða Vestfirði í þessum samanburði (Mynd 110) þegar athyglinni var beint að þáttum sem eru gjarnan á hendi sveitarfélaga. Þá fengu bókasöfn, leikskóli, skipulagsmál og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar einnig lítið eitt lakari umsögn en annars staðar en félagsheimili betri. Aðrir þættir lágu í eða við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Sunnanverðir Vestfirðir höfnuðu í 18. sæti þegar reiknuð var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2).




Mynd 106: Heimilin á sunnanverðum Vestfjörðum 2017




Mynd 107: Innviðir á sunnanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 108: Ríkið á sunnanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 109: Samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 110: Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum 2017

4.3.2.12 Norðanverðir Vestfirðir

Íbúum á norðanverðum Vestfjörðum svipar til þátttakenda almennt í afstöðu sinni gagnvart þáttum sem snúa að efnahagi heimilanna (Mynd 111) nema þeir eru ánægðari með vöruverð en lítið eitt óánægðari með atvinnuöryggi, atvinnuúrval og möguleika á eigin atvinnurekstri.


Staðan á almennu öryggi, umferðaröryggi, flæði bílaumferðar og íbúðum til leigu var af íbúum norðanverðra Vestfjarða talin lítið eitt betri en að jafnaði í könnuninni (Mynd 112). Nettengingar og vegakerfið voru hins vegar talin lítið eitt verri í þessum samanburði. Aðrir þættir sem flokkaðir voru til innviða voru við meðaltal könnunarinnar.

Af þáttum sem ríkið hefur umsjá með fengu norðanverðir Vestfirðir betri umsögn fyrir dvalarheimili aldraðra (Mynd 113). Almenningsamgöngur og farsímasamband fengu hins vegar lakari umsögn og aðrir voru í eða við heildarmeðaltal könnunarinnar.


Nánast allir samfélagslegir þættir fengu betra mat á norðanverðum Vestfjörðum en að jafnaði í könnuninni allri (Mynd 114). Þar munaði mest um tækifæri til afþreyingar, þjónustu við aldraða og menningarlíf.

Ekki voru mjög áberandi frávik á milli norðanverðra Vestfjarða og heildarmeðaltalsins þegar kom að þáttum sem eru frekar á hendi sveitarfélaga (Mynd 115). Þó mátti helst greina að norðanverðir Vestfirðir komu heldur betur út í umsögnunum um tónlistarskóla og þjónustu við fatlaða en að jafnaði annars staðar.


Norðanverðir Vestfirðir höfðu í 4. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 111: Heimilin á norðanverðum Vestfjörðum 2017




Mynd 112: Innviðir á norðanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 113: Ríkið á norðanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 114: Samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum 2017



Mynd 115: Sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum 2017

4.3.2.13 V-Húnavatnssýsla

Íbúar V-Hún voru lítið eitt ósáttari við launatekjur en aðrir þátttakendur af öllum þeim þáttum sem lúta að efnahagslegri stöðu heimilanna (Mynd 116). Þá voru þeir mikið sáttari við vöruúrval og vöruverð en aðrir en heldur sáttari við möguleika til eigin atvinnureksturs, úrvals atvinnu og þjónustu við fólk í fjárhagsvanda þó að ekki sé víst að um marktækan mun sé að ræða.


Þegar kom að þeim þáttum sem flokkaðir voru sem innviðir í þessari könnun var augljóst að íbúar svæðisins voru mun ósáttari við vegakerfið en aðrir þátttakendur könnunarinnar og nokkuð ósáttari við öryggi í umferðinni, öryggi almennt, nettingingar og hversu greið bílaumferðin er (Mynd 117). Að öðru leyti var afstaða íbúanna sambærileg og annars staðar.

Ánægja með gæði heilsugæslu, sjúkrastofnana og dvalarheimila aldraðra var mun meiri í V-Hún en annars staðar (Mynd 118). Að öðru leyti var afstaða íbúanna sambærileg gagnvart öðrum þáttum sem taldir voru á ábyrgð ríkisins í könnuninni nema farsímasamband sem fékk nokkuð lakari umsögn í þessum samanburði.


Íbúar svæðisins töldu menningu í samfélaginu, tækifæri til afþreyingar og þjónustu við aldraða betri en aðrir þátttakendur könnunarinnar (Mynd 119). Þá var mannlífið talið lítið eitt betra sem og þjónusta við barnafólk. Aðrir samfélagslegir þættir fengu sömu umsögn og annars staðar.

Staða tónlistarskóla og félagsheimila var talin betri en annars staðar (Mynd 120). Einnig var staða bókasafna, skipulagsmál, þjónusta við fatlaða og tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar talin lítið eitt betri. Aðrir þættir á hendi sveitarfélagsins fengu jafn góða umsögn íbúanna og annarra þátttakenda.


Þegar á heildina er lítið hafnaði V-Hún í 8. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og kemur fram í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 116: Heimilin í V-Húnavatnssýslu 2016




Mynd 117: Innviðir í V-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 118: Ríkið í V-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 119: Samfélagið í V-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 120: Sveitarfélögin í V-Húnavatnssýslu 2016

4.3.2.14 A-Húnavatnssýsla

Íbúar í A-Húnavatnssýslu töldu sjö þætti af átta, sem tengjast efnahagi heimilanna, vera verri en allir aðrir þátttakendur könnunarinnar álitu eiga við um viðkomandi þætti í sínum heimahögum (Mynd 121). Munaði þar mestu um vöruverð og úrval atvinnu. Þátturinn þjónusta við fólk í fjárhagsvanda var talinn sambærilegur og annars staðar.


Þá var staða vegakerfis og nettenginga talin verri en annars staðar í þessum samanburði en íbúða til leigu betri (Mynd 122). Aðrir þættir, sem taldir voru til innviða í þessari könnun, voru svipaðir í A-Húnavatnssýslum og annars staðar.

Þegar horft var til þátta, sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 123), kom í ljós að námsmöguleikar á háskóla- og framhaldsskólastigi, auk gæði framhaldsskóla, komu mun verr út en annars staðar. Dvalarheimili aldraðra komu hins vegar betur út.


Meðaltal A-Húnavatnssýslu var mjög líkt meðaltali allra landsvæða fyrir samfélagslega þætti könnunarinnar nema hvað að menning og tækifæri til afþreyingar voru talin síðri í A-Húnavatnssýslu en annars staðar (Mynd 124).

Þjónusta við fatlaða og tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar fengu betri umsögn í A-Húnavatnssýslu í þessum samanburði (Mynd 125) þegar athyglinni var beint að þáttum sem eru gjarnan á hendi sveitarfélaga. Þá fengu félagsheimili betri umsögn. Aðrir þættir lágu í eða við heildar meðaltal könnunarinnar.


A-Húnavatnssýsla hafnaði í 16. sæti þegar reiknuð var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 121: Heimilin í A-Húnavatnssýslu 2016




Mynd 122: Innviðir í A-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 123: Ríkið í A-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 124: Samfélagið í A-Húnavatnssýslu 2016



Mynd 125: Sveitarfélögin í A-Húnavatnssýslu 2016

4.3.2.15 Skagafjarðarsýsla

Íbúum Skagafjarðarsýslu svipaði nokkuð til annarra þátttakenda í afstöðu sinni gagnvart þáttum, sem snúa að efnahagi heimilanna (Mynd 126), nema að þeir voru ánægðari með atvinnuöryggi, vöru- og atvinnuúrval en óánægðari með launatekjur, möguleika á eigin atvinnurekstri og vöruverð.


Vegakerfi, umferðaröryggi og flæði bílaumferðar fengu betri umsögn í Skagafjarðarsýslu en að jafnaði annars staðar (Mynd 127). Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu var hins vegar lakara í þessum samanburði. Aðrir þættir Skagafjarðarsýslu sem flokkaðir voru til innviða í könnuninni voru við meðaltal hennar.

Af þáttum, sem ríkið hefur umsjá með, fékk Skagafjarðarsýsla betri umsögn fyrir þá alla nema farsímasamband sem var á pari við meðaltal könnunarinnar (Mynd 128). Þarna skaraði Skagafjarðarsýsla mest fram úr er varðar námsmöguleika á framhaldsskólastigi en síst í þjónustu við atvinnulausa.


Menning, gæði unglिंगastarfs, þjónusta við aldraða og möguleikar til afþreyingar voru þeir samfélagslegu þættir sem fengu betra mat en að jafnaði í könnuninni allri (Mynd 129). Hinir fjórir fengu sambærilega umsögn og annars staðar.

Ekki voru mjög áberandi frávik á milli Skagafjarðarsýslu og heildarmeðaltals könnunarinnar þegar kom að flestum þáttum sem eru frekar á hendi sveitarfélaga (Mynd 130). Þjónusta við fatlaða og skipulagsmál voru þeir tveir þættir sem komu betur út en að jafnaði annars staðar.


Skagafjarðarsýsla hafnaði í 1. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 126: Heimilin í Skagafjarðarsýslu 2016




Mynd 127: Innviðir í Skagafjarðarsýslu 2016



Mynd 128: Ríkið í Skagafjarðarsýslu 2016



Mynd 129: Samfélagið í Skagafjarðarsýslu 2016



Mynd 130: Sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu 2016

4.3.2.16 Árnessýsla

Árnesingar voru almennt ánægðari með vöruúrval og vöruverð en aðrir þátttakendur könnunarinnar þegar skoðuð voru svör sem flokkuð voru til efnahags heimilanna (Mynd 131). Hinir sex þættirnir voru sambærilegir meðaltali annarra landshluta.


Þegar horft var til innviða (Mynd 132) kom í ljós að íbúar Árnessýslu voru lítið eitt ánægðari með netttengingar og vegakerfið en aðrir þátttakendur könnunarinnar. Þeir voru hins vegar óánægðari með umferðaröryggi, umferðarteppur og ögn óánægðari með framboð á húsnæði til leigu. Aðrir þættir skáru sig ekki úr svörum fyrir aðra landshluta.

Ánægja var meiri með dvalarheimili aldraðra í Árnessýslu en annars staðar þegar kom að þáttum sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 133). Þá var ánægjan lítið eitt meiri þar með þjónustu við atvinnulausa. Annars var óánægjan meiri með aðra þætti þessa flokks nema námsmöguleika á háskólastigi sem voru við meðaltal könnunarinnar.


Samfélagslegir þættir í Árnessýslu voru taldir yfirleitt til jafns við aðra landshluta (Mynd 134). Þjónusta við aldraða var þó talin lakari í sýslunni en annar staðar og friðsæld lítið eitt minni. Hins vegar voru gæði unglingastarfs talin örlítið betri í þessum samanburði.

Þegar kom að þáttum, sem eru helst á hendi sveitarfélagsins (Mynd 135), kom í ljós að flestir þeirra voru við meðaltal könnunarinnar, eða alveg við það, nema íþróttir og æskulýðsstarf og gæði leikskóla sem komu betur út. Þá var staðan fyrir félagsheimili talin lakari.


Þegar borin voru saman bæði staða og mikilvægi búsetuskilyrðanna lenti Árnessýsla í 13. sæti þegar gefin var sérstök einkunn fyrir báða kvarðana (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 131: Heimilin í Árnessýslu 2017




Mynd 132: Innviðir í Árnessýslu 2017



Mynd 133: Ríkið í Árnessýslu 2017



Mynd 134: Samfélagið í Árnessýslu 2017



Mynd 135: Sveitarfélögin í Árnessýslu 2017

4.3.2.17 Rangárvallasýsla

Rangárvallasýsla fékk betri umsögn fyrir möguleika til eigin atvinnureksturs og atvinnuöryggi en aðrir landshlutar könnunarinnar fengu að jafnaði þegar horft var til þátta sem tengjast efnahagi heimilanna (Mynd 136). Hins vegar var umsögnin mun verri fyrir launatekjur, vöruúrval en þó sérstaklega vöruverð. Aðrir þættir fengu sambærilega umsögn og annars staðar.


Af innviðum fengu netttengingar, vegakerfi og jafnvel nálægð við fjölbreytta náttúru mun betri umsögn í Rangárvallasýslu en annars staðar (Mynd 137). Aftur á móti fengu þættirnir íbúðir til sölu og leigu, umferðaröryggi og umferðarteppur heldur verri umsögn.

Þegar horft var til þátta sem eru gjarnan á ábyrgð ríkisins (Mynd 138) kom í ljós að almenningssamgöngur og dvalarheimili aldraðra voru einu þættirnir sem fengu betri einkunn en að meðaltali annars staðar. Bæði gæði framhaldsskóla og námsmöguleikar á því stigi og háskólastigi ásamt heilsugæslu fengu hins vegar verri einkunn. Aðrir þættir lágu í meðaltali könnunarinnar.


Í floknum samfélagslegir þættir var umsögnin mjög sambærileg þeirri sem var fyrir aðra landshluta að jafnaði (Mynd 139).

Félagsheimilin fengu áberandi bestu umsögn í Rangárvallasýslum í þessum samanburði (Mynd 140) þegar athyglinni var beint að þáttum sem eru gjarnan á hendi sveitarfélaga. Tónlistarskóli og skipulagsmál komu einnig lítið eitt betur út. Hins vegar kom þátturinn þjónusta við fatlaða verr út. Aðrir þættir voru svipaðir og annars staðar.


Rangárvallasýsla hafnaði í 9. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 136: Heimilin í Rangárvallasýslu 2017




Mynd 137: Innviðir í Rangárvallasýslu 2017



Mynd 138: Ríkið í Rangárvallasýslu 2017



Mynd 139: Samfélagið í Rangárvallasýslu 2017



Mynd 140: Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu 2017

4.3.2.18 Vestmannaeyjar

Flestir þættir, sem snúa að efnahagi heimilanna, komu betur út í Vestmannaeyjum en annars staðar en þó sérstaklega launatekjur, vöruúrval og vöruverð (Mynd 141). Þjónusta við fólk í fjárhagsvanda og möguleikar á eigin atvinnurekstri voru á pari við heildarmeðaltalið.


Svipaða sögu er að segja um þætti sem flokkaðir voru til innviða í könnuninni. Þeir komu allir betur út en annars staðar nema nálægð við fjölbreytta náttúru sem var nokkuð nærri meðaltali könnunarinnar (Mynd 142). Umferðaröryggi og íbúðir til sölu komu best út í þessum samanburði.

Af þáttum, sem ríkið hefur umsjá með, fengu Vestmannaeyjar falleinkunn fyrir almenningssamgöngur og gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana (Mynd 143). Þá komu þættirnir gæði og námsmöguleikar á framhaldsskólastigi ásamt farsímasambandi betur út fyrir Eyjamenn en annars staðar. Aðrir þættir voru mjög nærri meðaltali könnunarinnar.


Menningarlíf, gott mannlíf, tækifæri til afþreyingar og jafnvel friðsæld komu betur út í Vestmannaeyjum en að jafnaði annars staðar. Þátturinn gæði unglingastarfs var lítið eitt lakari í þessum samanburði könnunarinnar. Aðrir samfélagslegir þættir eru mjög líkir því sem gildir um umsögn fyrir aðra landshluta (Mynd 144).

Tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar fékk mun betri umsögn í Vestmannaeyjum en annars staðar þegar litið var til þátta sem eru frekar á hendi sveitarfélaga (Mynd 145). Þá fengu tónlistarskólar og bókasöfn lítið eitt betri umsögn. Aðrir þættir greina sig ekki frá umsögn sem allir landshlutar fengu að jafnaði.


Vestmannaeyjar höfðu í 3. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 141: Heimilin í Vestmannaeyjum 2017




Mynd 142: Innviðir í Vestmannaeyjum 2017



Mynd 143: Ríkið í Vestmannaeyjum 2017



Mynd 144: Samfélagið í Vestmannaeyjum 2017



Mynd 145: Sveitarfélagið Vestmannaeyjabær 2017

4.3.2.19 Skaftafellssýslur

Íbúar Skaftafellssýslna voru greinilega mun ósáttari við vöruúrval en aðrir þátttakendur könnunarinnar (Mynd 146). Hins vegar voru þeir ánægðari með möguleika til eigin atvinnurekstrar, úrval atvinnu, atvinnuöryggi, launatekjur og jafnvel þjónustu við fólk í fjárhagsvanda. Að öðru leyti bar ekki neitt í milli varðandi viðhorf þeirra og annarra þegar horft var til þátta sem tengjast helst afkomu heimilanna.


Skaftafellssýslur fengu hins vegar yfirleitt lakari umsögn um þætti sem taldir voru til innviða borið saman við aðra landshluta (Mynd 147). Þar munaði mest um umferðaröryggi og íbúðir til sölu og leigu. Almennt öryggi er eini þátturinn sem fékk sömu einkunn og annars staðar en nálægð við fjölbreytta náttúru lítið eitt betri.

Þegar kom að þáttum, sem eru helst á ábyrgð ríkisins, má segja að gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana fengu góða einkunn í þessum samanburði (Mynd 148). Hins vegar fengu nánast allir aðrir þættir verri umsögn en annars staðar nema þjónusta við atvinnulausa sem var mjög sambærileg og á öðrum landsvæðum.


Gæði unglingastarfs var sá samfélagslegi þáttur sem kom hvað verst út í Skaftafellssýslunum í samanburði við aðra landshluta (Mynd 149). Þá kom menningarlíf og gott mannlíf lítið eitt verr út en annars staðar. Þjónusta við útlendinga kom örlítið betur út í þessum landfræðilega samanburði en annars var enginn munur á Skaftafellssýslunum og öðrum landsvæðum.

Gæði leikskóla, félagsheimila og jafnvel grunnskóla fengu verri umsögn í Skaftafellssýslunum en annars staðar (Mynd 150). Aðrir þættir hlutu áþekka umsögn.


Skaftafellssýslur höfnuðu í 17. sæti þegar gefin var út ein einkunn yfir stöðu og mikilvægi búsetuskilyrðanna eins og sjá má í næsta kafla (Tafla 2). Farið verður yfir það nánar síðar.




Mynd 146: Heimilin í Skaftafellssýslum 2017




Mynd 147: Innviðir í Skaftafellssýslum 2017



Mynd 148: Ríkið í Skaftafellssýslum 2017




Mynd 149: Samfélagið í Skaftafellssýslum 2017



Mynd 150: Sveitarfélögin í Skaftafellssýslum 2017

5 STÖÐU- OG MIKILVÆGISGREINING


Í landfræðilegri frávikagreiningu er reynt að bera saman stöðu búsetuskilyrða og mikilvægi fyrir áframhaldandi búsetu í einni mynd en jafnframt í samanburði við aðra landshluta sem tóku þátt í könnuninni. Aðeins einn þáttur (af 40) er skoðaður í hverri mynd. Meðaltal allra landshluta (þátttakenda) er að finna í skurðpunkti ásanna, sem er þá um 3 fyrir stöðuna og rúmir 4,1 í mikilvægi í myndinni hér (Mynd 151). Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Myndin sýnir meðaleinkunn viðkomandi þáttar hjá öllum landshlutum könnunarinnar.



Mynd 151: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - dæmi.

Myndin skiptist í fjóra fjórðunga. Verst er að lenda í þeim sem er niðri til hægri þar sem við sjáum m.a. A-Hún og Strandir og Reykhóla. Þar er staða þáttarins verri en að jafnaði í öðrum landshlutum og meira mikilvægi. Staðan er þeim mun verri því nær sem punkturinn er horninu neðst til hægri. Engan er að finna þar. Staðan er best ef punkturinn lendir í reitnum hægra megin uppi þar sem staðan er betri en að jafnaði annars staðar og mikilvægi meira. Næst best er að lenda í reitnum uppi til vinstri og þar á eftir til vinstri niðri.

Til þess að gera þetta enn greinilegra hafa litaðir kassar verið lagðir yfir fjórðungana í Mynd 151 og má sjá það í Mynd 152. Þar sést að það er verst að lenda í rauða kassanum, næstverst í þeim gula, næstbest í þeim græna og best í þeim bláa.



Mynd 152: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða atvinnuúrvals - dæmi með lituðum fjórðungum.

Gerð var tilraun til að reikna út seldarlífseinkunn til þess að finna landsvæðin með bestu og verstu búsetuskilyrðin að mati heimamanna. Það var gert með því að nýta fráviksgreininguna á stöðu og mikilvægi búsetuþáttanna í einni tölu. Ef staða búsetuþáttarins var fyrir ofan meðaltal alls hópsins (blái og græni kassinn) var gefin hærri einkunn eftir því sem staðan var hærri og mikilvægið meira eða sem næst hornunum hægra megin efst (B og A). Ef staða þáttanna var lakari en meðaltal alls hópsins (guli og rauði kassinn) var gefin einkunn eftir því sem staðan var betri og mikilvægi minna eða í horninu efst vinstra megin (C og D). Útreikningarnir voru ekki flóknir. Fyrir gildin í bláu og grænu kössunum var notuð eftirfarandi aðferð:

$$B = s_i + m_i; s_i - \bar{s} \geq 0 \quad (j.1),$$


eða í rauninni samtala stöðu og mikilvægiseinkunnar og gat því mest náð 10 en lægst 2. Fyrir gildin í rauða og græna kassanum var þetta einkunnin á stöðunni að viðbættum sviganum 6 mínus einkunnin fyrir mikilvægið:

$$B = s_i + (6 - m_i); s_i - \bar{s} < 0 \quad (j.2).$$


Þannig dró einkunn mikilvægis úr einkunn búsetuskilyrðanna, gat þó aldrei orðið lægri en 1 en aldrei meiri en 5. Einkunnin hér gat því orðið mest 10 en lægst 1.

Síðan var ákveðið að gefa 30% bónus á útreiknaða einkunn í hvert skipti sem hún fór á milli lita til batnaðar til að umbuna sérstaklega fyrir það hvernig viðkomandi landsvæði stóð í samanburði við önnur landsvæði að mikilvægi og stöðu. Þannig var útreikningur samkvæmt (j.1) hækkaður um 30% ef einkunn var gul, grænar um 60% ofan á J.2 og bláar 90% á J.2.


5.1 HEIMILIN




Mynd 153: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnurekstur.




Mynd 154: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnuúrval.




Mynd 155: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - atvinnuöryggi.




Mynd 156: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - fjárhagsvandi.




Mynd 157: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - framfærsla.



Mynd 158: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - launatekjur.




Mynd 159: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - vöruúrval.




Mynd 160: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - vöruverð.


5.2 INNVIÐIR




Mynd 161: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íbúðir til sölu.




Mynd 162: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íbúðir til leigu.




Mynd 163: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – náttúra.




Mynd 164: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – nettengingar.




Mynd 165: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – umferð.



Mynd 166: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – vegakerfi.




Mynd 167: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – örugg umferð.




Mynd 168: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – öryggi.


5.3 RÍKIÐ




Mynd 169: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – almenningssamgöngur.




Mynd 170: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – atvinnulausir.




Mynd 171: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – elliheimili.




Mynd 172: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – farsími.




Mynd 173: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – framhaldsskólar.



Mynd 174: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – framhaldsskóli gæði.




Mynd 175: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – háskólar.




Mynd 176: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – heilsugæsla.


5.4 SAMFÉLAGIÐ




Mynd 177: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – afþreying.




Mynd 178: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – aldraðir.




Mynd 179: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – barnafólk.




Mynd 180: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – friðsæld.




Mynd 181: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – mannlíf.



Mynd 182: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – menning.




Mynd 183: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – unglíngastarf.




Mynd 184: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – útlendingar.


5.5 SVEITARFÉLAGIÐ




Mynd 185: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - bókasöfn.




Mynd 186: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða - fatlaðir.




Mynd 187: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – félagsheimili.




Mynd 188: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – grunnskóli.




Mynd 189: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – íþróttir.



Mynd 190: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – leikskóli.



Mynd 191: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – skipulagsmál.



Mynd 192: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – tónlistarskólar.

5.6 SAMANTEKT

Í þessum samantektarkafli verður fyrst dregið upp yfirlit yfir alla landshluta-einkunnir í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna í töflum. Síðan verður gefin lokaumsögn yfir hvern landshluta í sérstökum kafla þar sem

1. fyrst verður horft til útkomu í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna (sjá kafla 5).
2. síðan til niðurstöðu á því sem kallað var almenn velferð íbúanna, ánægja þeirra og framtíðaráform (sjá kafla 4.1)
3. og að síðustu vísbendingum sem komu fram yfir stöðu vinnumarkaðarins (sjá kafla 4.2)

Töflurnar verða fyrst settar fram í næsta kafla en síðan verður vísað til þeirra í köflunum sem á eftir koma og þá verður ljóst hvernig lesa á úr þeim – hafi það vafist fyrir lesandanum. Í raun er um tvennskonar einkunn að ræða í þessum kafla. Í fyrsta lagi er um grófa einkunn að ræða, sem tilgreind er í litum, þar sem blár er besta einkunnin, græn næst besta, gul næst versta og rauð versta (sbr. Mynd 152). Í öðru lagi er reiknuð út einkunn í tölugildi með einum aukastaf eins og útskýrt var með j.1 og j.2 á bls. 109 eða fljótlega þar á eftir.

5.6.1 HEILDAREINKUNNIR LANDSHLUTA

Tafla 2: Heildareinkunn fyrir búsetuskilyrði og innbyrðis röð í landfræðilegri frávíkagreiningu

Sæti	Landsvæði	Heildareinkunn	Blár	Grænn	Gulur	Rauður
1	Skagafjarðarsýsla	9,4	23	9	2	6
2	Akranes og Hvalfjörður	9,3	11	23	5	1
3	Vestmannaeyjabær	9,2	23	7	0	10
4	Norðanverðir Vestfirðir	8,7	26	0	2	12
5	Snæfellsnes	8,5	4	26	10	0
6	Grindavíkurbær	8,1	8	17	12	3
7	Reykjanesbær	8,0	17	6	8	9
8	V-Húnavatnsýsla	7,8	3	21	16	0
9	Rangárvallasýsla	7,5	15	5	1	19
10	Strandir og Reykhólar	7,4	12	5	17	6
11	Sveitarfélagið Garður	7,2	10	8	16	6
12	Sveitarfélagið Vogar	7,2	1	17	21	1
13	Árnessýsla	7,1	13	5	7	15
14	Borgarfjarðarsvæði	6,6	0	15	24	1
15	Sandgerði	6,5	1	14	18	7
16	A-Húnavatnssýsla	6,4	0	14	21	5
17	Skaftafellssýslur	6,3	11	2	2	25
18	Sunnanverðir Vestfirðir	6,0	11	0	1	28
19	Dalir	5,3	5	1	13	21

Einkunnin er á bilinu 0 til 10. Tölurnar undir litunum eru fjöldi búsetuskilyrða sem fengu viðkomandi einkunnir sbr. Mynd 152.

Tafla 3: Búsetuskilyrðaflokkar, landsvæði og árangur í landfræðilegum samanburði

Landsvæði	Frávíks- svæði	Heimilin	Innviðir	Ríkið	Sam- félagið	Sveitar- félagið
A-Húnavatnssýsla	Grænn		5	3	1	5
	Gulur	5	2	4	7	3
	Rauður	3	1	1		
Akranes og Hvalfjörður	Blár	3	1	5		2
	Grænn	4	6	3	5	5
	Gulur	1	1		2	1
	Rauður				1	
Árnessýsla	Blár	3	2	2	2	4
	Grænn	1		4		
	Gulur	3	1		1	2
	Rauður	1	5	2	5	2
Borgarfjarðarsvæði	Grænn	2	3	6	1	3
	Gulur	5	5	2	7	5
	Rauður	1				
Dalir	Blár		1	2	1	1
	Grænn					1
	Gulur	3	1	4	4	1
	Rauður	5	6	2	3	5
Grindavíkurbær	Blár	3	1		1	3
	Grænn	4	6	2	3	2
	Gulur	1	1	6	2	2
	Rauður				2	1
Norðanverðir Vestfirðir	Blár	4	5	5	8	4
	Gulur	1	1			
	Rauður	3	2	3		4
Rangárvallasýsla	Blár	1	4	1	4	5
	Grænn	2		1	2	
	Gulur			1		
	Rauður	5	4	5	2	3
Reykjanesbær	Blár	4	3	5	1	4
	Grænn		1	2	1	2
	Gulur	1	3		3	1
	Rauður	3	1	1	3	1
Sandgerði	Blár					1
	Grænn	2	5	4		3
	Gulur	5	2	4	6	1
	Rauður	1	1		2	3
Skaftafellssýslur	Blár	5	1	1	2	2
	Grænn	1		1		
	Gulur		1		1	
	Rauður	2	6	6	5	6
Skagafjarðarsýsla	Blár	4	2	7	7	3
	Grænn		3	1	1	4
	Gulur		2			
	Rauður	4	1			1
Snæfellsnes	Blár	1	2	1		
	Grænn	7	5	5	6	3
	Gulur		1	2	2	5

Strandir og Reykhólar	Blár		4		5	3
	Grænn	1	2	1	1	
	Gulur	5	1	6	1	4
	Rauður	2	1	1	1	1
Sunnanverðir Vestfirðir	Blár	3	4		2	2
	Gulur			1		
	Rauður	5	4	7	6	6
Sveitarfélagið Garður	Blár		5	1	2	2
	Grænn	2	2	3		1
	Gulur	5	1	2	5	3
	Rauður	1		2	1	2
Sveitarfélagið Vogar	Blár			1		
	Grænn		7	2	5	3
	Gulur	8	1	5	3	4
	Rauður					1
Vestmannaeyjabær	Blár	7	4	4	4	4
	Grænn	1	4		1	1
	Rauður			4	3	3
V-Húnavatnsýsla	Blár	1			1	1
	Grænn	6		5	5	5
	Gulur	1	8	3	2	2

Tölurnar í reitunum eru fjöldi búsetuskilyrða sem fengu viðkomandi einkunnir (litir sbr. Mynd 152) og búsetuskilyrðaflokkar.

Styrkleikar

Samkvæmt heildareinkunn stöðu- og mikilvægisgreiningar búsetuskilyrðanna lenti Reykjanesbær í sjöunda sæti af 19 (Tafla 2). Fimmtán þættir af 40 fengu hæstu einkunn¹². Samkvæmt því liggja styrkleikar¹³ landsvæðisins í þáttum sem tengjast ríkinu¹⁴, heimilunum¹⁵ og sveitarfélaginu¹⁶ (Tafla 3). Fimm þættir ríkisins fengu bláa einkunn en það voru almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla og námsmöguleikar á háskólastigi (sjá kafla 5.3). Reykjanesbær fékk fjórar bláar einkunnir í floknum heimilin. Það var fyrir atvinnuúrval, atvinnuöryggi, vöruúrval og vöruverð (sjá kafla 5.1). Þá fékk Reykjanesbær líka fjórar bláar fyrir flokkinn sveitarfélag. Það var fyrir bókasöfn, grunnskóla, tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar auk leikskóla (sjá kafla 5.5). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk þátturinn tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar hæstu einkunnina í Reykjanesbæ í þessari greiningu, bókasöfn voru önnur í röðinni og grunnskólinn þriðji.

Af öðrum þáttum má helst sjá að vinnusóknarsvæðið var undir meðallagi stórt og konur og yngra fólkið fór styttra á milli heimilis og vinnu en aðrir þátttakendur (Mynd 9). Þá var menntunarstig í Reykjanesbæ yfir meðallagi (Mynd 12) og var sókn í sí- og endurmenntun í meðallagi (Mynd 13).

Veikleikar

Heimilin og samfélagið¹⁷ voru þeir greiningarflokkar sem fengu flestar rauðar einkunnir í stöðu- og mikilvægisgreiningu Reykjanesbæjar (Tafla 3). Níu þættir fengu rauðar einkunnir, þrír af þeim þættir sem flokkast til heimilanna og þrír til samfélagsins. Þjónusta við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður og launatekjur voru þeir þrír þættir sem flokkast til heimilanna (sjá kafla 5.1). Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við barnafólk og menning voru þeir þrír sem flokkuðust til samfélagsins (sjá kafla 5.4). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fengu gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana verstu einkunnina í Reykjanesbæ, menning næstverstu og launatekjur þriðju verstu einkunnina.

¹² Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152). Í rauninni eru tölugildi á bak við hverja einkunn en þær flokkaðar í fernt til að einfalda greininguna og kveða á um hvort viðkomandi þáttur á viðkomandi landsvæði var fyrir ofan eða neðan landsmeðaltöl hvað stöðu og mikilvægi þáttarins varðar (sjá nánar Mynd 152).

¹³ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

¹⁴ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

¹⁵ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuveit og vöruverð.

¹⁶ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

¹⁷ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

Reykjanesbær fékk heldur lága einkunn yfir hamingju íbúanna (Mynd 5). Engin sérstakur munur var þar á afstöðu milli kynjanna og yngri og eldri. Þá var afstaða íbúanna til sveitarfélagsins með því allra lakasta í landfræðilegum samanburði (Mynd 6). Þar er nú eins og yngra fólkið sé heldur neikvæðara en engin munur á milli kynjanna. Þá töldu íbúar Reykjanesbæjar landshlutann ekki eins heppilegan til búsetu og aðrir þátttakendur gerðu um sinn (Mynd 7). Þar er engin munur á milli kynja eða aldurs þátttakenda. Þá voru íbúar Reykjanesbæjar einna líklegastir til að flytja á næstu tveimur árum (Mynd 8). Það kann þó að tengjast því að þar er starfræktur háskóli sem skapar ör skipti á íbúum í yngsta aldurshópnum – þó svo frávik þess hóps skeri sig ekkert sérstaklega úr fráviki hans í öðrum landshlutum.

Af vinnumarkaðslegum þáttum sést að starfsaldur var frekar lágur í Reykjanesbæ (Mynd 10 og Mynd 11). Það getur haft sínar jákvæðu skýringar en lítið er á það sem ókost í þessari skýrslu. Þá var atvinnuþátttaka íbúanna með því minnsta sem mældist í þessari könnun og draga konur og unga fólkið það meðaltal niður. Þá voru íbúar Reykjanesbæjar með eitt lægsta starfshlutfall í könnuninni (Mynd 14).

5.6.3 GRINDAVÍKURBÆR

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lenti Grindavíkurbær í 6. sæti af 19 þegar horft var til heildareinkunarinnar. Átta þættir af 40 fengu hæstu einkunn¹⁸. Samkvæmt því liggja styrkleikar¹⁹ landsvæðisins í þáttum sem tengjast sveitarfélaginu²⁰ og heimilunum²¹ (Tafla 3). Þrír þættir heimilanna fengu hæstu einkunn en það voru atvinnuöryggi, þjónusta við fólk í fjárhagsvanda og launatekjur (sjá kafla 5.1). Grunnskólinn, leikskólinn og tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar voru þeir þrír þættir sveitarfélaganna sem komu vel út í þessum samanburði (sjá kafla 5.5). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fengu tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar hæstu einkunnina í Grindavík í þessari greiningu, atvinnuöryggi kom næst í röðinni og leikskóli fékk þriðju hæstu einkunnina.

Grindavíkurbær kom einnig vel út úr spurningunni: „Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10?“ Hann var með aðra hæstu einkunn og lítill munur á milli einstakra hópa (Mynd 5). Sama gildi um jákvæðni í garð sveitarfélagsins (Mynd 6). Þá var hann bara rétt yfir meðaltali þegar spurt var um hversu ánægðir íbúarnir væru með að búa í landshlutanum (Mynd 7). Enn fremur hugðust frekar fáir flytja brott á næstu tveimur árum, borið saman við aðra landshluta (Mynd 8). Þá virtist aftur vera lítill munur á afstöðu til þessara tveggja atriða milli einstakra hópa (kyn, aldur) innan sveitarfélagsins.

¹⁸ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

¹⁹ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

²⁰ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

²¹ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

Grindvíkingar voru rétt yfir meðaltali þegar spurt var um hvað þeir höfðu starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (Mynd 11).

Veikleikar

Sveitarfélagið²² og samfélagið²³ eru þeir greiningarflokkar sem komu verst út í stöðu- og mikilvægisgreiningunni í Grindavík þar sem tveir af átta þáttum samfélagsins fengu rauða einkunn og einn þáttur sveitarfélagsins og voru það allar rauðu einkunnirnar (Tafla 3). Þess skal þó getið að þrjár rauðar einkunnir er ekki slæm niðurstaða í sjálfu sér. Þjónusta við aldraða og tækifæri til afþreyingar voru þessir tveir þættir samfélagsins og þjónusta við fatlaða þessi eini sem flokkaðist til sveitarfélagsins. Ef horft er til þeirra þátta sem fengu gula einkunn þá kom flokkurinn ríkið²⁴ verst út með sex þætti sem fengu gula einkunn. Þetta voru þættirnir almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili, möguleikar til framhaldsskólanáms, gæði framhaldsskóla og heilsugæslu- og heilbrigðisstofnana. Reyndar voru dvalarheimili á mörkum þess að fá hvaða einkunn sem er (við skurðpunkt ásanna). Þá bættust tveir þættir við flokkana sveitarfélagið og samfélagið, hvorn um sig, þegar horft var á gulu einkunnirnar svo því sé haldið til haga. Það var menning og gott mannlíf í samfélagsflokknum og félagsheimili og tónlistarskóli í sveitarfélagaflokknum. Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fékk þjónusta við fatlaða verstu einkunnina í Grindavík, tækifæri til afþreyingar þá næstverstu og þjónusta við aldraða þriðju verstu einkunnina.

Samkvæmt svörum þátttakenda er Grindavíkurbær víðfeðmur vinnumarkaður (Mynd 9). Það á sérstaklega við um karla og kann að tengjast skekkju í svörum sjómanna eins og nefnt var fyrr í skýrslunni. Grindvíkingar lentu undir meðaltali þegar spurt var út í hversu lengi þeir höfðu verið í núverandi starfi (Mynd 10) en rétt yfir meðaltali þegar spurt var um hversu lengi þeir höfðu starfað hjá núverandi atvinnurekanda (Mynd 11). Þá mældust íbúar Grindavíkurbæjar undir meðallagi í menntunarstigi könnunarinnar (Mynd 12) og ekki nægjanlega duglegir að sækja sér sí- og endurmenntun því þeir höfnuðu í þriðja sæti neðan frá í landfræðilegum samanburði (Mynd 13). Konur eru að vísu duglegri við þetta en karlar en unga fólkið á staðnum dregur óvenju mikið lappirnar í þessum efnum.

²² Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

²³ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

²⁴ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lenti Sandgerði í 15. sæti af 19 þegar horft var til heildareinkunnar (Tafla 2). Samkvæmt henni náði Sandgerði bara einni blárri einkunn²⁵. Til þess að finna styrkleika²⁶ þess þarf því að horfa til þeirra grænu líka. Þar fá innviðirnir²⁷ fimm slíkar. Þeir, ásamt flokknum sveitarfélagið,²⁸ verða því að teljast styrkleikar svæðisins. Í þeim flokki (sjá kafla 5.5) fékk Sandgerði bláa einkunn fyrir grunnskólann og grænar einkunnir fyrir félagsheimili, skipulagsmál og tónlistarskóla. Íbúðir til sölu, nettengingar, greið bílaumferð, vegakerfi og umferðaröryggi voru þeir þættir innviða sem fengu græna einkunn hjá Sandgerði (sjá kafla 5.2). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk grunnskólinn hæstu einkunnina í Sandgerði, greið bílaumferð næsthæstu og umferðaröryggi þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar Sandgerðis mældust í meðallagi hamingjusamir (Mynd 5). Þá voru Sandgerðingar meðal þeirra sem voru ólíklegastir til að flytja brott á næstu tveimur árum (Mynd 8). Að öðru leyti voru þættir sem tengjast almennri ánægju með búsetuna bara í meðallagi (Mynd 6 og Mynd 7). Þá voru Sandgerðingar í meðallagi þegar spurt var um sókn þeirra í sí- og endurmenntun (Mynd 13) og var það eini styrkleikinn sem kom fram á vinnumarkaði af þeim þáttum sem horft var til í þessari könnun.

Veikleikar

Sandgerði fékk ekkert mjög margar rauðar einkunnir, en þær voru sjö. Flestar voru þær þrjár í flokknum sveitarfélagið og svo tvær í samfélagið²⁹. Sé horft til gulu einkunnanna líka þá fékk flokkurinn samfélagið flestar þar eða sex talsins. Bókasöfn, þjónusta við fatlaða og leikskóli voru þeir þrír þættir sveitarfélagsins í Sandgerði sem fengu rauðar einkunnir (sjá kafla 5.5). Þjónusta við barnafólk og útlendinga voru þeir þættir samfélagsins sem fengu rauða einkunn en tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, friðsæld, gott mannlíf, menning og gæði unglingastarfs fengu gula (sjá kafla 5.4). Þess skal getið að flokkurinn heimilin³⁰ fékk eina rauða einkunn og fimm gular og er það svolítið mikið. Lesendum er hins vegar látið eftir að fletta þeim þáttum upp og skoða staðsetningu þeirra (sjá kafla 5.1). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og

²⁵ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

²⁶ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

²⁷ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

²⁸ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

²⁹ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

³⁰ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fengu leiguíbúðir verstu einkunnina í Sandgerði, þjónusta við fatlaða næstverstu og þjónusta við barnafólk þriðju verstu einkunnina.

Vinumarkaður Sandgerðis virðist vera með þeim víðfeðmari (Mynd 9). Enn fremur var starfsaldur með því lægsta sem mældist í könnuninni (Mynd 10 og Mynd 11). Auk þess mældist menntunarstigið hið lægsta af öllum landsvæðunum 19 (Mynd 12). Hins vegar voru Sandgerðingar í meðallagi duglegir hvað varðar endurmenntun (Mynd 13) og er það bót í máli. Þá er atvinnuþátttaka þeirra vel fyrir neðan meðallag (Mynd 14).

5.6.5 SVEITARFÉLAGIÐ GARÐUR

Styrkleikar

Garður lenti í 13. sæti af 19 Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna þegar horft var til heildareinkunnar (Tafla 2). Samkvæmt greiningunni náði Garður 10 bláum einkunnum³¹. Fimm þeirra féllu á innviði³² og voru það langflestar bláar einkunnir á einn einstakan búsetuskilyrðaflokk³³ þeirra Garðsbúa. Hann telst því helsti styrkleiki Garðs og gerir það jafnvel þó horft sé til grænna einkunna líka. Þeir þættir innviða, sem fengu bláar einkunnir, voru íbúðir til sölu, íbúðir til leigu, greið bílaumferð, umferðaröryggi og almennt öryggi (sjá kafla 5.2). Þeir þættir innviða, sem fengu græna einkunnir, voru vegakerfið og nettengingar. Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40 án flokkunar fékk friðsæld hæstu einkunnina í Garði í þessari greiningu, almennt öryggi þá næsthæstu og greið bílaumferð fékk þriðju hæstu einkunnina.

Garðsbúar voru mjög jákvæðir gagnvart sveitarfélagi sínu þar sem þeir lentu í fjórða sæti þegar um það var spurt og lítill munur á milli einstakra hópa (Mynd 6). Þá kom í ljós að íbúar sveitarfélagsins mældust með þeim ólíklegustu til að íhuga brottflutning (Mynd 8).

Í Garðinum mælist vinnusóknarsvæðið frekar lítið (Mynd 9). Þá voru íbúarnir mjög duglegir að sækja sér endurmenntun (Mynd 13) og duglegir hafa þeir verið til vinnu (Mynd 14).

Veikleikar

Til að sjá hvar helstu veikleikar sveitarfélagsins liggja út frá stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna þurfti að horfa bæði til rauðra og gulra einkunna og þá virðast þeir helst liggja í þáttum sem flokka má til sveitarfélagsins³⁴ og samfélagsins³⁵. Sveitarfélagið fékk tvær rauðar einkunnir og þrjár gular. Bókasafn og grunnskóli fengu rauðar einkunnir og þjónusta við fatlaða, félagsheimili og tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar fengu gular (sjá kafla 5.5). Þess skal þó

³¹ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

³² Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

³³ Rifja þá upp: Heimilin, innviðir, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið.

³⁴ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

³⁵ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

getið að rauða einkunnin fyrir grunnskólann var nálægt mörkum þess að liggja í meðaltali yfir stöðu og því mjög væg rauð einkunn. Holt er að fletta upp myndunum og skoða myndræna afstöðu þessara einkunna. Þegar horft var til samfélagsins þá fékk þjónusta við barnafólk rauða einkunn en tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, gott mannlíf, menning og þjónusta við fólk af erlendum uppruna gular einkunnir (sjá kafla 5.4). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk þjónusta við barnafólk verstu einkunnina í Garði, dvalarheimili næstverstu og þjónusta við fólk í fjárhagsvanda þriðju verstu einkunnina.

Garðsbúar lentu í neðsta sæti þegar spurt var um hamingju þátttakenda (Mynd 5). Þar dregur umsögn unga fólksins meðaltalið verulega niður. Þá fannst íbúunum ekki eins gott að búa í landshlutanum og þátttakendum annarra landshluta í sínum, en þó eru konurnar í Garðinum jákvæðari en aðrir þátttakendur þar (Mynd 7). Þessi afstaða virðist ekki leiða til þess að fólk íhugi brottflutning (Mynd 8).

Starfsaldur var frekar lágur í Garðinum (Mynd 10 og Mynd 11). Þá var menntunarstig nánast hvergi minna (Mynd 12) en færri eru jafn duglegir að sækja sér endurmenntun og þar eins og áður sagði.

5.6.6 SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

Styrkleikar

Einn þáttur í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk hæstu mögulegu einkunn³⁶ í Vogunum. Það þarf því að horfa til grænna einkunna líka til að finna hvar styrkleikarnir liggja. Þá kom í ljós að styrkleikarnir liggja í innviðum³⁷ og samfélaginu³⁸. Sjö þættir innviðanna fengu græna einkunn: Íbúðir til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, nettengingar, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi (sjá kafla 5.2). Þá fékk samfélagið grænar einkunnir á fimm þætti. Það voru þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf og gæði unglingastarfs (sjá kafla 5.4). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk friðsæld hæstu einkunnina í Vogunum í þessari greiningu, nálægð við fjölbreytta náttúru þá næsthæstu og almennt öryggi fékk þriðju hæstu einkunnina.

Þegar horft var til þátta, sem tengjast almennri velferð og framtíðaráformum, kom fyrst í ljós að engir íbúar mældust hamingjusamari en íbúar Voganna (Mynd 5). Þá voru þeir yfir meðallagi ánægðir með sitt sveitarfélag (Mynd 6). Þegar kom að þáttum sem tengjast vinnumarkaðnum þá var atvinnuþátttaka einhver hin mesta í Vogunum í þessum samanburði milli svæða (Mynd 14).

³⁶ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

³⁷ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

³⁸ Rifjum upp mögulega flokka greiningarinnar: Heimilin, innviðir, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið. Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

Veikleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lentu Vogar í 12. sæti af 19 þegar horft var til heildareinkunnar (Tafla 2). Þó var það þannig að einvörðungu einn þáttur greiningarinnar fékk rauða einkunn og þurfti því að horfa til þeirra gulu til að sjá hvar veikleikarnir lágu helst. Þá kom í ljós að veikleikarnir voru heimilin³⁹ og ríkið⁴⁰. Allir þættir heimilisins fengu gula einkunn (sjá kafla 5.1). Fimm þættir ríkisins fengu gula einkunn. Það voru þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana (sjá kafla 5.3). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana verstu einkunnina í Vogum, félagsheimili næstverstu og vöruúrval þriðju verstu einkunnina.

Íbúar svæðisins voru undir meðallagi þegar spurt var um hversu gott það væri að búa í landshlutanum (Mynd 7). Þá voru þeir óvenju líklegir til að flytja brott á næstu tveimur árum (Mynd 8) miðað við hversu nærri höfuðborgarsvæðinu þeir búa.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er vinnusóknarsvæðið yfir meðallagi stórt (Mynd 9). Þá mældist starfsaldur/starfsreynsla með því lægsta sem sást þessum í landfræðilega samanburði og munar þar mest um hversu lágt unga fólkið mældist (Mynd 10 og Mynd 11). Það er sama tilhneiging og kom fram í Reykjanesbæ, Akranesi og Hvalfirði eins og minnst var á fyrr. Að síðustu þá mældist menntunarstig íbúanna lítið eitt undir meðallagi (Mynd 12) og sama gildi um sókn í sí- og endurmenntun (Mynd 13).

5.6.7 AKRANES OG HVALFJÖRÐUR

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna liggja styrkleikar⁴¹ Akraness og Hvalfjarðar í búsetuskilyrðum sem flokkast til ríkisins⁴² og heimilanna⁴³, þar sem fimm þættir með bláa einkunn töldust til flokksins ríkið og þrír til heimilanna (Tafla 3). Þeir þættir ríkisins sem fengu þessa góðu einkunn og umsögn voru almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili, gæði framhaldsskóla, heilsugæsla og sjúkrastofnanir (sjá kafla 5.3). Hvað heimilin varðar voru það þættirnir framfærsla, atvinnuöryggi og úrval atvinnu sem sköruðu fram úr með bláa einkunn (sjá kafla 5.1). Þegar skoðaðar voru einkunnir (tölugildin) allra þáttanna 40 án tillits

³⁹ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

⁴⁰ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁴¹ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði, sbr. sbr.hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁴² Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁴³ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

til flokkanna fékk gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana hæstu einkunnina í matinu hjá Akranesi og Hvalfirði, bókasöfn kom næst í röðinni og atvinnuöryggi fékk þriðju hæstu einkunnina. Síðast en ekki síst var heildareinkunn þessarar greiningar næsthæst á Akranesi og í Hvalfirði (Tafla 2).

Aðrir kostir Akraness og Hvalfjarðar eru að íbúarnir voru yfir meðallagi á hamingjukvarðanum (Mynd 5). Þeir voru jákvæðastir allra íbúa í garð sveitarfélagsins en lítið eitt lakari var afstaða yngsta aldurshópsins og þeirra sem búa í dreifbýli (Mynd 6). Þá voru íbúar svæðisins einna ánægðastir með að búa í þeim landshluta þar sem þeir búa (Mynd 7). Enn fremur voru íbúar Akraness og Hvalfjarðar ólíklegastir til að flytja brott á næstu tveimur árum og voru íbúar dreifbýlisins mun ólíklegri en þéttbýlisins (Mynd 8).

Þegar kom að vinnumarkaði kom í ljós að íbúar svæðisins þurfa að fara frekar stutt til vinnu (Mynd 9). Aðrir þættir, er tengjast vinnumarkaðnum, eru yfirleitt í góðu meðallagi (Mynd 10-12).

Veikleikar

Þegar farið hefur verið yfir styrkleika þessa svæðis gæti maður haldið að lítill texti kæmi undir veikleika. En þegar hugmyndafræðin um hlutfallslega yfirburði er höfð til hliðsjónar er alltaf um veikleika og styrkleika að ræða. Einn þáttur fékk rauða einkunn í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna og fimm gular. Flokkurinn samfélagið⁴⁴ kom verst út þegar horft var til þessarar flokkunar með eina rauða einkunn og tvær gular. Tækifæri til afþreyingar fengu rauða einkunn en kom ekki mjög illa út (sjá kafla 5.4). Athygli vekur, þegar sú spurning er skoðuð sérstaklega, að íbúar í dreifbýli voru ánægðari með þennan lið en þeir sem búa í þéttbýli (Mynd 15). Að öðru leyti var enginn munur á umsögn ungra og eldri eða karla og kvenna gagnvart þessum þætti. Friðsæld og menningarlíf voru svo hinir tveir þættirnir sem fengu gula einkunn (sjá kafla 5.4). Ungu fólkið var heldur óánægðara með menningarlífið en aðrir íbúar en það á nú við um fleiri landshluta (Mynd 43).

Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk tækifæri til afþreyingar verstu einkunnina, menning næstverstu og félagsheimili þriðju verstu einkunnina.

Helsti veikleiki svæðisins, þegar horft var til þátta sem tengjast vinnumarkaðnum, var að líkt og í Reykjanesbæ virðist atvinnuþátttaka ungra vera heldur lág, sem er mjög óheppileg soun þar sem þetta er sá hópur hvers samfélags sem hefur mest starfsþrek meðal íbúanna (Mynd 14). Þá kom fram að ungt fólk á svæðinu fer langt til vinnu í samanburði við aðra íbúa og er sá munur jafnvel meiri en á mörgum öðrum svæðum (Mynd 9). Þá gætu íbúarnir alveg verið duglegri við að sækja sér endurmenntun – einkum unga fólkið (Mynd 13).

⁴⁴ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna liggja styrkleikar⁴⁵ Borgarfjarðar-svæðis í búsetuskilyrðum sem flokkast til ríkisins⁴⁶ og að einhverju leyti innviða⁴⁷ og sveitarfélagsins⁴⁸ (Tafla 3). Að vísu fengu engir þættir bláa einkunn (Mynd 152). Þeir þættir ríkisins, sem komu svona vel út, voru almenningssamgöngur, dvalarheimili, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana (sjá kafla 5.3). Hvað innviði varðar voru það íbúðir til sölu, íbúðir til leigu og nálægð við fjölbreytta náttúru sem sköruðu fram úr (sjá kafla 5.2). Leikskóli, þjónusta við fatlaða og félagsheimili voru þeir þrír flokkar sveitarfélagsins sem komu hvað best út í þessum samanburði (sjá kafla 5.5). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk nálægð við fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina á Borgarfjarðarsvæði í þessari greiningu, dvalarheimili kom næst í röðinni og leikskóli fékk þriðju hæstu einkunnina.

Borgfirðirngar urðu yfir meðallagi þegar leitað var vísbendinga fyrir starfsaldur og/eða starfsreynslu (Mynd 10 og Mynd 11). Sama gildi um menntunarstig þeirra (Mynd 12) en á mótí voru þeir mun slappari í að sækja sér endurmenntun (Mynd 13). Þá voru Borgfirðingar í meðallagi hvað varðar atvinnuþátttöku ef nota má starfshlutfall sem vísbendingu um það (Mynd 14).

Veikleikar

Enginn þáttur á þessu landsvæði fékk bláa einkunn⁴⁹ en að sama skapi fékk bara einn rauða einkunn. Það var úrval atvinnu sem telst til heimilanna⁵⁰. Það er á vissan hátt huggun harmi gegn þar sem einvörðungu einn af þeim þáttum sem fá laka umsögn skoraði hátt á mikilvægis-kvarðanum. Það vinnur með landsvæðinu þar sem það lenti í 14. sæti yfir heildareinkunn þessarar greiningar (Tafla 2). Fimm þættir í heimilisflokknum fengu gula einkunn (sjá kafla 5.1). Það voru möguleikar til eigin atvinnureksturs, atvinnuöryggi, þjónusta við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður og launatekjur. Hins vegar fengu nærri allir þættir samfélagsins⁵¹ gula einkunn (sjá kafla 5.4). Einungis þjónusta við aldraða (sem flokkast til samfélagsins) fékk betri einkunn, þá grænu. Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu

⁴⁵ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁴⁶ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁴⁷ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnaði til sölu, framboð á húsnaði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁴⁸ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

⁴⁹ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁵⁰ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

⁵¹ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

búsetuskilyrðanna, fékk úrval atvinnu verstu einkunnina á Borgarfjarðarsvæði, launatekjur þá næstverstu og vegakerfið þriðju verstu einkunnina.

Íbúar Borgarfjarðarsvæðis voru undir meðallagi hamingjusamir (Mynd 5). Þá kom landsvæðið illa út þegar spurt var um afstöðu íbúanna til sveitarfélagsins (Mynd 6). Þar voru yngri þátttakendurnir og þeir sem búa í dreifbýli mun óánægðari en aðrir, einnig þegar spurt var um hvort gott væri að búa í landshlutanum (Mynd 7). Þar var unga fólkið mun neikvæðara en það eldra. Þá voru Borgfirðingar meðal líklegustu þátttakenda til að flytjast brott (Mynd 8).

Þegar horft var til þátta, sem tengjast vinnumarkaðnum, var Borgarfjarðarsvæði yfirleitt fyrir miðju alls staðar. Ungu fólkið þarf greinilega að ferðast meira en aðrir vegna vinnu (Mynd 9). Þá hefðu íbúarnir geta verið iðnari við sí- og endurmenntun (Mynd 13). Þar munar mest um hvað unga fólkið situr mikið hjá og er það reyndar svo að í fáum öðrum landshlutum er munurinn á unga fólkinu og hinu eldra svona mikill hlutfallslega. Konurnar voru reyndar mun duglegri en karlarnir að sækja sér sí- og endurmenntun en það á við um flesta aðra landshluta.

5.6.9 SNÆFELLSNES

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lenti Snæfellsnes í fimmta sæti af 19 þegar horft var til heildareinkunnar (Tafla 2). Samt náði Snæfellsnes bara fjórum bláum einkunnum⁵². Ástæðan fyrir því að svæðið lendir svona ofarlega í heildareinkunninni er að engar rauðar einkunnir falla því í skaut. Það þýðir að þeir þættir sem taldir voru standa verr en annars staðar eru jafnframt undir meðallagi í mikilvægi í þessum samanburði. Ekkert svæði annað nema V-Húnavatnssýsla fékk enga rauða einkunn.

Þessar bláu einkunnir voru gefnar möguleikum til eigin atvinnurekstrar (heimilin), nálægð við fjölbreytta náttúru (innviðir⁵³), nettengingar (innviðir) og farsímasamband (ríkið⁵⁴) (sjá kafla 5.1-5.3). Reyndar voru bæði farsímasamband og sérstaklega nettengingar á mörkunum að falla undir meðaltal þegar spurt var um stöðu þeirra þátta í stað þess að vera yfir eins og þeir rétt svo ná. Þegar horft var líka til grænu einkunnanna má krýna flokkinn heimilin⁵⁵ sem sterkasta flokkinn af hinum fimm flokkum búsetuskilyrða⁵⁶ því allir þættir hans fengu þá annað hvort bláa einkunn eða græna: Einn fékk bláa eins og áður kom fram og hinir sjö fengu grænar: atvinnuúrval, atvinnuöryggi, þjónusta við fólk í fjárhagsvanda, vöruúrval, framfærslukostnaður, launatekjur og vöruverð (sjá kafla 5.1). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk nálægð við

⁵² Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁵³ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnaði til sölu, framboð á húsnaði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁵⁴ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁵⁵ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

⁵⁶ Rifja þá upp: Heimilin, innviðir, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið.

fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina á Snæfellsnesi, farsímasamband þá næsthæstu og nettengingar fengu þriðju hæstu einkunnina.

Snæfellingar eru vel yfir meðallagi jákvæðir gagnvart sveitarfélögum sínum nema hvað fólkið í sveitunum er óánægðara en þorpararnir (Mynd 6). Þá eru Snæfellingar í meðallagi ánægðir með að búa í landshlutanum og frekar konur en karlar (Mynd 7). Sést varla viðlíka munur á kynjunum annars staðar.

Á Snæfellsnesi er vinnusóknarsvæðið frekar lítið (Mynd 9) en er reyndar óvenju víðfeðmt hjá ungu fólki og sveitafólki. Þá var starfsaldur Snæfellinga í meðallagi (Mynd 10 og Mynd 11) og atvinnuþátttaka/starfshlutfall einnig (Mynd 14).

Veikleikar

Snæfellsnes fékk flestar gulu einkunnirnar, eða fimm, á þætti sem flokkast undir sveitarfélag⁵⁷. Þetta voru þættirnir bókasöfn, félagsheimili, tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar, leikskóli og tónlistarskóli (sjá kafla 5.5). Það skal þó tekið fram að í rauninni er einkunnin aðeins alvarleg í tilviki bókasafna þar sem staða þess þáttar var langt undir meðaltali á meðan allir hinir voru alveg við meðaltalið. Gott er að fletta þessum myndum (Mynd 153 til Mynd 192) og skoða afstöðu síns svæðis og það hversu hátt eða lágt á stöðu- og mikilvægisásunum punktarnir lenda. Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fengu leiguíbúðir verstu einkunnina á Snæfellsnesi, námsmöguleikar á háskólastigi næstverstu og tækifæri til afþreyingar þriðju verstu einkunnina.

Snæfellingar voru undir meðallagi þegar spurt var um hamingju þeirra (Mynd 5). Þar dregur yngra fólkið þetta meðaltal niður en bæði konurnar og fólkið í sveitinni hífir það upp. Af þeim landshlutum, sem voru með í þessari könnun, eru Snæfellingar þó einna líklegastir til að flytjast brott og var fólkið í sveitunum líklegra en þorpsbúar og finnst ekki annar eins munur á milli sveita og þorpa annars staðar í þessari spurningu (Mynd 8).

Af vinnumarkaðspáttum mældist menntunarstig Snæfellinga vel undir meðaltali (Mynd 12) og engir draga lappirnar eins mikið hvað varðar endurmenntun (Mynd 13).

5.6.10 DALIR

Styrkleikar

Fimm þættir stöðu- og mikilvægisgreiningar búsetuskilyrðanna fengu bestu einkunn⁵⁸. Þeir dreifðust reyndar á fjóra flokka og því bara einn flokkur sem fær tvisvar sinnum bestu einkunn,

⁵⁷ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

⁵⁸ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

ríkið⁵⁹. Það var fyrir þættina dvalarheimili og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana. Aðrir þættir Dalanna, sem fengu bestu einkunn, voru nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld, og félagsheimili (sjá kafla 5). Hér var ákveðið að tilgreina alla þætti, sem fengu hæstu einkunn, vegna þess að bara einn þáttur fékk næstbestu einkunn, sem er mjög sérstök niðurstaða, en það var þátturinn skipulagsmál. Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk friðsæld hæstu einkunnina (í tölugildi) í Dölunum í þessari greiningu, nálægð við fjölbreytta náttúru kom næst í röðinni og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana fékk þriðju hæstu einkunnina.

Í ljósi þess sem kemur fram hér neðar í kaflanum (veikleikar) er tengist ánægju með búsetu þá var óvænt að sjá Dalamenn skipa sér í hóp þeirra þátttakenda könnunarinnar sem sögðust vera ólíklegastir til að flytjast brott á næstu tveimur árum (Mynd 8).

Þegar kom að þáttum, sem tengjast vinnumarkaðnum, mældist vinnusóknarsvæði Dalanna eitt það minnsta í landfræðilegum samanburði (Mynd 9). Það er kostur en kemur væntanlega til af því að hefðbundinn landbúnaður er stór atvinnugrein á svæðinu. Það segir nú ekki alla söguna því þeir sem búa í dreifbýli Dalanna svöruðu því til að lengra sé á milli heimilis og vinnustaðar þeirra en þeir sem sögðust búa í þéttbýli. Þá er starfsaldur með því hæsta sem mældist í þessari könnun (Mynd 10 og Mynd 11). Sama gildir um atvinnuþátttöku (Mynd 14). Þar munaði mest um framlag unga fólksins sem skar sig einna mest úr á landsvísi. Hér gæti þó slæleg þátttaka þess hóps verið að skekkja útkomuna.

Veikleikar

Innviðir⁶⁰ og heimilin⁶¹ og sveitarfélagið⁶² eru þeir greiningarflokkar sem komu verst út í stöðu- og mikilvægisgreiningunni. 21 þáttur af 40 fengu rauða einkunn. Þar tilheyrðu sex innviðum, fimm heimilum og jafn margir sveitarfélaginu. Þessir sex voru íbúðir til leigu, nettengingar, greið bílaumferð, vegakerfið, umferðaröryggi og almennt öryggi. Þættirnir fimm, sem teljast til heimilanna, voru möguleikar til eigin atvinnureksturs, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval og vöruverð. Þeir þættir, sem fengu verstu einkunn undir flokknum sveitarfélagið, voru bókasöfn, þjónusta við fatlaða, grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli. Dalirnir fengu lægstu einkunnina í stöðu- og mikilvægisgreiningunni (Tafla 2). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fékk vöruverð verstu einkunnina í Dölum, vegakerfið þá næstverstu og launatekjur þriðju verstu einkunnina.

Íbúar Dalanna voru með þeim óhamingjusömustu í þessari könnun (Mynd 5). Þar lækkar afstaða unga fólksins meðaltalið verulega og í raun er munurinn á hamingju unga fólksins og annarra þátttakenda hvergi meiri en í Dölunum samkvæmt ummælum þeirra. Þá komu Dalir frekar illa út úr spurningunni, sem átti að mæla viðhorf þátttakenda til síns sveitarfélags (Mynd 6), og einnig

⁵⁹ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁶⁰ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁶¹ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustual og vöruverð.

⁶² Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

þegar spurt var „*telur þú almennt séð, vera gott eða slæmt að búa í landshlutanum?*“ (Mynd 7). Þar var yngra fólk frekar á þeirri skoðun sem og þeir sem búa í dreifbýli. Af þeim þáttum sem tengjast vinnumarkaðnum kom menntun frekar illa út fyrir Dalina (Mynd 12).

5.6.11 STRANDIR OG REYKHÓLAR

Styrkleikar

Rétt er að geta þess að Strandir og Reykhólar eru á mörkunum að vera eitt samfellt þjónustusvæði – einkum að vetri til. Tólf þættir í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu hæstu mögulega einkunn⁶³ á Ströndum og Reykhólum. Flestar féllu þær á þætti sem flokkast til innviða⁶⁴ og samfélagsins⁶⁵ í þessari skýrslu. Þættirnir, sem fengu þessa einkunn undir flokknum samfélag, voru þessir fimm: þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menning og gæði unglingastarfs (sjá kafla 5.4). Undir innviðum voru þeir þessir fjórir: íbúðir til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, vegakerfi og almennt öryggi (sjá kafla 5.2). Strandir og Reykhólar höfnuðu í 10. sæti af 19 þegar gefin var heildareinkunn fyrir alla 40 þættina (Tafla 2). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk nálægð við fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina á Ströndum og Reykhólum í þessari greiningu, friðsæld þá næsthæstu og gott mannlíf fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar Stranda og Reykhóla voru í meðallagi þegar spurt var hversu hamingjusamir þátttakendur könnunarinnar væru (Mynd 5). Það var helst að unga fólkið drægi meðaltalið niður. Þegar kom að þáttum, sem tengjast vinnumarkaðnum, voru íbúarnir með nokkuð langan starfsaldur (Mynd 10 og Mynd 11) og voru mjög duglegir við endurmenntun, einkum konurnar (Mynd 13).

Veikleikar

Strandir og Reykhólar fengu 6 rauðar einkunnir af 40 í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna. Þær dreifðust eins jafnt á milli búsetuskilyrðaflokkanna fimm eins og unnt var. Þegar horft var til gulu einkunnanna líka þá kom flokkurinn ríkið⁶⁶ verst út og var því veikasti hlekkurinn. Þar fékk farsímasamband rauða einkunn og sex þættir fengu gula. Það voru almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldskólanáms og námsmöguleikar á háskólastigi (sjá kafla 5.3). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu

⁶³ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁶⁴ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁶⁵ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

⁶⁶ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

nettengingar verstu einkunnina á Ströndum og Reykhólum, atvinnuöryggi næstverstu og skipulagsmál þriðju verstu einkunnina.

Íbúar svæðisins voru lítið eitt undir meðallagi þegar spurt var um jákvæðni í garð sveitarfélagsins (Mynd 6) en vel undir meðallagi þegar spurt var um hversu gott það væri að búa í landshlutanum (Mynd 7). Þá voru þeir meðal líklegustu íbúa til að flytjast brott á næstu tveimur árum (Mynd 8).

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er vinnusóknarsvæði Stranda og Reykhóla hið stærsta meðal þátttakenda og þar hækkar unga fólkið meðaltalið mikið (Mynd 9). Menntunarstig íbúanna mælist vel undir meðallagi (Mynd 12). Hins vegar eru þeir mjög duglegir við endurmenntun eins og áður sagði (Mynd 13). Þá er atvinnuþátttaka einhver hin minnsta í þessum samanburði milli svæða (Mynd 14).

5.6.12 SUNNANVERÐIR VESTFIRÐIR

Styrkleikar

Ellefu af 40 þáttum í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu hæstu einkunn⁶⁷ á sunnanverðum Vestfjörðum. Samkvæmt greiningunni liggja styrkleikar⁶⁸ landsvæðisins í þáttum sem tengjast heimilunum⁶⁹ og innviðum⁷⁰ (Tafla 3). Fjórir þættir innviðanna fengu hæstu einkunn en það voru íbúðir til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð (engar umferðarteppur) og almennt öryggi (sjá kafla 5.2). Þrír þættir heimilanna fengu líka hæstu einkunn. Það voru atvinnuúrval, atvinnuöryggi og launatekjur (sjá kafla 5.1). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk friðsæld hæstu einkunnina á sunnanverðum Vestfjörðum í þessari greiningu, nálægð við fjölbreytta náttúru þá næsthæstu og almennt öryggi fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar sunnanverðra Vestfjarða sækja ekki vinnu um langan veg samkvæmt umsögn þeirra þar um (Mynd 9). Það er helst að slíkt eigi við um unga fólkið og fólk sem býr í dreifbýli.

Veikleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lentu sunnanverðir Vestfirðir í 18. sæti af 19 (Tafla 2). Af 40 einkunnum voru 28 rauðar. Athygli vekur að nánast allar einkunnir eru

⁶⁷ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁶⁸ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rötgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁶⁹ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuveit og vöruverð.

⁷⁰ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

bláar eða rauðar. Af þessum 28 rauðu einkunnum átti ríkið⁷¹ sjö, samfélagið⁷² sex og sveitarfélögin sex (Tafla 3). Í hverjum flokki eru átta þættir þannig að eingöngu einn þáttur ríkisins fékk ekki rauða einkunn. Það voru námsmöguleikar á háskólastigi sem fékk gula einkunn (sjá kafla 5.3). Af rauðum einkunnum fékk farsímasamband verstu einkunnina. Samfélagsþættirnir sex voru tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, menning, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna (sjá kafla 5.45.1). Þættirnir sex sem hlutu rauða einkunn og flokkaðir voru undir sveitarfélög voru bókasöfn, þjónusta við fatlaða, grunnskólinn, tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar, leikskóli og skipulagsmál (sjá kafla 5.5). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk vegakerfið verstu einkunnina á sunnanverðum Vestfjörðum, vöruverð næstverstu og vöruúrval þriðju verstu einkunnina.

Sunnanverðir Vestfirðir lentu vel undir meðallagi í umsögn íbúanna um hamingju sína og dró unga fólkið meðaltalið niður en konur upp (Mynd 5). Þá voru íbúar svæðisins undir miðlungi ánægðir með sveitarfélagið sitt (Mynd 6). Þar voru konur reyndar ánægðari en karlar, en þeir sem búa í dreifbýli töluvert óánægðari en þeir sem búa í þéttbýli. Íbúar sunnanverðra Vestfjarða töldu landshlutann ekki eins heppilegan til búsetu og aðrir þátttakendur gerðu um sinn (Mynd 7). Þar munaði mest um hvað unga fólkið og þeir sem búa í sveitum drógu það meðaltal niður. Þá voru íbúar sunnanverðra Vestfjarða meðal þeirra sem líklegastir voru til að flytja (Mynd 8).

Starfsaldur/starfsreynsla á sunnanverðum Vestfjörðum var með því lægsta sem fram kom í könnuninni (Mynd 10 og Mynd 11). Þá mældist menntunarstig landshlutans undir meðallagi (Mynd 12) og sókn í endurmenntun líka (Mynd 13). Að auki nær atvinnuþátttaka ekki meðaltalinu (Mynd 14). Þar munar mest um lítið framlag kvenna og er í reynd þannig að það er hvergi lægra meðal þeirra 19 landsvæða sem tóku þátt í könnuninni.

5.6.13 NORÐANVERÐIR VESTFIRÐIR

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna liggja styrkleikar⁷³ norðanverðra Vestfjarða víða. Þeir fengu fjölda blárra einkunna⁷⁴, eða 26 af 40, en mest var það í þáttum sem flokkast til samfélagsins⁷⁵ (Tafla 3). Allir átta þættir flokksins fengu bláa einkunn: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf,

⁷¹ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁷² Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

⁷³ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁷⁴ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁷⁵ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna. Þarna standa tækifæri til afþreyingar, gott mannlíf, menning, þjónusta við fólk af erlendum uppruna og jafnvel þjónusta við aldraða lang best að vígi (sjá kafla 5.4). Þá fengu fimm þættir ríkisins⁷⁶ og fimm þættir innviða⁷⁷ líka bláar einkunnir (Tafla 3). Reyndar er gríðarlega athyglisvert að sjá norðanverða Vestfirði annað hvort lenda í bláum eða rauðum einkunnum og nánast ekkert þar á milli. Fjöllum um rauðu einkunnirnar síðar en norðanverðir Vestfirðir lentu í fjórða sæti í heildarmati stöðu- og mikilvægisgreiningarinnar (Tafla 2). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk friðsæld hæstu einkunnina á norðanverðum Vestfjörðum í þessari greiningu, nálægð við fjölbreytta náttúru kom næst í röðinni og almennt öryggi fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar á norðanverðum Vestfjörðum skipa sér í raðir hamingjusömustu íbúa þess hluta landsins sem könnunin náði til (Mynd 5). Lítil breytileiki er á milli einstakra hópa landsvæðisins. Þá eru íbúarnir líka jákvæðir í garð sinna sveitarfélaga (Mynd 6). Enn fremur eru engir íbúar eins ánægðir með að búa í þeim landshluta sem þeir búa (Mynd 7). Að þessu sögðu er því sorglegt að sjá landshlutann lenda fyrir miðju þegar kemur að líkunum á að flytjast brott (Mynd 8).

Norðanverðir Vestfirðir eru með miðlungi stórt vinnusóknarsvæði (Mynd 9). Athygli vekur þó að unga fólkið virðist sækja vinnu um mun lengri veg en aðrir og konur sem og íbúar dreifbýlisins sækja mun skemur til vinnu. Fá önnur landsvæði höfðu svo mikinn mun á milli þessara hópa og meðaltalsins fyrir alla íbúa. Menntunarstig landshlutans mældist nokkuð hátt í landfræðilegum samanburði (Mynd 12). Þá eru íbúarnir meðal þeirra duglegustu í að sækja sér sí- og endurmenntun (Mynd 13).

Veikleikar

Þrátt fyrir að hafa fengið bláa einkunn fyrir svo marga þætti fékk landshlutinn líka margar rauðar einkunnir eða 12 alls. Flestar voru þær í búsetuskilyrðaflokknum sveitarfélag⁷⁸ eða fjórar alls. Það voru þættirnir grunnskóli, leikskóli, tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar og skipulagsmál (sjá kafla 5.5). Þrír síðastnefndu þættirnir voru með mjög væga rauða einkunn sökum þess hve nálægt meðaltali þeir lágu. Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fékk vegakerfið verstu einkunnina á norðanverðum Vestfjörðum, atvinnuúrval næstverstu og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana þriðju verstu einkunnina.

Þá er óheppilegt hvað það eru margir sem hyggjast flytjast brott miðað við hvað fólk er samt ánægt með mjög margt í þessum landshluta, eins og áður sagði. Það kann að vera vegna atvinnumála en með frekari talnarýni var hægt að varpa skýrara ljósi á það. Tölfræðileg greining gaf til kynna að helst mætti rekja þetta til möguleika til eigin atvinnureksturs, heilsugæslu, þjónustu við barnafólk, leikskóla og þáttar sem kallaður var gott mannlíf.

⁷⁶ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁷⁷ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁷⁸ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

Starfsaldur og þá starfsreynsla af því tagi mældist í tæpu meðallagi á svæðinu (Mynd 10 og Mynd 11) og það sama má segja um atvinnuþátttöku (Mynd 14).

5.6.14 V-HÚNAVATNSSÝSLA

Styrkleikar

V-Húnavatnssýsla hlaut 8. sæti af 19 í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna þegar horft var til heildareinkunnar greiningarinnar. Samt náði V-Húnavatnssýsla bara þremur bláum einkunnum⁷⁹. Þess vegna þarf að horfa til grænna líka til að finna styrkleika svæðisins. Þeir lágu hjá heimilunum⁸⁰ þar sem einn þátturinn fékk bláa einkunn og sex grænar. Af þeim fengu möguleikar til atvinnurekstrar bláa einkunn og úrval atvinnu, atvinnuöryggi, þjónusta við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, vöruúrval og vöruverð græna einkunn (sjá kafla 5.1). Hins vegar fékk V-Húnavatnssýsla enga rauða einkunn sem útskýrir hvers vegna þeir náðu 7. sæti þrátt fyrir fáar bláar einkunnir. Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40 án flokkunar, fengu bókasöfn hæstu einkunnina í V-Húnavatnssýslu í þessari greiningu, menning þá næsthæstu og gott mannlíf fékk þriðju hæstu einkunnina.

V-Húnavetningar voru með þeim jákvæðustu í garð sinna sveitarfélaga þar sem þeir lentu í fimmta sæti þegar um það var spurt og ekki mikill munur á milli einstakra hópa – helst að yngri þátttakendur og þeir sem bjuggu í dreifbýli væru lítið eitt neikvæðari (Mynd 6). Þá voru íbúarnir í miðlungi ánægðir með búsetu í landshlutanum (Mynd 7) og líka þegar spurt var hversu líklegt væri að þeir flyttu frá landshlutanum á næstu tveimur árum (Mynd 8).

Í V-Húnavatnssýslu mældist vinnusóknarsvæðið með þeim minnstu en það var helst fólk í dreifbýli og yngra fólkið sem hífði það meðaltal upp (Mynd 9). Þá var starfsaldur og -reynsla með því mesta sem mældist í könnuninni (Mynd 10 og Mynd 11).

Veikleikar

Horfa þurfti til gulu einkunnanna til að greina veikleika í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, þar sem engar rauðar einkunnir voru gefnar. Samkvæmt þeim voru innviðirnir⁸¹ veiki hlekkur svæðisins. Þetta eru þættirnir íbúðir til sölu, íbúðir til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, nettengingar, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi (sjá kafla 5.2). Aðrir flokkar voru með mikið færri gular einkunnir og innviðirnir því óskoraðir handhafar þessarar vafasömu útnefningar. Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk vegakerfið verstu einkunnina í V-Húnavatnssýslu, leiguíbúðir næstverstu og launatekjur þriðju verstu einkunnina.

⁷⁹ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁸⁰ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustual og vöruverð.

⁸¹ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

V-Húnavatnssýsla lenti í næstneðsta sæti þegar spurt var um hamingju þátttakenda og var engin munur eftir hvers kyns, aldurs þátttakendur voru eða eftir búsetu m.t.t. dreifbýlis eða þéttbýlis (Mynd 5). Þar dró umsögn unga fólksins meðaltalið verulega niður.

Menntunarstig íbúanna mældist með því allra lægsta (Mynd 12) og ekki virtust þeir ætla sér að vinna það upp með einhverri endurmenntun en þeir voru næstneðstir í röð milli landshlutanna (Mynd 13). Þá var V-Húnavatnssýsla meðal þeirra landshluta sem höfðu lægsta starfshlutfall og/eða atvinnuþátttöku (Mynd 14).

5.6.15 A-HÚNAVATNSSÝSLA

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna liggja styrkleikar ⁸² A-Húnavatnssýslu í búsetuskilyrðum sem flokkast til innviða ⁸³ og sveitarfélagsins ⁸⁴. Það fengu reyndar engir þættir hinar eftirsóttu bláu einkunnir ⁸⁵ en 14 þættir fengu grænar einkunnir, þar af fimm í innviðum og fimm í sveitarfélögum (Tafla 3). Þessi útkoma innviðanna var rakin til íbúða til sölu, íbúða til leigu, elliheimila, greiðrar bílaumferðar, öruggrar umferðar og í þessari röð þar sem yfirburðirnir voru þá mestir á íbúðum til sölu og síst í umferðaröryggi (sjá kafla 5.2). Þessi góða útkoma sveitarfélaganna byggir á góðri útkomu félagsheimila, leikskóla, tónlistarskóla og bókasafna en síst grunnskóla (sjá kafla 5.5). Þegar skoðaðar voru einkunnir (tölugildin) allra þáttanna 40 án tillits til flokkanna fékk friðsæld hæstu einkunnina í matinu hjá A-Hún, nálægð við fjölbreytta náttúru kom næst í röðinni og greið bílaumferð fékk þriðju hæstu einkunnina.

Annað sem telst til kosta í A-Húnavatnssýslu var frekar langur starfsaldur þeirra sem er á vinnumarkaði og þá var fólk líka hollt sínum vinnuveitanda (Mynd 10 og Mynd 11). Einhver gæti túlkað það sem vísbendingu fyrir því hvað vinnumarkaðurinn er takmarkaður eða smár á svæðinu en á móti má segja að ef fólk liði illa í sinni vinnu væri það trúlega flutt af svæðinu í stað þess að vinna áfram hjá sama vinnuveitanda. Þá var fólk í A-Húnavatnssýslu duglegt að sækja sér endurmenntun (Mynd 13).

Veikleikar

Þegar horft er til stöðu og mikilvægis búsetuskilyrða svæðisins fékk A-Húnavatnssýsla lága heildareinkunn þar sem hún lenti í 16. sæti af 19. Veikleikar á svæðinu tengjast þáttum sem

⁸² Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁸³ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁸⁴ Þarna er vísað til flokkanna fimm sem notaðir voru fyrst í temagreiningarkafnum, kafla 4.3.2: Heimilin, innviðir, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið. Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

⁸⁵ Best var að lenda í bláa kassanum, þá þeim græna, síðan gula og verst í þeim rauða (Mynd 152).

flokkast til heimilanna⁸⁶. Fimm þættir fengu rauða einkunn í stöðu- og mikilvægisgreiningunni. Þrír þeirra teljast til heimilanna. Það voru þættirnir möguleikar til eigin atvinnureksturs, úrval atvinnu og framfærslukostnaður (sjá kafla 5.1). Þá fengu allir hinir þættirnir fimm úr heimilisflokknum gula einkunn, sem er slæmt. Í samfélagsflokknum⁸⁷ fengu sjö þættir af átta gula einkunn og er hann því næst veikasti flokkur A-Húnavatnssýslu. Þegar litið var til umsagnar allra 40 búsetuskilyrðanna, fékk úrval atvinnu verstu einkunnina, þá framfærslukostnaður og möguleikar til eigin atvinnureksturs fékk þriðju verstu einkunnina.

A-Húnavetningar mældust með þeim lægstu á hamingjuskalanum en á móti má segja að ekki var mikill munur á milli þeirra sem mældust þar lægstir og þeirra sem mældust þar hæstir (Mynd 5). Enn fremur mældust A-Húnavetningar mjög lágir í afstöðu sinni gagnvart eigin sveitarfélagi (Mynd 6). Þá mældust þeir lægstir þegar spurt var hvort fólk teldi gott eða slæmt að búa í landshlutanum (Mynd 7) og voru þeir íbúa líklegastir til að flytjast brott (Mynd 8).

Þá kom einnig fram að vinnusóknarsvæði A-Húnavatnssýslu er eitt hið víðfeðmasta á landinu (Mynd 9). Einnig mældist landshlutinn með menntunarstig fyrir neðan meðaltal (Mynd 12).

5.6.16 SKAGAFJARÐARSÝSLA

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lenti Skagafjarðarsýsla í fyrsta sæti af 19 (Tafla 2). 23 þættir af 40 fengu hæstu einkunn⁸⁸. Samkvæmt því liggja styrkleikar⁸⁹ landsvæðisins í þáttum sem tengjast ríkinu⁹⁰, samfélaginu⁹¹ og jafnvel heimilunum⁹² (Tafla 3). Sjö þættir ríkisins fengu hæstu einkunn en það voru almenningssamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana (sjá kafla 5.3). Þá fengu líka sjö þættir samfélagsins⁹³ hæstu einkunn. Það voru tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, gott mannlíf, menning, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af

⁸⁶ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

⁸⁷ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

⁸⁸ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁸⁹ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

⁹⁰ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

⁹¹ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

⁹² Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

⁹³ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

erlendum uppruna (sjá kafla 5.4). Skagafjarðarsýsla fékk fjórar bláar einkunnir í flokknum heimilin. Það var fyrir atvinnuúrval, atvinnuöryggi, þjónustu við fólk í fjárhagsvanda og vöruúrval (sjá kafla 5.1). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk almennt öryggi hæstu einkunnina í Skagafjarðarsýslu í þessari greiningu, gott mannlíf þá næsthæstu og umferðaröryggi fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar svæðisins eru miðlungi ánægðir með sveitarfélagið sitt (Mynd 6) og eru með þeim ólíklegustu til að flytjast brott (Mynd 8) jafnvel þó þeir séu ekkert alltof ánægðir með að búa þar eins og síðar verður vikið að.

Skagfirðingar sækja ekki vinnu um langan veg þar sem landshlutinn telst hafa næstminnsta vinnumarkaðinn m.t.t. víðfeðmis (Mynd 9). Þá hafa Skagfirðingar mestu starfsreynslu allra þátttakenda (Mynd 10 og Mynd 11). Að auki lenti landsvæðið í þriðja efsta sæti þegar spurt var um menntun (Mynd 12) og íbúarnir með þeim duglegri við endurmenntun og þess háttar iðju (Mynd 13). Að síðustu voru íbúarnir með þeim iðnustu á vinnumarkaði og lagði fólk til sveita heldur meira á vogarskálarnar en þéttbýlisbúar (Mynd 14).

Veikleikar

Skagafjarðarsýsla fékk fjórar rauðar einkunnir í flokknum heimilin. Það kemur á óvart því hinir fjórir þættir flokksins fengu bláar einkunnir svo þessi flokkur er mjög klofinn. Það var fyrir möguleika á eigin atvinnurekstri, framfærslukostnað, launatekjur og vöruverð (sjá kafla 5.1). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu launatekjur verstu einkunnina í Skagafjarðarsýslu, leiguíbúðir næstverstu og vöruverð þriðju verstu einkunnina.

Skagafjarðarsýsla lenti rétt undir meðallagi í umsögn íbúanna yfir hamingju sína og var þar nánast enginn munur á milli kynja, aldurshópa eða hvort fólk bjó í sveit eða þéttbýli (Mynd 5). Þá töldu íbúarnir Skagafjarðarsýslu landshlutann ekki eins heppilegan til búsetu og aðrir þátttakendur gerðu um sinn (Mynd 7).

5.6.17 ÁRNESSÝSLA

Styrkleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lentu 15 þættir af 40 í sterkasta einkunnarflokknum⁹⁴. Samkvæmt því liggja styrkleikar⁹⁵ landsvæðisins í þáttum sem tengjast

⁹⁴ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

⁹⁵ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rötgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

sveitarfélaginu⁹⁶ og heimilunum⁹⁷. Fjórir þættir, sem flokka má til sveitarfélaga, komu svona vel út en það voru bókasöfn, grunnskólinn, tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar og leikskóli (sjá kafla 5.5). Möguleikar til eigin atvinnureksturs, framfærslukostnaður og vörúrfall voru þeir þrír þættir er tengjast heimilunum sem komu vel út í þessum samanburði (sjá kafla 5.1). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk farsímasamband hæstu einkunnina í Árnessýslu í þessari greiningu, nettengingar komu næst í röðinni og tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar fékk þriðju hæstu einkunnina.

Árnesingar voru meðal þeirra jákvæðustu í garð síns sveitarfélags í þessari könnun (Mynd 6). Þá kom Árnessýsla einnig vel út úr spurningunni: *Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa í landshlutanum?* Þar voru þeir með fjórðu hæstu einkunn og lítill munur á því hvort fólk var ungt eða gamalt, karl eða kona eða bjó í sveit eða þéttbýli (Mynd 7). Enn fremur voru fáir sem hugðust flytjast brott á næstu tveimur árum, borið saman við aðra landshluta (Mynd 8).

Þegar kom að þáttum, sem tengjast vinnumarkaðnum, mældist menntunarstig hvergi hærra en í Árnessýslu í þessari könnun (Mynd 12) og Árnesingar eru duglegastir við að sækja sér endurmenntun (Mynd 13). Þarna standa konur sig betur en karlar og fólk í sveitum er duglegra við að sækja sér endurmenntun en þéttbýlisfólk. Að síðustu var starfshlutfall yfir meðallagi í Árnessýslu (Mynd 14).

Veikleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna lenti Árnessýsla í 13. sæti af 19. Innviðir⁹⁸ og samfélagið⁹⁹ eru þeir greiningarflokkar sem komu verst út í stöðu- og mikilvægisgreiningunni þar sem fimm af átta þáttum beggja flokka fengu rauða einkunn (Tafla 3). Á heildina litið fengu 15 þættir af 40 rauða einkunn. Íbúðir til sölu, aðgengi að fjölbreyttri náttúru, greið bílaumferð, umferðaröryggi og almennt öryggi voru þættir í flokknum innviðir sem fengu þessa útreið (sjá kafla 5.2). Reyndar komu íbúðir til sölu og almennt öryggi best út af þessum fimm. Þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, menning og þjónusta við útlendinga voru þeir þættir samfélagsins sem fengu rauða einkunn (sjá kafla 5.4). Þá var þátturinn gott mannlíf næstum því talinn meðal þeirra sem lenti í versta einkunnarflokknum. Engin munur var á afstöðu þátttakenda til friðsældar eftir því hvort þeir bjuggu í sveit eða þéttbýli, voru ungir eða eldri eða konur eða karlar (Mynd 32). Þegar litið var til einkunna (tölugildanna) allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, án tillits til flokkunar, fengu íbúðir til sölu verstu einkunnina, þjónusta við aldraða næstverstu og dvalarheimili fékk þriðju verstu einkunnina.

⁹⁶ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

⁹⁷ Þarna er vísað til flokkanna fimm sem notaðir voru fyrst í temagreiningarkafalanum, kafla 4.3.2: Heimilin, innviðir, ríkið, samfélagið og sveitarfélagið. Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vörúrfall/þjónustuval og vöruverð.

⁹⁸ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

⁹⁹ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglíngastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

Árenessýsla kom ekkert sérstaklega vel út úr spurningunni „*hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10*“ þar sem hún var nokkuð undir meðallagi (Mynd 5). Eins og víða annars staðar var unga fólkið í Árenessýslu eitthvað óhamingjusamara en aðrir íbúar.

Helstu veikleikar aðrir eru að svo virðist sem Árnesingar sæki vinnu um langan veg og þeirra vinnusóknarsvæði sé því stórt (Mynd 9). Þetta virðist frekar eiga við íbúa í þéttbýli, karla og eldra fólk. Þá var starfsaldur heldur lágur í landfræðilegum samanburði (Mynd 10 og Mynd 11) en eins og áður hefur verið vikið að kann það að hafa jákvæðar hliðar. Starfsaldur er heldur lægri meðal þeirra sem búa í þéttbýli en dreifbýli.

5.6.18 RANGÁRVALLASÝSLA

Styrkleikar

Fimmtán þættir stöðu- og mikilvægisgreiningar búsetuskilyrðanna fengu hæstu mögulegu einkunn¹⁰⁰ í Rangárvallasýslu. Þeir dreifðust reyndar á alla flokka en best kom sveitarfélagið¹⁰¹ út með fimm, samfélagið¹⁰² með fjóra og innviðirnir¹⁰³ með fjóra. Bókasöfn, félagsheimili, grunnskóli, skipulagsmál og tónlistarskóli fengu bláu einkunn undir flokknum sveitarfélög (sjá kafla 5.5). Bestu bláu einkunnina í þessum flokki fengu félagsheimili, skipulagsmál og tónlistarskóli. Nálægð við fjölbreytta náttúru, nettengingar, vegakerfi og almennt öryggi komu best út í innviðum. Þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld og gott mannlíf fengu bláu einkunn í flokknum samfélagið. Rangárvallasýsla hafnaði í 9. sæti af 19 þegar gefin var heildareinkunn fyrir alla 40 þættina (Tafla 2). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk nálægð við fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina í Rangárvallasýslu í þessari greiningu, friðsæld kom næst í röðinni og almennt öryggi fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar þessa landsvæðis lýstu því yfir að þeir væru með þeim hamingjusömustu, þar sem landshlutinn lenti í þriðja sæti (Mynd 5). Þá voru þeir frekar jákvæðir í garð sveitarfélagsins (Mynd 6). Einnig voru þeir með þeim ánægðustu í garð síns eigin landshluta og búsetu þar (Mynd 7) og einna ólíklegastir til að flytjast brott en einvörðungu íbúar Akraness og Hvalfjarðar voru ólíklegri til að flytjast brott (Mynd 8).

Þegar kom að þáttum, sem tengjast vinnumarkaðnum, skal þess fyrst getið að vinnusóknarsvæði landshlutans var miðlungi stórt (Mynd 9). Íbúar hans voru með frekar langan starfsaldur (Mynd 10 og Mynd 11) og með þeim menntuðustu í þessum landfræðilega samanburði (Mynd 12). Þá voru þeir í rúmu meðallagi duglegir við að afla sér endurmenntunar (Mynd 13) og eins hvað varðar atvinnuþátttöku (Mynd 14).

¹⁰⁰ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

¹⁰¹ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttatímabætur, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

¹⁰² Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingsstarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

¹⁰³ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

Veikleikar

Rangárvallasýsla er lík norðanverðum Vestfjörðum að því leyti að einkunnir stöðu- og mikilvægisgreiningarinnar eru aðallega bláar eða rauðar en lítið þar á milli. Flokkarnir heimilin¹⁰⁴ og ríkið¹⁰⁵ fengu flestu rauðu einkunnirnar. Í heimilisflokknum var það rakið til þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaðar, launatekna, vöruúrvals og vöruverðs (sjá kafla 5.1). Þjónusta við atvinnulausa, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi og námsmöguleikar á háskólastigi ásamt gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana voru þeir þættir ríkisins sem fengu rauða einkunn (sjá kafla 5.3). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fékk vöruverð verstu einkunnina í Rangárvallasýslu, leigubúðir þá næstverstu og vöruúrval þriðju verstu einkunnina.

5.6.19 VESTMANNAEYJABÆR

Styrkleikar

23 þættir af 40 í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu hæstu einkunn¹⁰⁶ í Vestmannaeyjum sem urðu í þriðja sæti í heildareinkunn greiningarinnar (Tafla 2). Samkvæmt greiningunni liggja styrkleikar¹⁰⁷ landsvæðisins í þáttum sem tengjast heimilunum¹⁰⁸ sérstaklega en hinir þættirnir eru sterkir líka (Tafla 3). Sjö þættir heimilanna (af átta) fengu bláa einkunn og voru það úrval atvinnu, atvinnuöryggi, þjónusta við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval og vöruverð (sjá kafla 5.1). Þess utan má segja að þeir skari fram úr öðrum landshlutum í nánast öllum tilvikum. Þar standa launatekjur og þá vöruverð sérstaklega út úr. Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40 án flokkunar, fékk nálægð við fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina í Vestmannaeyjum í þessari greiningu, almennt öryggi þá næsthæstu og gott mannlíf fékk þriðju hæstu einkunnina.

Eyjamenn skipuðu sér í hóp hamingjusömustu íbúa landshlutanna (Mynd 5) en lækkuðu nokkuð í röðinni – en voru samt yfir meðallagi – þegar spurt var um hversu jákvæðir þeir væru í garð sveitarfélagsins sjálfs (Mynd 6). Þá voru þeir í fimmta sæti, ofan frá þegar spurt var hversu gott eða slæmt það væri að búa í landshlutanum (Mynd 7).

Þegar kom að vinnumarkaðsþáttum mældist vinnusóknarsvæði Eyjamanna hið minnsta en samt furðulega stórt (Mynd 9) en það var rakið til sjómanna sem töldu vegalengdina á milli heimilis og

¹⁰⁴ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

¹⁰⁵ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

¹⁰⁶ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

¹⁰⁷ Með styrkleikum og veikleikum er átt við hlutfallslega yfirburði sbr. hina rótgrónu kenningu hagfræðinnar um þá sem rakin er til hagfræðingsins Ricardo (1817).

¹⁰⁸ Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

vinnu mjög mikla eins og útskýrt var hér að framan. Þá var starfsaldur/starfsreynsla þeirra í og yfir meðallagi (Mynd 10 og Mynd 11). Menntun íbúanna var líka með því hæsta sem mældist í könnuninni (Mynd 12) en þeir gætu hins vegar alveg verið duglegri að hugsa um endurmenntun sína (Mynd 13).

Veikleikar

Samkvæmt stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna voru 10 einkunnir af 40 rauðar. Af þessum 10 rauðu einkunnum átti ríkið¹⁰⁹ fjórar, samfélagið¹¹⁰ þrjár og sveitarfélögin þrjár (Tafla 3). Ríkið er því veikasti hlekkur Eyjamanna þó hann sjáist veikari víða annars staðar. Þá munar ekki miklu á ríkinu og hinum tveimur. Almenningsamgöngur, dvalarheimili, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana fengu þessar rauðu einkunnir ríkisins (sjá kafla 5.3). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna, fengu almenningsamgöngur verstu einkunnina í Vestmannaeyjum, gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana næstverstu og námsmöguleikar á háskólastigi þriðju verstu einkunnina.

Eyjamenn voru undir meðaltali þegar spurt var hversu líklegir þeir væru til að flytja á næstu tveimur árum (Mynd 8). Það stingur í stúf þegar horft er til annars mjög góðrar útkomu á ýmsum sviðum könnunarinnar.

Sókn í sí- og endurmenntun mældist undir meðallagi í Eyjum (Mynd 13) og atvinnuþátttaka hvergi lægri sem rekja má mest til kvenna (Mynd 14).

5.6.20 SKAFTAFELLSSÝSLUR

Styrkleikar

Ellefu þættir í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu hæstu mögulegu einkunn¹¹¹ í Skaftafellssýslum. Flestar féllu þær á þætti sem flokkast til heimilanna¹¹² í þessari skýrslu. Þetta voru möguleikar til eigin atvinnurekstrar, atvinnuúrval, atvinnuöryggi, framfærslukostnaður og launatekjur (sjá kafla 5.1). Athygli vekur hvað vinnumarkaðurinn er sterkur á svæðinu og ánægjulegt þar sem landsvæðið er mjög langt frá öðrum sterkum vinnusóknarsvæðum eins og t.a.m. höfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðinu. Skaftafellssýslur höfnuðu í 17. sæti af 19 þegar gefin var heildareinkunn fyrir alla 40 þættina (Tafla 2). Þegar horft var yfir öll búsetuskilyrðin 40, án flokkunar, fékk nálægð við fjölbreytta náttúru hæstu einkunnina á

¹⁰⁹ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

¹¹⁰ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

¹¹¹ Blá er hæsta einkunnin, græn er næsthæsta, gul er næstlægsta og rauð er lægsta (Mynd 152).

¹¹² Til heimila flokkuðust þættirnir: Möguleikar á eigin atvinnurekstri, fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, framfærslukostnaður, launatekjur, vöruúrval/þjónustuval og vöruverð.

svæðinu í þessari greiningu, atvinnuöryggi næsthæstu og gæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana fékk þriðju hæstu einkunnina.

Íbúar Skaftafellssýslna voru yfir meðallagi þegar spurt var hversu hamingjusamir þeir væru (Mynd 5). Þá voru þeir í meðallagi ánægðir með búsetu sína í landshlutanum (Mynd 7) og í meðallagi líklegir til að flytjast brott (Mynd 8).

Þegar kom að þáttum sem tengjast vinnumarkaðnum voru Skaftafellingar með frekar lítinn vinnumarkað landfræðilega (Mynd 9) og menntun þeirra var í meðallagi í þessum landfræðilega samanburði (Mynd 12). Þá voru þeir í vel rúmu meðallagi duglegir við að afla sér endurmenntunar (Mynd 13) og atvinnuþátttaka mældist hvergi hærri en í Skaftafellssýslum (Mynd 14).

Veikleikar

Skaftafellssýslur fengu 25 rauðar einkunnir af 40 sem er mikið. Það er í rauninni bara flokkurinn heimilin sem sleppur vel frá þessum einkunnum. Hinir flokkarnir fjórir fá allir sex slíkar einkunnir að einum undanskyldum, sem fékk fimm, og það var samfélagið¹¹³. Tilgreinum nú þá þætti þeirra flokka sem fengu sex rauðar einkunnir. Flokkurinn innviðir¹¹⁴ fékk rauðar einkunnir í Skaftafellssýslum fyrir þættina íbúðir til sölu, íbúðir til leigu, nettengingar, greið bílaumferð, vegakerfi og örugg umferð (sjá kafla 5.2). Fasteignamarkaðurinn og vegamál fengu hér nokkra útreið. Flokkurinn ríkið¹¹⁵ fékk rauða einkunn fyrir þættina almenningssamgöngur, dvalarheimili, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla og námsmöguleikar á háskólastigi (sjá kafla 5.3). Að síðustu fékk flokkurinn sveitarfélagið¹¹⁶ rauðar einkunnir fyrir bókasöfn, félagsheimili, grunnskóla, tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar, leikskóla og skipulagsmál (sjá kafla 5.5). Þegar litið var til umsagnar allra 40 þátta í stöðu- og mikilvægisgreiningu búsetuskilyrðanna fengu leiguíbúðir verstu einkunnina í Skaftafellssýslum, íbúðir til sölu næstverstu og vegakerfi þriðju verstu einkunnina.

Af öðrum þáttum hnjóta lesendur kannski helst um að Skaftafellingar eru frekar neikvæðir í garð sveitarfélagsins (Mynd 6) og þeir hafa óvenju stuttan starfsaldur (Mynd 10 og Mynd 11) ef horft er til fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og hversu fámennt og dreifbýlt samfélagið er.

¹¹³ Til samfélagsins flokkuðust þættirnir: Tækifæri til afþreyingar, þjónusta við aldraða, þjónusta við barnafólk, friðsæld, gott mannlíf, menningarlíf, gæði unglingastarfs og þjónusta við fólk af erlendum uppruna.

¹¹⁴ Til innviða flokkuðust þættirnir: Nettengingar, framboð á húsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið bílaumferð, vegakerfi, umferðaröryggi og almennt öryggi.

¹¹⁵ Til ríkisins flokkuðust þættirnir: Almenningsamgöngur, þjónusta við atvinnulausa, dvalarheimili aldraðra, farsímasamband, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, námsmöguleikar á háskólastigi og gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.

¹¹⁶ Til sveitarfélagsins flokkuðust þættirnir: Bókasöfn, þjónusta við fatlaða, félagsheimili, gæði grunnskóla, tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar, gæði leikskóla, skipulagsmál og tónlistarskóli.

6 VIÐAUKI

6.1 MERKINGAR BÚSETUÞÁTTA, SKILGREININGAR OG FLOKKUN

Tafla 4: Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra.

Merking í myndum	Áhrifabáttur – frekari skilgreining	Þáttarflokkun
Afþreying	Tækifæri til afþreyingar	Samfélagið
Aldraðir	Þjónusta við aldraða	Samfélagið
Almsamg	Almenningssamgöngur	Ríkið
Atvinnulausir	Þjónusta við atvinnulausa	Ríkið
Atvinnurekstur	Möguleikar á eigin atvinnurekstri	Heimilin
Atvinnuúrval	Fjölbreytni atvinnulífs	Heimilin
Atvinnuöryggi	Atvinnuöryggi	Heimilin
Barnafólk	Þjónusta við barnafólk	Samfélagið
Bókasöfn	Bókasöfn	Sveitarfélagið
Elliheimili	Dvalarheimili aldraðra	Ríkið
Farsími	Farsímasamband	Ríkið
Fatlaðir	Þjónusta við fatlaða	Sveitarfélagið
Félagsheimili	Félagsheimili	Sveitarfélagið
Fjárhagsvandi	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda	Heimilin
Framfærsla	Framfærslukostnaður	Heimilin
Framhsk	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi	Ríkið
Framhsk gæði	Gæði framhaldsskóla	Ríkið
Friðsæld	Friðsæld	Samfélagið
Grunnskóli	Gæði grunnskóla	Sveitarfélagið
Háskóli	Námsmöguleikar á háskólastigi	Ríkið
Heilsugæsla	Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana	Ríkið
Internet	Nettengingar	Innviðir
Íbúðir	Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu	Innviðir
Íþróttir	Tækifæri til íþróttatímabætur/tómstundaiðkunar	Sveitarfélagið
Launatekjur	Launatekjur	Heimilin
Leiguíbúðir	Framboð á húsnæði til leigu	Innviðir
Leikskóli	Gæði leikskóla	Sveitarfélagið
Mannlíf	Gott mannlíf	Samfélagið
Menning	Menningarlíf	Samfélagið
Náttúra	Nálægð við fjölbreytta náttúru	Innviðir
Skipulagsmál	Skipulagsmál	Sveitarfélagið
Tónlistarskóli	Tónlistarskóli	Sveitarfélagið
Umferð	Greið bílaumferð	Innviðir
Unglingastarf	Gæði unglingastarfs	Samfélagið
Útlendingar	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna	Samfélagið
Vegakerfi	Vegakerfi	Innviðir
Vöruúrval	Vöruúrval/þjónustuval	Heimilin
Vöruverð	Vöruverð	Heimilin
Örugg umferð	Umferðaröryggi	Innviðir
Öryggi	Almennt öryggi	Innviðir

6.2 SKILGREINING LANDSVÆÐA

Tafla 5: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.

Sveitarfélag	Landsvæði skýrslunnar	Landshluti
Sveitarfélagið Hornafjörður	Skaftafellssýslur	Suðurland
Vestmannaeyjabær	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Sveitarfélagið Árborg	Árnessýsla	Suðurland
Mýrdalshreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Skaftárhreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Ásahreppur	Rangársýslur	Suðurland
Rangárþing eystra	Rangársýslur	Suðurland
Rangárþing ytra	Rangársýslur	Suðurland
Hrunamannahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Hveragerðisbær	Árnessýsla	Suðurland
Sveitarfélagið Ölfus	Árnessýsla	Suðurland
Grímsnes- og Grafningshreppur	Árnessýsla	Suðurland
Skeiða- og Gnúperjahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Bláskógabyggð	Árnessýsla	Suðurland
Flóahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Bolungarvík	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Ísafjarðarbær	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Reykhólahreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Tálknafjarðarhreppur	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Vesturbyggð	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Súðavíkurhreppur	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Árneshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Kaldrananeshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Strandabyggð	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Akranesi	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Borgarbyggð	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Dalabyggð	Dalir	Vesturland
Eyja- og Miklaholtshreppi	Snæfellsnes	Vesturland
Grundarfjarðarbæ	Snæfellsnes	Vesturland
Hvalfjarðarsveit	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Skorradalshreppi	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Snæfellsbæ	Snæfellsnes	Vesturland
Stykkishólmsbæ	Snæfellsnes	Vesturland
Helgafellssveit	Snæfellsnes	Vesturland
Sveitarfélagið Skagafjörður	Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra
Akrahreppur	Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra
Húnaþing vestra	V-Húnavatnsýsla	Norðurland vestra
Blönduóssbær	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Sveitarfélagið Skagaströnd	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Skagabyggð	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Húnavatnshreppur	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Grindavíkurbær	Grindavíkurbær	Suðurnes
Reykjanesbær	Reykjanesbær	Suðurnes
Sandgerði	Sandgerði	Suðurnes
Sveitarfélagið Garður	Sveitarfélagið Garður	Suðurnes
Sveitarfélagið Vogar	Sveitarfélagið Vogar	Suðurnes

6.3 SPURNINGAR KÖNNUNARINNAR

Spurningar könnunarinnar voru 18

1. Kyn
2. Í hvaða sveitarfélagi býrðu?
3. Býrðu í bæ eða sveit?
4. Hvaða ár fæddist þú?
5. Hver er hjúskaparstaða þín?
6. Eru börn (yngri en 18 ára) á heimilinu?
7. Hversu mörg börn eru á heimilinu?
8. Hvað hefur þú búið lengi í sveitarfélaginu samtals (í árum talið)?
9. Hvert er fæðingarland þitt?
10. Hvað hefur þú búið lengi á Íslandi?
11. Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi?¹¹⁷
12. Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa á Suðurlandi?
13. Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Suðurlandi á næstu tveimur árum?
14. Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum til annars sveitarfélags á Suðurlandi á næstu tveimur árum?
15. Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?*
16. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
17. Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf?
18. Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar (í kílómetrum talið, u.þ.b.)?
19. Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf?
20. Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi (ár)?
21. Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)?
22. Hvert er starfshlutfall þitt?
23. Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði? Átt er við allar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki fjármagns-, leigutekjur eða barnabætur og aðrar bætur.
24. Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.
25. Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum?
26. Hefur þú nýtt þér ráðgjafapjónustu á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar sl. tvö ár?
27. Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 1 til 10 þegar þú horfir til allra þátta í lífi þínu?
28. Ert þú í vanskilum?
29. Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?
30. Hver (-jar) er helsta (-u) ástæða (-ur) fyrir viðhorfi þínu í spurningunni á undan?
31. Er það eitthvað sem þú vilt láta koma fram að lokum?

¹¹⁷ Undirþættir þessarar spurningar og spurningar 15 voru síðan þeir 40 sem koma fram í viðauka 8.1

6.4 STÆRÐ ÚRTAKS MEÐ TILLITI TIL ÞÝÐIS

Tafla 6: Stærð úrtak og þýðis

Stærð þýðis	Minnsta úrtak sem gefur öryggismörk 95% og öryggisbil +/-2-5%	
	+/-5%	+/-2%
Óendanleg	384	2.401
10.000.000	384	2.400
5.000.000	384	2.400
1.000.000	384	2.395
500.000	384	2.390
100.000	383	2.345
50.000	381	2.291
25.000	378	2.191
20.000	377	2.144
10.000	370	1.936
5.000	357	1.622
2.000	322	1.091
1.000	278	706
500	217	414
200	132	185
100	80	96
50	44	49

Heimild: (Veal, 2006).

7 HEIMILDASKRÁ

- Gelman, A., & Geurts, H. M. (2017). The statistical crisis in science: how is it relevant to clinical neuropsychology? *The Clinical Neuropsychologist*, 31(6-7), 1000-1014.
doi:10.1080/13854046.2016.1277557
- Gelman, A., & Loken, E. (2014). The statistical crisis in science. *American scientist*, 102(6), 460-465.
Sótt af: <http://www.stat.columbia.edu/~gelman/research/published/ForkingPaths.pdf>
- McGuigan, J. R., Moyer, R. C., & Harris, F. H. (1999). *Managerial Economics: Applications, Strategy and Tactics* (8 ed.). Cincinnati, Ohio: South-Western College Publishing.
- Mill, J. S. (2011). *Nytjastefnan* (G. Ragnarsson, Trans. 4 ed.). Reykjavík: Hið íslenska Bókmenntafélag.
- Ricardo, D. (1817). *The principles of political economy and taxation*. London: John Murray.
- Sjaastad, L. A. (1962). The costs and returns of human migration. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 80-93.
- Varian, H. R. (1992). *Microeconomic Analysis*. New York: W.W. Norton & Company.
- Veal, A. J. (2006). *Research methods for leisure and tourism: A practical guide* (Vol. 3). Harlow, UK: Pearson Education.
- Vífill Karlsson. (2012). *Transportation improvement and interregional migration*. (Ph.D.), University of Iceland, Reykjavík.
- Vífill Karlsson. (2013). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, 0(0), 1-24.
- Vífill Karlsson. (2015). Börn í sveitum á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 15(1), 1-21. Sótt af: http://ssv.is/Files/Skra_0073188.pdf
- Vífill Karlsson. (2017). *Íbúakönnun á Vesturlandi 2016: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi*. Sótt af: http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf